


Halldór **skoðun** 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Starfsmennt





HAGKAUPS FJÓRBLÖÐUNGUR
fylgir með fréttablaðinu í dag!






# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
16. september 2010
217. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000


# Kærður fyrir tuttugu kynferðisbrot á löngu árabili

**Kynferðisbrotamál gegn hálfáttræðum manni bíður meðferðar Hæstaréttar. Sýknaður í héraði fyrir brot gegn fimm ára stúlku. Skýrsla í Barnahúsi var tekin mánuði of seint. Mál nítján annarra kvenna eru fyrnd.**

**DÓMSMÁL** Nítján konur lögðu fram kærur gegn hálfáttræðum karlmanni fyrir kynferðisbrot, eftir að rannsókn hófst á meintu kynferðisbroti hans gegn fimm ára stúlkubarni í Vestmannaeyjum í fyrra.

Konurnar nítján kærðu manninn fyrir að hafa brotið kynferðislega gegn sér þegar þær voru ungar en málin reyndust öll vera fyrnd. Héraðsdómur Suðurlands sýknaði manninn í máli litlu stúlkunnar en því var áfrýjað og er það nú fyrir Hæstarétti. Það varðar meint kynferðisbrot gegn barninu í maí 2009.

Foreldrar stúlkunnar kærðu manninn til lögreglu. Honum var gefið að sök að hafa farið með stúlkubarnið inn í hús sitt og haft þar í frammi ýmsar kynferðislegar athafnir. Maðurinn neitaði sök í málinu. Hann sagði stúlkuna aldrei hafa farið inn í húsið heldur hefðu þau einungis átt orðastað utan þess. Staðfest var að maðurinn og stúlkan voru ein til frásagnar um ferðir hennar í tæpa klukkustund á þeim degi sem meint kynferðisbrot hafði átt sér stað. Stúlkan sagði föður sínum hins vegar að hún hefði verið í húsinu hjá manninum á þeim tíma.

Í skýrslu sálfræðings, sem falið var að meta andlegt ástand mannsins, kom fram að hann hafði greint manninn með barnahneigð. Kærurnar nítján sem bárust á manninn eftir að rannsókn málsins fór af stað voru mjög líkar og lýstu mjög líkum aðstæðum og hegðun hans gagnvart stúlkubörnum. Ein þeirra kvenna sem lögðu fram kæru var sonardóttir mannnsins, en það mál reyndist vera nýlega fyrnt. Hann kannaðist í viðtali hjá sálfræðingnum við atvik árið 1995, þegar hún var fimm ára og var í pössun hjá honum. Maðurinn sagði barnið hafa átt upptökin meðan hann dottaði fyrir framan sjónvarpið.

Maðurinn var sýknaður í sumar í Héraðsdómi Suðurlands, en ríkissaksóknari áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar, þar sem málið bíður meðferðar. **- jss**

## Sýknaður í Héraðsdómi Suðurlands

Héraðsdómur lagði til grundvallar að litla stúlkan sem maðurinn var grunaður um að hafa brotið gegn hefði ekki verið látin gefa dómskýrslu í Barnahúsi fyrr en rúmum mánuði eftir meint brot. Í millitíðinni hefði hún meðal annars ítrekað verið yfirheyrð hjá sálfræðingi. Málsmeðferðin rýrði sönnunargildi vitnisburðar barnsins og sönnunargögnum væri ekki til að dreifa.



**Til heiðurs Völu Flosa**
*Bronsleikar ÍR eru haldnir í dag þar sem tíu ár eru liðin síðan Vala Flosadóttir fékk bronsið.*
**tímamót** 20

**Konunglegar móttökur**
*Strákunum í Diktu var vel tekið í Þýskalandi.*
**fólk** 38



**Arsenal fór á kostum**
*Ensku liðin Chelsea og Arsenal unnu stórsigra í Meistaradeildinni í gær.*
**sport** 32

**veðrið í dag**




**VÍÐA BJART** Í dag verður víðast fremur hæg N-átt en strekkingur suðaustast. Víða bjartviðri en dálítil væta NA-til. Hiti 4-15 stig.
**VEÐUR** 4



**HAUST VIÐ GRÓTTU** Landsmenn hafa orðið áþreifanlega varir við að haustið er komið undanfarna daga, en alvöru útivistarmenn láta ekki rokið stöðva sig frá því að fá sér göngutúr. Útlit er fyrir fallegt haustveður víðast hvar á landinu þegar líða tekur að helginni og væntanlega margir sem vilja njóta haustsins meðan færi gefst.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fallið frá skipulagstillögu:

## Ekkert KFC á Akureyri í bráð

**AKUREYRI** Skipulagsnefnd Akureyrarbæjar féll frá tillögu að nýju deiliskipulagi á svonefndum Drottningarbrautarreit.

Akureyrarbær ákvað í maí að auglýsa tillögu að nýju skipulagi fyrir reitinn, sem er í miðbæ Akureyrar.



Til stóð að byggja þar meðal annars veitingastaðinn KFC. Tæpar 2.000 undirskriftir söfnuðust til mótmæla og segir Helgi Snæbjarnarson, formaður skipulagsnefndar, að fallið hafi verið frá tillögunni meðal annars vegna þess.

„Við fengum þetta skipulag í arf frá fyrri meirihluta og viljum nú fá mun heildstæðari mynd á sjálfan reitinn,“ segir Helgi. Ekkert hefur verið ákveðið hvernig skipulagi reitsins skuli háttað. **- sv**

Ekki náðust samningar við viðskiptabanka um skuldir Capacent á Íslandi:

## Starfsfólk tekur yfir reksturinn

**VIÐSKIPTI** Hópur starfsmanna Capacent hefur eignast fyrirtækið eftir að móðurfélagi þess mistókst að semja við viðskiptabanka sinn um niðurfellingu á erlendu láni. Aðrir starfsmenn fyrirtækisins munu á næstu dögum fá tækifæri til að eignast hlut í félaginu.

„Þetta er mikið áfall fyrir okkur, þetta var síðasti kosturinn í stöðunni,“ segir Ingvi Þór Elliðason, forstjóri Capacent á Íslandi. Hann segir markmiðið að rekstur fyrirtækisins haldi áfram, starfsfólkið haldi vinnunni, birgjar fái greitt og viðskiptavinir fái þjónustu.

Ekki náðist samkomulag við viðskiptabanka félagsins um niðurfellingu á erlendu láni sem tekið var til að fjárfesta í fyrirtækjum í Danmörku og Svíþjóð. Lánið, sem er í erlendri mynt, var um 700 milljónir þegar það var tekið árið 2007 en hefur hækkað verulega síðan. Félag starfsmannanna mun taka yfir skuldbindingar félagsins, fyrir utan umrætt lán.

„Aðalverðmæti fyrirtækisins er starfsfólkið sjálft, og með þessu tryggjum við að reksturinn haldi áfram með óbreyttu sniði,“ segir Ingvi. Hann segir að leggja verði félaginu til nýtt rekstrarfé, en reksturinn hafi verið réttum megin við núllið undanfarið, þrátt fyrir erfitt efnahagsástand. **- bj**










## SPURNING DAGSINS



*Gísli, ertu nokkuð haldinn trjáhyggju?*

Ég vil alla vega hvorki vera eintrjáningur né trénaður.

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi hefur á vef sínum vakið athygli á fjölbreyttum trjágróðri í Reykjavík.

Fyrrum biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi sakaður um kynferðisbrot:

# Tveir kæra misnotkun presta

**HOLLAND** Fyrrum biskup kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, Johannes Gijsen, hefur verið sakaður um kynferðislega misnotkun. Fjölmiðlar erlendis fjölluðu um málið í gær og eiga atburðirnir að hafa átt sér stað þegar Gijsen var kennari í Rolduc, kaþólskum skóla í Hollandi, á 6. og 7. áratugnum.

Eftir hrinu ásakana um misnotkun innan kaþólsku kirkjunnar víðs vegar í heiminum hóf kirkjan í Hollandi að skoða mál þar í landi. Að minnsta kosti 1.600 ásakanir hafa verið skráðar, en Gijsen er hæst setti presturinn sem sakaður hefur verið um brot. Tveir menn hafa sakað fyrrum biskup um kynferðislega misnotkun og segja þeir að hann, ásamt öðrum presti, hafi misnotað þá margsinnis á herbergi þeirra í Rolduc. Annar maðurinn fer ekki fram á skaðabætur heldur að Gijsen gangist við brotum sínum og biðjist afsökunar. Saksóknarar og rannsóknarmenn innan hollensku kirkjunnar rannsaka nú málið en Gijsen, sem er 78 ára, harðneitar sök.

Johannes Gijsen var kaþólskur biskup á Íslandi á árunum 1996 til 2007. - sv



**JOHANNES GIJSEN** Fyrrum biskup við sálumessu í Landakotskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fundi með Ingibjörgu frestað:

## Vilja hitta alla ráðherrana

**STJÓRNMÁL Fundi þingflokks Samfylkingarinnar með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, fyrrum formanni flokksins, sem vera átti í gærkvöldi var frestað. Skúli Helgason, varaformaður þingflokksins, segir að fundurinn verði haldinn í kvöld.**

**Hann segir þingmenn hafa óskað eftir því að fá fyrst fund með sérfræðingum sem þingnefnd sem fjallaði um ákærur á hendur fjórum ráðherrum studdist við. Hinum þremur ráðherrunum hefur verið boðið á fund.** - bj

Nýr listgagnrýnandi:

## Ragna skrifar um myndlist

**MENNING Ragna Sigurðardóttir myndlistarrýnir er gengin til liðs við Fréttablaðið.**



RAGNA SIGURÐARDÓTTIR

**Ragna er menntaður myndlistarmaður frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Jan van Eyck Akademie í Hollandi. Hún hefur starfað sem myndlistarmaður og rithöfundur og skrifaði greinar um myndlist og myndlistargagnrýni fyrir Morgunblaðið frá 2002 og þar til í vor. Þá hefur hún starfað við Listaháskóla Íslands og leggur nú stund á nám í listfræði við Háskóla Íslands.**

**Ragna skrifar sína fyrstu grein fyrir Fréttablaðið í dag, umfjöllun um sýninguna Með viljann að vopni á Kjarvalsstöðum.** - bs / sjá síðu 28

Össur um ummæli forsetans:

## Hefði mátt orða öðruvísi

**STJÓRNMÁL** Það eina sem vakti fyrir forseta Íslands þegar hann svaraði spurningum um Evrópusambandið og Icesave í Kína var að tjá tilfinningar margra Íslendinga, segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra.

„Hann hefði mátt orða þetta með öðrum hætti,“ segir Össur, en bendir á að forseti Íslands hafi málfrelsi eins og aðrir.

Össur segir jafnframt afar skýrt að það sé ríkisstjórn Íslands en ekki forsetinn sem móti utanríkisstefnuna. Stefnan þar sé mjög skýr, og hafi Alþingi ákveðið að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. - bj

# Gagnaveitan greiði vexti af láni frá OR

**Póst- og fjarskiptastofnun átelur stjórnendur Gagnaveitunnar fyrir að semja um vaxtalaust lán frá Orkuveitu Reykjavíkur við aðskilnað fyrirtækjanna. Til greina hefði komið að beita stjórnvaldssektum hefði stofnunin heimild til þess.**

**FJARSKIPTAMÁL** Gagnaveitu Reykjavíkur ber að greiða eðlilega vexti af láni Orkuveitu Reykjavíkur til fyrirtækisins samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar sem birt var í gær.

Stofnunin átelur Gagnaveituna fyrir að fara ekki að skýrum fyrirmælum hennar. Í ákvörðun stofnunarinnar segir að til greina hefði komið að beita Gagnaveituna stjórnvaldssekt fyrir þessa háttsemi hefði stofnunin haft lagaheimild til þess.

Lán Orkuveitunnar til Gagnaveitunnar er til komið vegna færslu eigna til Gagnaveitunnar við aðskilnað fyrirtækjanna, sem Póst- og fjarskiptastofnun mælti fyrir um. Stofnunin yfirfór samning um aðskilnað fyrirtækjanna, þar sem Orkuveitan lánaði Gagnaveitunni á móti eignum sem runnu inn í Gagnaveituna. Í upprunalegum samningi var kveðið á um vexti, en Póst- og fjarskiptastofnun taldi að stytta þyrfti lánstímann til að lánið teldist ekki niðurgreiðsla Orkuveitunnar á fjarskiptastarfsemi Gagnaveitunnar.

Breyta þurfti lánasamningi fyrirtækjanna verulega, og inn í breyttan samning slæddist ákvæði um að lánið til Gagnaveitunnar skyldi vera vaxtalaust á lánstímanum, að því er fram kemur í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Í niðurstöðum stofnunarinnar segir að þarna hafi verið gengið þvert á skýr fyrirmæli hennar. Með þessu hafi einnig verið brotið gegn ákvæði laga um fjarskipti þar sem lagt er bann við því að samkeppnisrekstur fjarskiptafyrirtækja sé niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi.



**LJÓSLEIÐARAVÆÐING** Gagnaveita Reykjavíkur hefur á undanförnum árum lagt ljósleiðara inn á heimili víða á höfuðborgarsvæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Höfnuðu kröfu um að leyna ákvörðun

Forsvarsmenn Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) óskuðu sérstaklega eftir því að ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) vegna láns Orkuveitu Reykjavíkur til Gagnaveitunnar yrði ekki birt opinberlega á vef stofnunarinnar.

Við því var ekki orðið, og í svari stofnunarinnar, sem þykir nokkuð harðort, segir meðal annars: „PFS getur ekki orðið við kröfu GR um að ákvörðun þessi verði ekki birt opinberlega þar sem stofnunin stundar opna og gagnsæja stjórnsýslu í samræmi við meginreglur stjórnsýsluréttar […]. Hins vegar gefst félaginu tækifæri á að gera tillögu að útstrikunum trúnaðarupplýsinga áður en PFS birtir ákvörðun þessa öðrum en GR.“

Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar segir að líta verði þessa hegðun stjórnenda fyrirtækisins alvarlegum augum. Stjórnendurnir geti ekki borið fyrir sig misskilning eða andvaraleysi gagnvart skýrum fyrirmælum stofnunarinnar.

Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar kemur fram að Gagnaveitan hafi þegar brugðist við með því að greiða áfallna vexti af láninu. Þar er áréttað að áfram skuli greiða vexti út lánstímann.

brjann@frettabladid.is

Niðurstaða starfshóps kynnt:

## Magma rætt í ríkisstjórn

**STJÓRNMÁL** Starfshópur sem stjórnvöld skipuðu til að meta lögmæti kaupa sænsks dótturfyrirtækis kanadíska fyrirtækisins Magma Energy á HS orku hefur skilað niðurstöðu sinni.

Hrannar Björn Arnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, segir að niðurstaða hópsins verði kynnt á fundi ríkisstjórnarinnar á morgun. Mögulega vilji stjórnvöld fjalla nánar um málið eftir fundinn, en annars verði niðurstaðan væntanlega gerð opinber á föstudaginn.

Nefndin átti bæði að meta hvort kaupin stæðust íslensk lög jafnt sem samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. - bj

Hótanir í garð feðga frá Kúbu:

## Grunuðum sleppt úr haldi

**LÖGREGLUMÁL Maður á fertugsaldri sem setið hafði í gæsluvarðhaldi frá því á mánudag vegna gruns um aðild að atlögu sem gerð var á heimili feðga sem ættaðir eru frá Kúbu var látinn laus úr haldi í gærkvöldi.**

**Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður mannsins, staðfestir að lögregla hafi látið manninn lausan, en hann hafði verið úrskurðaður í varðhald fram á föstudag.**

**Sveinn segir lögreglu hafa lokið yfirheyrslum yfir manninum og látið hann lausan að þeim loknum, en að sínu mati hafi aldrei verið ástæða til að hneppa hann í gæsluvarðhald.** - bj

**VIÐSKPTI**

### Arion hagnast um milljarða

Hagnaður Arion banka samkvæmt könnuðum árshlutareikningi fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2010 nam 7,9 milljörðum króna eftir skatta samkvæmt tilkynningu frá bankanum. Arðsemi eiginfjár á tímabilinu var 17,7% á ársgrundvelli.




Sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins vilja nánari rannsóknir á snjóframleiðslu:

# Veður og vatnsvernd ráða úrslitum

**SVEITARFÉLÖG** „Það þarf meðal annars að skoða betur hvort það eru veðurfarsleg skilyrði fyrir snjóframleiðslu áður en hægt er að taka afstöðu í málinu,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, formaður bæjarráðs í Hafnarfirði, um þá hugmynd að styrkja rekstur skíðasvæðanna í Bláfjöllum og Skálafelli með snjóframleiðslu.

Tólf sveitarfélög eiga aðild að Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins sem lagt hafa fram kostnaðaráætlun upp á samtals 768 milljónir vegna fyrirhugaðrar framleiðslu á snjó.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) ræddi málið á fundi í ágúst. Í ályktun stjórnarinnar var meðal annars vísað til þess að heilbrigðisnefnd treystir sér ekki að svo stöddu til að samþykkja snjóframleiðsluna fyrir sitt leyti vegna mögulegra áhrifa hennar á vatnsból.

Í minnisblaði sem lagt var fyrir stjórn SSH voru útlistaðar niðurstöður athugana á gögnum úr veðurstöð í Bláfjöllum á fimm ára tímabili. Kannaðir voru möguleikar á snjóframleiðslu að teknu tilliti til hitastigs og vindhraða. „Mjög góðar framleiðsluaðstæður eru til staðar til að framleiða nothæft lag allt að 6 sinnum yfir veturinn að jafnaði,“ segir meðal annars í minnisblaðinu.

Stjórn SSH segir hins vegar að „þetta“ þurfi mat á veðurfarslegum upplýsingum. Sömuleiðis mat á „mögulegum ávinningi við að ráðast í þá fjárfestingu sem tillaga stjórnar skíðasvæðanna felur í sér“. - gar



Áætla 768 milljónir í snjóframleiðslutæki

Stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins vill fá 768 milljónir króna í snjóframleiðslutæki í Bláfjöll og Skálafell. Sveitarfélögin hika en skíðamenn segja að tryggja þurfi nægan snjó. Ein vinsælasta fjölskylduíþrótt landsmanna sé í húfi.

SVEITARFÉLÖG „Skíðaíþróttin er ein besta fjölskylduíþrótt sem völ er á,“ segir stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins sem vill að aðildarsveitarfélögin verji samtals 768 milljónum í snjóframleiðslutæki í Bláfjöll og Skálafelli.

Í erindi stjórnar Skíðasvæðanna frá því í júní til sveitarfélaganna tólf sem aðild eiga að skíðasvæðunum kemur fram að unnin hafi verið kostnaðaráætlun sem miðist við að hægt sé að koma snjóframleiðslutækjunum upp í fjórum áföngum. Fyrsti áfangi myndi kosta 263 milljónir króna og fela í sér tæki í Kóngsgili og í byrjendabrekku í Bláfjöllum. Annar áfangi yrði í Skálafelli og kostaði 273 milljónir. Þriðji áfanginn fæli í sér tæki á suðursvæði Bláfjalla þar sem kostnaður yrði 150 milljónir króna. Lokaáfanginn, á 82 milljónir, yrði í Eldborg í Bláfjöllum.

DILJÁ ÁMUNDADÓTTIR

Diljá Ámundadóttir frá Besta flokknum er fulltrúi Reykjavíkur í stjórn Skíðasvæðanna og nýr formaður stjórnarinnar. Þegar leitað var eftir upplýsingum frá Diljá í gær sagðist hún „að sjálfsögðu“ hafa skoðun á málinu en að hún vildi „síður vilja ræða“ það fyrr en að loknum sínum fyrsta stjórnarfundi eftir helgi.

Stjórn Skíðasvæðanna legg...

BLÁFJÖLL Vegna snjóleysis hefur suma vetur aðeins verið opið í fimm daga á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins. Mikið fjör var í fyrstu opnun ársins 2010 í Bláfjöllum. Það var 1. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

til 130 daga samtals en aðra aðeins fimm daga,“ segir í bréfi stjórnarinnar sem bendir á að frá því að snjóframleiðsla hófst á skíðasvæði Akureyrar fyrir sex árum hafi gestum fjölgað jafnt og þétt.

Auk þess sem opnunartími skíðasvæðanna myndi aukast til muna er bent á að nýting fastafjármuna yrði betri og reksturinn stöðugri með snjóframleiðslunni.

„Raunsætt er að opna svæðið á tímabilinu 1. til 15. desember ár hvert. Möguleiki er að hafa opið...

Suma vetur hefur verið opið í 120 til 130 daga samtals en aðra aðeins fimm daga.

ÚR BRÉFI STJÓRNAR SKÍÐASVÆÐANNA

og að lokum er tryggt að eiga alltaf nægan snjó um páska,“ segir stjórnin í bréfinu.

Því er beint til sveitarfélaganna að framkvæmdir hefjist sem fyrst. „Eitt vinsælasta fjölskyldusport landsins er í húfi,“ segir stjórnin.

Eftir því sem næst verður komist hefur ekkert sveitarfélaganna tólf afgreitt erindi Skíðasvæðanna. Málið hefur til dæmis verið tekið fyrir í bæjarráði Kópa...

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Stjórn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins vill fá snjóframleiðslutæki fyrir framtíð skíðaíþróttarinnar á svæðinu.

# ÚTSALA ÁRSINS!

## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

**ÖLL LJÓS 20-70% AFSLÁTTUR**





Flott parket á frábæru verði

**1.199 kr/m²** ~~1.690 kr/m²~~

**Plastparket**
3ja stafa Eik eða Hnota
146956-7

## RÝMINGARSALA FLÍSAR aðeins 3 verð

**VERÐFLOKKUR 1**
**990 kr/m²**



Veggflís
Negro Azarbache,
23,5x33 sm
8613060

**VERÐFLOKKUR 2**
**1.990 kr/m²**



Veggflís
Berlin Beige,
33x60 sm
8613079

**VERÐFLOKKUR 3**
**2.990 kr/m²**



Veggflís
Magma Blanco,
33x33 sm
8610356

frostþolnar á svalirnar




10 ltr.

**4.995,-** ~~7.499,-~~

**Innimálning**
10 ltr. gljástig 10.
7119961

**RAFTÆKI 15-50% AFSLÁTTUR**



**89.900,-** ~~109.900,-~~

5 ára ábyrgð

Electrolux
Þvottavél
1400 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805446

tekur 7kg | 1400 snúninga

**ÖLL BÚSÁHÖLD 20-50% AFSLÁTTUR**



4 stk í pakka

**1.999,-** ~~4.999,-~~

**ALLAR VATNSKLÆÐNINGAR 25% AFSLÁTTUR**



**2.190 kr/m²** ~~2.990 kr/m²~~

**Vatnsklæðning**
Kúpt 21x110mm
50900

**ALLUR PANILL 25% AFSLÁTTUR**



**1.590 kr/m²** ~~2.135 kr/m²~~

**Grenipanill**
12 x 87 mm
55600

**ÖLL POWERPLUS VERKFÆRI 25% AFSLÁTTUR**




**1.875,-** ~~2.499,-~~

**Stingsög Power plus**
350W
5245207

Nýjar vörur bætast við daglega!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

**GENGIÐ 15.09.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,71 | 117,27 |
| Sterlingspund | 181,04 | 181,92 |
| Evra | 151,21 | 152,05 |
| Dönsk króna | 20,303 | 20,421 |
| Norsk króna | 19,149 | 19,261 |
| Sænsk króna | 16,419 | 16,515 |
| Japanskt jen | 1,3673 | 1,3753 |
| SDR | 177,20 | 178,26 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,3937

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hótaði í tvígang tveimur lögreglumönnum lífláti:

# Með kjöthamar og kökukefli

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á þrítugsaldri fyrir Héraðsdómi Vestfjarða. Manninum er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 6. júní síðastliðins gerst brotlegur við vopnalög með því að bera kjöthamar og kökukefli sem vopn á almannafæri.

Þá er hann ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa stuttu síðar, eftir handtöku, í lögreglubifreið á leið frá Bolungarvík til Ísafjarðarbæjar, ítrekað hótað tveimur lögreglumönnum sem voru við skyldustörf, lífláti.

Enn fremur er maðurinn ákærður fyrir að hafa síðar um nóttina, á lögreglustöðinni Hafnarstræti 1, Ísafjarðarbæ, hótað sömu lögreglumönnum, sem voru við skyldustörf, lífláti.

Maðurinn játaði sök við þingfestingu málsins fyrr í vikunni. Það var dómtekið og verður dómur kveðinn upp innan fjögurra vikna frá þingfestingu. **- jss**



**ÍSAFJÖRÐUR** Verið var að flytja manninn í lögreglubíl á lögreglustöðina á Ísafirði þegar hann hótaði lögreglumönnum lífláti.

Stórfelldur sparnaður:

# Bretar skera herinn niður

**LONDON, AP** Bresk stjórnvöld undirbúa nú stórfelldan niðurskurð í útgjöldum til hernaðarmála.

Sérfræðingar telja að fækkað verði í her landsins um allt að 30.000 hermenn, en þeir eru nú 175.000. Ýmis kostnaðarsöm áform um kaup hergagna verði lögð á hilluna til að spara gríðarlegar fjárhæðir. Meðal þess sem nú er til endurskoðunar eru hugmyndir um að endurnýja kjarnorkukafbáta fyrir 3.600 milljarða króna og kaupa ný flugmóðurskip fyrir 1.000 milljarða. **- pg**

Sýkna í meiðyrðamáli:

# DV sýknað af kröfu Viggós

**DÓMSMÁL Ritstjóri, blaðamaður og útgáfufélag DV, auk hjóna sem voru viðmælendur í frétt blaðsins, hafa verið sýknuð af kröfu Viggós Sigurðssonar, fyrrverandi landsliðsþjálfara í handbolta. Viggó krafðist þess að ýmis ummæli sem hjónin létu falla um hann í blaðinu yrðu dæmd ómerk og að þau, auk fulltrúa blaðsins, greiddu honum 15 milljónir í skaðabætur.**



**VIGGÓ SIGURÐSSON**

**Fram kom í DV að hjónin hefðu kært Viggó fyrir að stela gámi af lóð þeirra. Þá hefðu þau keypt einingahús af fyrirtæki Viggós en samkomulag þar um ekki staðist. Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að ummæli þar um gangi ekki of langt og því beri að sýkna alla stefndu.** **- sh**

Fyrirtaka hjá nímenningum:

# Saksóknari er ekki vanhæfur

**DÓMSMÁL** Lára V. Júlíusdóttir, settur saksóknari í máli nímenninganna sem réðust á Alþingi, er ekki vanhæf til þess að sækja málið af hálfu ákæruvaldsins, samkvæmt úrskurði dómara hjá Héraðsdómi Reykjavíkur. Úrskurðurinn verður kærður til Hæstaréttar.

Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður fjögurra þeirra sem ákærðir eru í málinu, krafðist frávísunar á málinu vegna þess að Lára væri vanhæf til að sækja málið. Rök hans voru þau að Lára gegndi trúnaðarstarfi fyrir Alþingi sem kjörinn fulltrúi í bankaráði Seðlabankans. **- jss**

# Vilja að almenningur fái meiri vernd en fyrirtæki

**Stöðugleiki fjármálakerfisins veltur á því að sanngjörn niðurstaða fáist úr gengislánamálinu samkvæmt samantekt efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Líklegt er talið að niðurstaða komi frá Hæstarétti í dag.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða áhrif telja sérfræðingar efnahags- og viðskiptaráðuneytisins að dómur Hæstaréttar í gengislánamálinu hafi?

Sterk sanngirnisrök eru fyrir því að kostnaður almennings vegna gengistryggðra lána sem kunna að verða dæmd ólögmæt í Hæstarétti verði ekki óhóflegur, og að almenningur fái meiri vernd og önnur úrræði en fyrirtæki, að því er fram kemur í samantekt um gengislánin í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.

Óvíst er hvort hluti þeirra gengistryggðu lána sem almenningur tók á undanförnum árum muni teljast löglegur þótt Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að önnur séu ólögleg, samkvæmt niðurstöðu ráðuneytisins. Þar segir enn fremur að stöðugleiki fjármálakerfisins velti á því að farsæl og sanngjörn lausn fáist í málinu.

Í dæmum sem starfsmenn ráðuneytisins hafa reiknað út er annars vegar gert ráð fyrir því að hluti lántakenda sitji uppi með gengislán en aðrir ekki, og hins vegar að báðir greiði óverðtryggða vexti Seðlabankans, óháð skilmálum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur fram í samantekt ráðuneytisins að heildarupphæð erlendra lána nemi samtals um 1.000 milljörðum króna. Stærstur hluti lánanna, um 840 milljarðar, var tekinn af fyrirtækjum, en lán einstaklinga standa nú í ríflega 141 milljarði króna. Af því eru um 80 milljarðar vegna húsnæðislána en 61 milljarður vegna bílalána.

Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu 23. júlí síðastliðinn að skuld manns vegna gengistryggðs bílaláns hjá Lýsingu hafi verið ólögmæt og það skuli gera upp eins og ef það hefði verið tekið með óverðtryggðum vöxtum Seðlabankans.

Málinu var skotið til Hæstaréttar. Lögmenn sem Fréttablaðið ræddi við í gær telja líklegt að dómur falli í málinu í Hæstarétti í dag, eða í síðasta lagi næstkomandi fimmtudag.

Niðurstaða Hæstaréttar, hver sem hún verður, getur leitt til þess að mikil eignatilfærsla eigi sér stað frá fjármálafyrirtækjum og eigendum þeirra til ákveðins hóps lántakenda. Eigendur íslenskur fjármálafyrirtækjanna eru eins og kunnugt er bæði íslenska ríkið og erlendir kröfuhafar.



**FYRIR DÓM** Fjölmenni var í dómsal Hæstaréttar þegar málið var flutt þar hinn 6. september síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í samantekt ráðuneytisins kemur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fram að gengistryggð lán almennings sem tekin voru til 25 ára geti lækkað um allt að 47 prósent. Dómnum muni líklega fylgja umtalsvert betri vaxtakjör en fólki sem tók lán í íslenskum krónum hafi boðist.

Nefnd um fjármálastöðugleika hefur áætlað að ríkissjóður gæti þurft að leggja allt að 160 milljarða króna til viðskiptabankanna komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að samningsvextir skuli gilda. Verði miðað við óverðtryggða vexti Seðlabankans geti upphæðin lækkað í 21 milljarð. **brjann@frettabladid.is**

## Vilja sanngirni milli lántakenda

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur látið vinna tvö dæmi um möguleg áhrif dóms Hæstaréttar á gengistryggð lán. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er annars vegar að ræða dæmi um gengistryggt húsnæðislán en hins vegar gengistryggt bílalán.

**HÚSNÆÐISLÁN**

Forsendurnar í dæmi ráðuneytisins um húsnæðislán eru að tvær manneskjur hafi tekið 20 milljóna króna gengistryggt lán um mitt ár 2005, hvor hjá sínum bankanum. Komist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að annað lánið sé ólögmætt en hitt ekki, sökum þess að mismunandi skilmálar gildi um lánin, og samningsvextir eigi að gilda, er staðan á lánunum þannig:

- Ólögmæta lánið stendur í 17,2 milljónum króna.
- Lögmæta lánið stendur í 37,9 milljónum króna.

Gildi hins vegar lægstu óverðtryggðu vextir Seðlabankans um bæði lánin stæðu þau í sömu krónutölu, ríflega 19,3 milljónum króna.

**BÍLALÁN**

Forsendurnar í dæmi ráðuneytisins um bílalán eru að tvær manneskjur hafi tekið 4 milljóna króna lán í byrjun árs 2006 hvor hjá sinni lánastofnuninni. Verði það niðurstaða Hæstaréttar að annað lánið sé ólögmætt en hitt ekki, og samningsvextir skuli gilda, standa lánin þannig í dag:

- Ólögmæta lánið stendur í 1,2 milljónum króna.
- Lögmæta lánið stendur í 2,7 milljónum króna.

Gildi hins vegar lægstu óverðtryggðu vextir Seðlabankans um lánin stæðu þau í ríflega 1,4 milljónum króna.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNANDI** Það fer heldur kólnandi á landinu einkum norðaustantil næstu daga en þó er ekki að sjá að það fari undir frostmark í byggð. Hitatölur ættu áfram að ná tveimur stöðum yfir hádaginn syðra.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 19° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 15° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 17° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 24° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 13° |
| París | 18° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

HYUNDAI

## NÝR HYUNDAI SPORTJEPPI:

# ix35




ENNEMM / SIA / NM42717

**Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!**

## ix35

Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og ***ix35*** frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma og reynsluaka ***ix35*** og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.

Verð **4.990.000 kr.**

**Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is**

### i20



Sparneytinn og vandaður smábíll á frábæru verði.

**Verð frá: 2.450.000 kr**

### i30



i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll.

**Verð frá: 2.690.000 kr**

**B&L og Ingvar Helgason**
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

SOUTH AFRICA 2010 FIFA WORLD CUP © 2005 FIFA TM

**KJÖRKASSINN**




*Hefur þú orðið vitni að kynþáttafordómum hér á landi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 53,2% |
| NEI | 46,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eiga sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að kaupa snjóframleiðslutæki fyrir Bláfjöll?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Forstöðumenn ríkisstofnana svartsýnir vegna yfirvofandi niðurskurðar:

# Frekari hagræðing náist ekki

**EFNAHAGSMÁL** Minni bjartsýni ríkir á meðal forstöðumanna ríkisstofnana í ár heldur en í fyrra og telur helmingur ólíklegt að frekari hagræðing náist í rekstri stofnana á næsta ári. Kemur þetta fram í niðurstöðum könnunar Capacent á viðhorfum og viðbrögðum forstöðumanna við niðurskurði í rekstri.

Um 70 prósent telja að gæði þeirrar þjónustu sem stofnun þeirra veiti verði svipuð og í fyrra, en rúm 17 prósent telja að þjónustan verði verri á komandi ári. Almennt er lítil trú á útvistun verkefna hjá stofnununum og mikil andstaða virðist við sameiningu ríkisstofnana, en um 80 prósent svarenda töldu annaðhvort litla eða enga hagræðingu hljótast af slíku.

Einungis helmingur svarenda telur líklegt að stofnun sín muni geta sinnt lögbundnum verkefnum vel miðað við núverandi fjárveitingar, en 20 prósent telja að slíkum verkefnum verði sinnt illa. Tæpur helmingur svarenda telur einnig ólíklegt að mögulegt sé að skera meira niður heldur en nú þegar hefur verið gert. Stofnanir virðast þó að nokkru leyti ná árangri við niðurskurð án þess að hann bitni verulega á hlutverki þeirra en mikil óánægja virðist ríkja með fjárlagaferlið.

189 forstöðumenn ríkisstofnana voru í úrtaki og var könnunin framkvæmd frá 1. til 12. september. Svarhlutfall var 72, 6 prósent. - sv

**Hversu vel geta stofnanir sinnt verkefnum?**

**Um 20 prósent forstöðumanna telja að stofnun sín muni geta sinnt verkefnum illa miðað við núverandi fjárveitingar.**




Heimild: Capacent




# Maður misnotaði stúlkur í Reykjahlíð

**Vistheimilanefnd kynnti niðurstöður rannsóknar á Silungapolli, Reykjahlíð og Jaðri. Fjórar stúlkur af Reykjahlíð saka sama manninn um misnotkun. Ekki vísbendingar um illa meðferð af hendi starfsfólks.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Flest bendir til þess að gestkomandi maður hafi beitt stúlkur á vistheimilinu í Reykjahlíð kynferðislegu ofbeldi í upphafi sjöunda áratugar. Þetta kemur fram í annarri áfangaskýrslu vistheimilanefndar, sem kynnt var í gær.

Í niðurstöðum nefndarinnar, sem rannsakaði nú vistheimilið að Silungapolli og heimavistarskólann að Jaðri auk Reykjahlíðar, kemur þó fram að börnin sem þar voru vistuð hafi almennt ekki sætt illri meðferð eða ofbeldi af hendi starfsfólks eða vistmanna.

„Það er niðurstaða okkar að telja verði meiri líkur en minni á því að sumir vistmenn í Reykjahlíð hafi sætt kynferðislegu ofbeldi af hálfu gestkomandi einstaklings,“ sagði Róbert Spanó, formaður nefndarinnar.

Fjórar konur sem voru vistaðar í Reykjahlíð á aldrinum 6 til 12 ára báru í viðtölum við nefndina að maður sem var þá í tygjum við forstöðukonu Reykjahlíðar og var þar stundum gestur hefði brotið á þeim. Þrír aðrir viðmælendur sögðust hafa orðið vitni að brotum mannsins, sem káfaði á kynfærum ungra stúlkna, bæði utanklæða og innan. Maðurinn lést árið 1966, nokkru eftir að sambandi hans við forstöðukonuna lauk.

Konurnar báru að þær hefðu tilkynnt um brot mannsins en mætt sinnuleysi og afneitun hjá forstöðukonu og starfsfólki, sem í viðtölum við nefndina neituðu að hafa heyrt af málinu og efuðust um að slíkt hefði getað viðgengist á heimilinu.

Auk þessa bar fyrrverandi vistmaður fyrir nefndinni að hann hefði verið misnotaður af manni sem hefði stundum starfað við smíðar og þess háttar á Reykjahlíð.

Meginþráðurinn í skýrslunni er að þó almennt hafi ekki verið um ofbeldi eða illa meðferð að ræða á þessum stofnunum sé hægt að gera athugasemdir við ófullnægjandi málsmeðferð og skort á eftirliti barnaverndaryfirvalda með rekstri þeirra.

Í tillögum sínum varðandi greiðslu skaðabóta til þeirra vistmanna sem telja sig eiga heimtingu á slíku, geðheilbrigðisúrræði og gildi skýrslunnar fyrir framtíðarstefnu í barnaverndarmálum vísar nefndin í tillögur úr fyrri skýrslum. Á grundvelli þeirra voru meðal annars sett lög um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum og heimilum sem nefndin hefur fjallað um.

thorgils@frettabladid.is

**Vistheimilin þrjú**




**1 Vistheimilið Silungapollur**
*1950-1969*
Alls 951 barn í vistun vegna heimilisaðstæðna, á aldinum 3ja til 7 ára.
Mest 30 börn í einu, auk allt að 60 barna sem voru þar í sumarbúðum.
Ekki líkur á ofbeldi eða illri meðferð.
Slæmar aðstæður og eftirlit.
Ófullnægjandi málsmeðferð fyrir vistun.

**2 Vistheimilið Reykjahlíð**
*1956-1972*
Alls 144 börn í vistun vegna heimilisaðstæðna, á aldrinum 7-14 ára.
Jafnan 20-27 börn í einu, en mest 13 eftir 1967.
Ekki líkur á ofbeldi eða illri meðferð af höndum starfsfólks eða annarra barna.
Líkur á að gestkomandi maður hafi beitt stúlkur kynferðislegu ofbeldi.
Ófullnægjandi málsmeðferð fyrir vistun.

**3 Heimavistaskólinn að Jaðri**
*1946-1973*
Alls 378 börn í vistun vegna hegðunarvanda.
Jafnan 25 nemendur í einu.
Ekki líkur á ofbeldi eða illri meðferð af höndum starfsfólks eða annarra barna.
Ófullnægjandi málsmeðferð fyrir vistun.

Lokaskýrsla vistheimilanefndar væntanleg í apríl á næsta ári:

# Nefndin vill heyra frá öllum

**SAMFÉLAGSMÁL** Vinna er hafin við lokaskýrslu vistheimilanefndar, sem tekur til starfsemi Upptökuheimilis ríkisins, sem síðar hét Unglingaheimili ríkisins og starfaði frá 1945 til 1978. Einnig mun skýrslan, sem er væntanleg í apríl, fjalla um aðrar stofnanir, en nefndin gat ekki tiltekið hverjar þar sé um að ræða.

Róbert Spanó, formaður nefndarinnar, segir í samtali við Fréttablaðið að nú sé gagnaöflun farin í gang vegna lokaskýrslunnar og brátt verði kallað eftir fólki í viðtöl, sem munu fara fram í vetur.

Aðallega er horft til Unglingaheimilisins en nefndin vill heyra í öllum sem telja sig hafa eitthvað fram að færa í þessum málum.

„Eitt af því sem við þurfum að gera tillögu um í lokaskýrslunni er hvort tilefni sé til áframhaldandi vinnu þessarar nefndar,“ segir Róbert. „Þannig að við höfum alltaf hvatt alla, sem hafa vitneskju eða reynslu af því að vera á svona stofnunum, til að hafa samband.“

Róbert segir nefndina vonast til þess að ná þremur markmiðum. Að fólk sem hafi frá slíku að segja fái viðurkenningu á brotum gegn sér og einnig að hægt verði að bæta framkvæmd barnaverndarlaga.

„Einnig viljum við að starf okkar sýni fram á að með rannsóknum af þessu tagi sé hægt að komast til botns í samfélagslegum vandamálum.“ - þj



**VINNA STENDUR ENN** Róbert Spanó, formaður nefndarinnar, segir nefndina hyggjast á næstunni kalla fólk í viðtöl vegna lokaskýrslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

CHANEL

BE UNEXPECTED

Free yourself from constraint. Choose your destiny.
Act rather than follow. Write the script of your life.




www.chanel.com

VERIÐ VELKOMIN AÐ UPPGÖTVA GLÆSILEGAR NÝJUNGAR FRÁ CHANEL 16. TIL 22. SEPTEMBER
Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, SKEIFUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐATORGI.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Herskáir Palestínumenn á Gasaströnd varpa sprengjum á Ísrael:

# Reynt að stöðva viðræðurnar

**ÍSRAEL, AP** Herskáir Palestínumenn vörpuðu nokkrum sprengjum yfir landamærin til Ísraels. Ekkert tjón varð, enda heimatilbúnar sprengjurnar ekki með stýribúnað.

Ísraelar svöruðu samstundis með loftárásum á göng sem notuð hafa verið til að smygla vörum frá Egyptalandi yfir til Gasastrandar. Þar lét einn maður lífið og fjórir særðust, að sögn talsmanna Hamashreyfingarinnar, sem hefur farið með stjórnina á Gasa.

Herskáir Gasabúar hafa undanfarið hótað því að stöðva viðræður Ísraela og Palestínumanna, sem hófust í byrjun mánaðarins eftir að hafa legið niðri í tvö ár.

Viðræður héldu engu síður áfram í Jerúsalem í gær, þrátt fyrir að engin lausn væri í sjónmáli á deilum um framkvæmdir á vegum ísraelskra landtökumanna í austanverðri Jerúsalemborg.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, hefur sagt að viðræðunum verði sjálfhætt ef þær framkvæmdir hefjast á ný í lok mánaðarins, þegar tímabundið bann við þeim rennur út. **- gb**



**BYGGINGARFRAMKVÆMDIR** Í Beitar Illit, byggð ísraelskra landtökumanna á Vesturbakkanum, halda framkvæmdir áfram þrátt fyrir frystingu í Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**Í ANDREWS-RÁÐSTEFNUSALNUM AÐ ÁSBRÚ** Ótal sérfræðingar frá fjölda stofnana og fyrirtækja sem koma að flugiðnaði, ræða lærdóm þann sem draga má af eldgosinu í Eyjafjallajökli snemmsumars á ráðstefnu Keilis á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Samhæfa þarf viðbrögð við áföllum

**Áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli eru til umræðu á fjölþjóðlegri ráðstefnu Keilis á Keflavíkurflugvelli. Enn er unnið úr gögnum um áhrif gossins. Í apríl lentu 10 milljónir flugfarþega í vandræðum og 100 þúsund ferðir voru felldar niður.**

**SAMGÖNGUR** Eldgosið í Eyjafjallajökli snemmsumars ýtir á að hrundið verði í framkvæmd áætlunum um samhæfðari reglusetningu og flugumferðarstjórn í Evrópu, að sögn Daniels Calleja, sem fer með málefni flugumferðar hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Calleja, ásamt fjölda sérfræðinga á sviði flugmála víðs vegar að úr heiminum, er gestur á yfirstandandi ráðstefnu Keilis um hvaða lærdóm megi draga af eldgosinu í Eyjafjallajökli og áhrif öskufalls á flugrekstur.



**DANIEL CALLEJA**

Um 250 manns sitja ráðstefnuna, sem haldin er í samvinnu við forsetaembættið, ráðuneyti og stofnanir innanlands sem tengjast flugiðnaði, háskóla og félagasamtök, auk fjölda evrópskra og alþjóðlegra stofnana.

Ráðstefnan hófst í gær og henni lýkur í dag, en í grófri samantekt gærdagsins mætti segja að margir sérfræðinganna hafi verið sammála um að nokkuð vel hafi tekist til á erfiðum tímum þegar gosið hófst. Miklum gögnum hafi verið safnað og nú sé unnið að úrvinnslu þeirra með enn frekari umbætur fyrir augum.

Í erindi sínu kvað Daniel Calleja ætlun sína að draga upp mynd af viðbrögðum Evrópusambandsins vegna öskuvárinnar frá Íslandi í sumar. Um leið lagði hann áherslu á að einnig þyrfti að bregðast við til þess að vera búinn undir önnur eldgos sem kunni að verða. Benti hann á að vegna gossins og flugbanns í Evrópu frá 15. til 21. apríl hafi þurft að aflýsa yfir 100 þúsund flugferðum sem hafi haft áhrif á um það bil tíu milljónir farþega. Tekjutap flugfélaga vegna þessa sé áætlað 1,7 milljarðar Bandaríkjadala. Upphæðin nemur tæpum 200 milljörðum íslenskra króna.

Hann segir samgönguráðherra Evrópusambandsríkja hafa í apríl staðið frammi fyrir þremur leiðum til að bregðast við. Ein var að breyta engu og vona það besta. Önnur að eftirláta flugfélögum ákvörðunina um hvort flogið yrði. Og sú þriðja að grípa til nýrrar nálgunar. Sá kostur varð ofan á og því voru samræmdar lokanir flugsvæða og eftirlits teknar upp. Hömlum á flugumferð var svo aflétt 20. apríl.

Calleja segir að gripið hafi verið til margvíslegra úrbóta á sviði flugumferðarstjórnar í Evrópu í kjölfar gossins, en þar þurfi enn að bæta svo sem með stofnun samráðshóps vegna áfalla í flugrekstri (EACCC), þróun nýrrar aðferðafræði við áhættumat og með því að flýta áætlunum um Evrópu sem eitt flugumferðarsvæði (e. Single European Sky). **olikr@frettabladid.is**

## Ein kona í áfalli uppskar löðrung

„Það hafa átt sér stað miklar framfarir frá því að við lentum í öskuskýinu," segir Eric Moody, fyrrverandi flugmaður, sem lenti í því að drapst á öllum hreyflum Boeing 747 farþegaþotu sem hann flaug í gegnum öskuský yfir Jövu, 24. júní 1982. „Þá var þetta óþekkt og enginn hafði lent í þessu. Við vissum ekki orsökina fyrr en tveimur dögum eftir lendingu."

Moody segir að í kjölfarið hafi sprottið upp mikil starfsemi við að greina ösku, fylgjast með dreifingu hennar og hafa eftirlit með eldgosum um heim allan. Þrátt fyrir þetta segir hann ekki hafa verið brugðist rétt við vegna gossins í Eyjafjallajökli. „Fyrstu viðbrögðin, að stöðva flug, voru rétt, en svo var farið út af sporinu," segir hann og kveður magn gosefnis í lofti yfir Bretlandi og stærstum hluta Evrópu hafa verið svo lítið að ekki hafi réttlætt jafnlangt flugbann og raunin varð. „Það sem menn gleymdu var að yfir stöðum eins og Jövu og Indónesíu er alltaf að finna einhverjar öskuleifar í lofti. Þar eru stöðug eldgos. Á Jövu er 92 eldfjöll og átta virk á hverjum einum tíma," segir hann og kveður öskuský þurfa að vera nokkuð þétt til þess að skemma út frá sér. Hann gagnrýnir jafnframt að eina vélin á Bretlandi sem gat (af vanefnum) mælt öskumagn í lofti hafi ekki verið notuð í apríl vegna þess að hún var í málun.

Þegar drapst á öllum hreyflum þotu Moodys yfir Jövu árið 1982, með 247 farþega innanborðs og 16 manna áhöfn, segir hann að öskuskýið hafi ekki sést vegna þess að flogið var í myrkri. „Við höfðum ekki hugmynd um hvað var að gerast, það drapst bara á hreyflunum einum af öðrum," segir hann. Alls liðu 16 mínútur frá því að drepast fór á hreyflum vélarinnar þangað til tókst að koma þremur þeirra af fjórum í gang á ný. Þrátt fyrir allan þennan tíma segir Moody fólk hafa haldið ró sinni. „Ein áströlsk kona fékk hræðslukast en róaðist eftir að eiginmaður hennar löðrungaði hana. Meira var það ekki," segir hann og kveðst sjálfur hafa haft of mikið að gera við að halda vélinni á lofti og endurræsa hreyfla til að velta hættunni fyrir sér.

Óttar Sveinsson, sem ritar Útkallsbók um atburðinn og var með Moody á ráðstefnunni, segir hins vegar að farþegar vélarinnar hafi verið verulega skelkaðir. „Þau voru viss um að þau myndu öll deyja," segir hann.






**NÝTT KORTATÍMABIL**

Opið í dag
11 til 21

16.-19. september

# Haustsprengja

# 25%

## AFSLÁTTUR
## AF ÖLLU

nema:
**20%** af vörum Oasis og
**15%** af snyrtivöru



Afslátturinn fæst ofan á aðra afslætti og tilboð.
Gildir fimmtudag til sunnudags.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

# Segir endurskoðendur víst hafa brugðist við

**Rangt er hjá þingmannanefnd Atla Gíslasonar að endurskoðendur hafi ekki rætt orsakir og afleiðingar hrunsins í sínum ranni, segir formaður þeirra.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig hafa endurskoðendur horfst í augu við ábyrgð sína á bankahruninu?

Formaður Félags löggiltra endurskoðenda vísar á bug þeirri gagnrýni þingmannanefndar Atla Gíslasonar að endurskoðendur hafi ekki rætt þátt sinn í bankahruninu í sínum ranni. Fjölmargt hafi verið gert undanfarin tvö ár.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eru íslenskir endurskoðendur harðlega gagnrýndir. Þeir hafi ekki sinnt skyldum sínum við endurskoðun reikninga og ekki rannsakað og metið virði útlána þeirra til tengdra félaga þótt aðstæður hefðu þróast á þann veg að fullt tilefni væri til þess.

Þingmannanefnd Atla Gíslasonar kveður enn fastar að orði í sinni skýrslu. Þar segir að endurskoðendur hafi augljóslega brugðist skyldum sínum og leyft vanvirðingu við lög og reglur að viðgangast allt of lengi. Þá sé það alvarlegt að þeir virðist ekki hafa rætt orsakir og afleiðingar hrunsins og aðkomu sína.

Þar að auki beindi rannsóknarnefndin því til saksóknara að rannsaka þyrfti hvort endurskoðendur skyldu dregnir fyrir dóm.

Eitt endurskoðunarfyrirtæki, PricewaterhouseCoopers (PwC), er þegar komið fyrir dóm, þó ekki í opinberu máli heldur einkamálinu sem Glitnir hefur höfðað á hendur svokallaðri sjömenningaklíku Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, auk PwC. Í Fréttablaðinu í gær var vitnað til álits fyrrverandi varaformanns siðanefndar Alþjóðasamtaka endurskoðenda, sem taldi PwC hafa gerst sekt um vítaverða vanrækslu sem endurskoðandi Glitnis.


**GAGNRÝNDIR VÍÐA** Þórir sést hér lengst til vinstri á myndinni. Við hlið hans sitja Ragnar Z. Guðjónsson og Jón Þorsteinn Jónsson. Þeir tveir sæta nú báðir ákæru fyrir misferli í kringum bankahrunið. Í skoðun er hvort einnig skuli draga einhverja endurskoðendur fyrir dóm vegna aðkomu þeirra að ýmsum málum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjá PwC starfar Þórir H. Ólafsson, formaður Félags löggiltra endurskoðenda, sem er ósammála þingmannanefnd Atla Gíslasonar að ekkert hafi verið gert. Ný lög um endurskoðendur hafi tekið gildi um þarsíðustu áramót á grundvelli tilskipunar frá Evrópusambandinu og þau hafi gjörbylt vinnuumhverfi og starfsháttum endurskoðenda. Allur rammi um starfsemina sé skarpari, ákvæði komin um eftirlitsskyldu endurskoðendaráðs, siðareglur og tengingu við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Í maí hafi enn fremur verið haldið málþing um rannsóknarskýrsluna. Á fyrirhugaðri afmælishátíð félagsins verði mikið rætt um hana og þá standi einnig til að taka skýrsluna til rækilegrar umfjöllunar á haustþingi sem stendur fyrir dyrum. Þar að auki hafi mikið verið rætt um málið á síðasta fundi samtaka norrænna endurskoðenda í síðasta mánuði. „Í sjálfu sér hefur því mikið verið að gerast,“ segir Þórir, og bætir við að þingmannanefnd Atla Gíslasonar hafi ekki haft samband við félagið áður en fullyrðingin var sett fram í skýrslunni.

stigur@frettabladid.is

*Það er kaffitími núna*




## Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

*Taktu þér kaffitíma núna*

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.



**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.

Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld. Fáðu þér BKI kaffi. Njóttu kaffiilmsins, hitans og bragðsins og taktu svo daginn með trompi.

*Það er kominn tími fyrir BKI kaffi.*

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og fersklegt eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

***Kauptu BKI fyrir kaffitímann***
*Kíktu á bki.is*




## Ný vinnubrögð

**Þann 15. ágúst** 2010 tók gildi samkomulag **ASÍ** og **SA** um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

Markmið samkomulagsins er að tryggja að allir atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Það er mikilvægt að fyrirtæki sitji við sama borð og fari öll að leikreglum en vinnustaðaskírteinum er m.a. ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum.

Samkomulagið nær í fyrstu til starfsmanna og fyrirtækja í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð sem og rekstri gististaða og veitingahúsa. Atvinnurekendum í hlutaðeigandi greinum ber að sjá til þess að starfsmenn þeirra beri vinnustaðaskírteini.

Næstu þrjá mánuði munu eftirlitsfulltrúar veita atvinnurekendum sem samkomulagið nær til leiðbeiningar um innleiðingu vinnustaðaskírteina. SA og ASÍ hvetja atvinnurekendur til að bregðast skjótt við og stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi á íslenskum vinnumarkaði.

Allar nánari upplýsingar á **www.skirteini.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS Alþýðusamband Íslands

ENNEMM / SÍA / NM43107



Skoðaðu dæmi um betri notaða bíla
hjá Brimborg á uppsveifluverði
Fleiri dæmi eru á notadir.brimborg.is

## Kreppan er farin
## Sóknin hafin

**Ford Escape XLS AWD (DG742)**
2,3i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 08/2006. Ek. 62.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 6.
**Uppsveifluverð: 2.390.000 kr.**

**Citroën C1 SX (OOU05)**
1,0i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 06/2008. Ek. 53.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 8.
**Uppsveifluverð: 1.270.000 kr.**







**Volvo V50 (LKH08)**
2,4i bensín sjálfskiptur station.
Skrd. 11/2007. Ek. 51.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 6.
**Uppsveifluverð: 3.070.000 kr.**





**Citroën C4 Comfort SX (EF710)**
1,6i bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Skrd. 01/2007. Ek. 40.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 6.
**Uppsveifluverð: 1.990.000 kr.**

**Þjónustutilboð 30-50%**

**Nýttu þér þjónustutilboðin**

Rúðuvökvi 2,5L
**50% afsláttur** - tilboðsverð 298 kr.

Hreinsivörupakki SONAX
**30% afsláttur** - tilboðsverð 2.793 kr.

Aðalljósapera
**30% afsláttur** - tilboðsverð 779 kr.
fyrir H7 peru.

Þurrkublaðasett
**30% afsláttur** - tilboðsverð 3.811 kr.
fyrir Ford Fiesta.

Talaðu við þjónusturáðgjafann um fleiri tilboð.

**Ford Fiesta Trend (KL764)**
1,4i bensín 5 gíra 5 dyra.
Skrd. 05/2006. Ek. 81.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 6.
**Uppsveifluverð: 1.090.000 kr.**

# Brimborg býður betur
## Verðlækkun á notuðum bílum

Kauptu notaðan bíl í dag. Kreppan er farin. Brimborg lækkar verð á notuðum bílum. Og nýjum. Ísland er stórasta land í heimi, þrátt fyrir allt. Trúum því bara. Hættum að þrasa. Verum góð. Sóknin er hafin. Kauptu bílinn í Brimborg.

Komdu í kaffi og kleinur. Kreppan er farin. Sóknin er hafin. Komdu í Brimborg í dag.

*Komdu í kaffi og kleinur*

### Sagan um varahlutina

**Sagan um að upprunalegir varahlutir (original) séu dýrir lifir góðu lífi. Varahlutir í Brimborg eru hinsvegar á góðu verði. Gerðu verðsamanburð áður en þú kaupir varahluti. Kannaðu verð og gæði upprunalegra varahluta hjá Brimborg. Komdu í Brimborg í dag.**

Opið kl. 9-18 virka daga og kl. 12-16 laugardaga

**Mazda6 Touring (ND594)**
2,0i bensín sjálfskiptur 4 dyra.
Skrd. 05/2007. Ek. 62.000 km.
Staðsetning: Bíldshöfði 6.
**Uppsveifluverð: 2.140.000 kr.**



Skoðaðu dæmi um betri notaða bíla
hjá Brimborg á uppsveifluverði
Smelltu á notadir.brimborg.is

# Öruggur kaupstaður að vera á
## Brimborg lækkar verð

Kreppan er farin
Sóknin hafin

brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is

*Öruggur staður til að vera á*

**Olía til húshitunar**




Heimild: Hagstofa Íslands.

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** Bragi Þór Hinriksson

## *Sér eftir bílkaupum*

„Verstu kaupin sem ég hef gert er tvímælalaust Ford Escort sem ég keypti þegar ég var 17 ára. Það var alveg hræðilegt,“ segir Bragi Þór Hinriksson kvikmyndagerðarmaður sem frumsýndi á dögunum nýjustu mynd sína, Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið.

„Það átti að vera góður prís og bíllinn var flottur, en svo sprakk þetta upp í andlitið á mér. Það voru einhverjir duldir gallar og svoleiðis, en þetta er eitthvað sem maður lærir af. Eins konar lífslexía sem maður fór í gegnum þar.“



Bragi segir að bestu kaupin hafi hins vegar verið forláta plasmasjónvarp sem hann festi kaup á á rýmingarsölu þegar verslunin Japis lagði upp laupana á sínum tíma.

„Það var alveg frábært því að plasma var þá eitthvað sem maður gat ekki vonast eftir því að það var svo dýrt. Þetta var nýtt og framandi á þeim tíma og mér fannst það alveg geðveikt að landa skjá sem átti að kosta milljón fyrir 200 þúsund kall.“

Bragi segist hafa verið í heilt ár að borga upp skjáinn góða, en hann sé enn til og kaupin hafi því verið vel þess virði.

# 250 tonn af kjúklingi urðuð vegna salmonellusýkingar

**Umhverfisstofnun hefur gefið leyfi til urðunar á rúmlega 185 þúsund fuglum síðan í apríl í kjölfar salmonellusýkingar. Innkalla þurfti töluvert magn úr verslunum. Allt að 10 prósenta hækkun á verðlagi er ýmist byrjuð eða mun koma inn í verslanir í næstu viku.**



**KJÚKLINGABÚ REYKJAGARÐS** Nauðsynlegt var að urða um 100 þúsund fugla í kjölfar salmonellusýkingar í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

Reykjagarður, framleiðandi Holtakjúklings, urðaði um 100 þúsund kjúklinga í kjölfar salmonellusýkingar sem kom upp síðasta vor. Hver kjúklingur er að meðaltali um eitt og hálft kíló og skipti tjónið tugum milljóna. Síðustu tíu sláturhóparnir hafa reynst ósýktir og segist Matthías Hannes Guðmundsson framkvæmdastjóri vonast til að sýkingin sé þar með alfarið úr sögunni. Sýkingin hafi upphaflega komið inn í húsin með fóðri árið 2008.

„Það eru mjög harðar reglur varðandi þetta út frá hagsmunum neytenda,“ segir Matthías. „Ef hús smitast tekur Matvælastofnun það yfir og gerir kröfur um að urða þann kjúkling sem þar er.“

Kjúklingaframleiðandinn Matfugl þurfti að innkalla kjúkling úr verslunum og urða um 60 tonn í kjölfar sýkinganna í sumar. Sveinn Jónsson framkvæmdastjóri tekur undir orð Matthíasar um að sýkingin hafi borist með fóðri inn í húsin.

„Það sem kom í ljós er að stofninn greindist hjá fóðurfyrirtækjum en þeir hafa ekki viðurkennt að svo hafi verið,“ segir hann. Ágætlega hefur gengið að útrýma sýkingunni hjá Matfugli en Sveinn segir tjónið hafa skipt tugum milljóna fyrir fyrirtækið.

Ísfugl er eini framleiðandinn sem ekki þurfti að urða kjúkling í kjölfar faraldursins í sumar.

„Það var ekki mikið tjón að öðru leyti en því að við þurftum að innkalla þær vörur sem við vorum búin að senda út, sem voru um 300 til 400 kíló,“ segir Helga Lára Hólm, framkvæmdastjóri Ísfugls. „Það sem við áttum eftir var fryst og sett í geymslur. Þá hafa fyrirtækin leyfi til þess að steikja vörurnar og sjóða, þar sem salmonella drepst við 74 gráðu kjarnhita.“

Ísfugl hækkar verð á kjúklingi um allt að tíu prósent á mánudaginn næstkomandi. Reykjagarður hækkaði verð í síðustu viku og Matfugl í ágúst, bæði um 8 prósent. Eru ástæður hækkana stighækkandi verð fóðurs á markaðnum.

sunna@frettabladid.is




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 2 SPORT 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### MÁLAR BEINAR LÍNUR

■ *Logi Karlsson markaðsstjóri kann réttu aðferðina við að mála vegg.*

„Besta ráðið til að fá beinar línur á nýmálaða veggi er að nota málningarlímband. Maður setur límband á þann hluta sem skurðurinn á að koma á og málar síðan yfir límbandið. Málningin lekur undir límbandið og inn í allar misfellur og loftgöt á veggjum. Málningin er látin þorna. Eftir það er hægt að mála það sem er hinum megin límbandsins í öðrum lit í beinni línu,“ segir Logi Karlsson, markaðsstjóri ferðaskrifstofunnar Arctic Adventures.



Það var bróðir Loga sem kenndi honum þessa góðu aðferð og notaði Logi hana þegar hann málaði íbúð sína í febrúar. „Hún er flekklaus,“ segir Logi.

Neytendasamtökin ánægð:

## Lögum um hópmálsókn fagnað

Neytendasamtökin fagna því að Alþingi hafi loksins samþykkt lög um málsóknarfélög, sem gera hópmálsóknir mögulegar. Þetta kemur fram í frétt á vef samtakanna. Þar segir að samtökin hafi hvatt til slíkrar lagasetningar um árabil. Hópmálsókn sé úrræði sem notað er þegar hópur fólks geri skaðabótakröfu á hendur tilteknum aðila. Það sé mjög mikilvægt því oft sé ekki um það háar upphæðir að ræða fyrir hvern og einn að það svari kostnaði að höfða mál fyrir dómstólum.

Háar upphæðir geti þó verið í húfi fyrir hópinn í heild. „Það kom berlega í ljós eftir að upp komst um verðsamráð olíufélaganna hversu mikilvægt það er fyrir neytendur að geta höfðað sameiginleg mál fyrir dómstólum,“ segja samtökin. **- sh**



**SÆLGÆTI** Gotteríið leynist víða.

Erfitt að forðast freistingarnar:

## Sælgæti á ólíklegustu stöðum

Neytendasamtökunum hafa borist ábendingar frá foreldrum um að sælgæti sé til sölu þar sem fólk á síst von á því. „Þannig er hægt að kippa með sér nammipoka í flestum bókabúðum, byggingarvöruverslunum og jafnvel í pósthúsinu,“ segir í frétt í Neytendablaðinu.

Í blaðinu er bent á að talsmaður neytenda hafi sett leiðbeiningarreglur um aukna neytendavernd barna, og þar sé kveðið á um að leitast skuli við að sælgæti séu ekki við alla afgreiðslukassa. Vanhöld séu á að það sé virt. **- sh**





**Heilsa ehf.** er elsta fyrirtæki á Íslandi sem sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á lífrænum matvörum, jurtum, fæðubótarefnum og vistvænum snyrtivörum og hreingerningarvörum. Fyrirtækið flytur inn vörur frá yfir fimmtíu birgjum víða í Evrópu, Norðurlöndunum, Bandaríkjunum og Kanada. Vörur frá Heilsu eru seldar í öllum apótekum, heilsubúðum, matvöruverslunum og í eigin verslun. Viðskiptavinirnir skipta hundruðum og umsvif fyrirtækisins eru því veruleg og starfsemin viðamikil. Ópusallt heldur utan um alla sölu, birgðahald og fjármál Heilsu.

**Ópusallt – gerir allt!**
Ópusallt er allt í senn: Stjórntæki, upplýsingakerfi og bókhaldskerfi. Allt viðmót er einstaklega þægilegt, lítið mál að setja upp sölunótur, reikninga, tilboð o.fl.

**Íslenskur hugbúnaður fyrir íslenskar aðstæður**
Ópusallt er hannað fyrir íslenskt viðskiptaumhverfi. Fyrir vikið þarf ekki að verja dýrmætum tíma í aðlögun kerfisins að íslenskum aðstæðum. Notendur Ópusallt þurfa heldur ekki að greiða leyfisgjöld sem taka mið af himinháu erlendu gengi.

HUGUR / AX
Guðríðarstíg 2–4
113 Reykjavík
Sími 545 1000
www.hugurax.is

ÓPUSallt
Viðskiptalausn frá HugAx






FRUMSÝND
17. SEPTEMBER

SMÁRABÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ


Amerískir dagar
Kynningar á Betty Crocker
kl. 14:30-18:00
Fimmtud. 16.09
Skeifan
Garðabær
Eiðistorg
Föstud. 17.09
Skeifan
Garðabær
Eiðistorg
Kringlan
Smáralind
Laugard. 18.09
Skeifan
Garðabær
Kringlan
Smáralind
TILBOÐ
899 kr/pk.
KAUPTU FJÓRPAKKA
AF COKE®, COKE LIGHT® EÐA COKE ZERO® OG ÞÚ GETUR UNNIÐ:
2x Flug fyrir tvo til New York
10.000.- króna gjafabréf í Hagkaup 10x
20x Coke, Coke Light eða Coke Zero kippur
Nýtt í Hagkaup
AS SEEN ON TV
199 kr/stk.
Nýtt í Hagkaup
Nýtt í Hagkaup
Krabbakökur
– ekta amerískt!
Candy apple mmm.....
– 3 tegundir
Ekta salsa
– 3 tegundir
Tortilla flögur
– úr lífrænt ræktuðum maís
Nýtt í Hagkaup
30% afsláttur v/kassa
Nýtt í Hagkaup
frábært verð!
1.399 kr/stk.
Nýjar tegundir...
– Ben & Jerry's ís
Gaman á morgnana...
– morgunkorn í úrvali
Amerísk karmelluterta
– bara gott...
Ritz kex með ostabragði
– þetta verður þú að prófa
24 OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 26. september eða á meðan birgðir endast.

# ALVÖRU STEAK
## á diskinn minn!

*ekta nautasteikur á amerískum dögum*

100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*




TILBOÐ 2.771 kr/kg. Merkt verð 3.695.-
**Ribeye**
*úr framhrygg*

TILBOÐ 2.771 kr/kg. Merkt verð 3.695.-
**T-bone**
*úr spjaldhrygg*

TILBOÐ 2.771 kr/kg. Merkt verð 3.695.-
**Entrecote**
*úr spjaldhrygg*

TILBOÐ 2.621 kr/kg. Merkt verð 3.495.-
**Roaststeik úr entrecote**
*úr spjaldhrygg*

NEW ORLEANS BBQ SVÍNARIF
JACK DANIEL'S BBQ SVÍNARIF
TILBOÐ BBQ SVÍNARIF 2 TEGUNDIR 1.039 kr/kg. Merkt verð 1.598.-

TILBOÐ SVÍNAKÓTILETTUR Í JACK DANIELS BBQ 1.039 kr/kg. Merkt verð 1.598.-

TILBOÐ BOSTON SKINKA 998 kr/kg.

TILBOÐ WESTERN KJÚKLINGALUNDIR 1.747 kr/kg. Merkt verð 2.459.-

Nýtt í Hagkaup
**Gott gott gott....**
– fullt af allskonar súkkulaði

2 fyrir 1
**Heinz tómatsósa**
– klikkar ekki

**Cheez doodles**
– alvöru ostasnakk

Nýtt í Hagkaup
**Gatorade Performs G2**
– þú endist lengur...

Nýtt í Hagkaup
**NÝTT Mtn Dew**
– 3 tegundir

Nýtt í Hagkaup
159 kr/stk.
**Nammi namm...**
– hnetu- og trönuberjakökur

Nýtt í Hagkaup
**M&M´s hnetusmjör & kókos**
– hrikalega gott

TILBOÐ 109 kr/stk.
**Juicy donuts**
– margar tegundir

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**953,7** **ER ÚRVALSVÍSITALA KAUPHALLARINNAR** í lok dags í gær. Vísitalan tók gildi við upphaf árs 2009 og stóð hún þá í 1.000 stigum.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vill auka stöðugleika á fjármálamarkaði:

# Heimilað að banna skortsölu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ESB, samþykkti í gær tillögu sem veitir eftirlitsstofnunum innan ESB umboð til að grípa til aðgerða gegn skortsölu þegar nauðsyn krefur.

Michael Barnier, framkvæmdastjóri innri markaða hjá ESB, sagði á blaðamannafundi í gær skortsölu geta alla jafna stutt við skilvirkni á fjármálamörkuðum. Þegar óróleika gæti líkt og í aðdraganda alþjóðlegu fjármálakreppunnar geti salan hins vegar valdið titringi, jafnvel verðfalli á mörkuðum.

Tillögurnar munu til þess fallnar að auðvelda eftirlitsaðilum að greina áhættuþætti á markaði og verður þeim gefið vald til að takmarka eða banna skortsölu þegar svo ber undir. Barnier taldi þetta geta aukið stöðugleika á fjármálamörkuðum innan ESB í framtíðinni.

Tillagan verður lögð fyrir Evrópuþingið og er gert ráð fyrir að hún taki gildi í júlí árið 2012. **-jab**

HEKLA
Opið söluferli

HEKLA

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hefur verið falið að annast ráðgjöf og formlegt ferli sem lýtur að fyrirhugaðri sölu á öllu hlutafé Heklu.

Hekla starfar á sviði sölu og þjónustu nýrra og notaðra bifreiða. Helstu bílaumboð Heklu eru Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi ásamt umboði fyrir vélhjól frá Piaggio. Starfsstöðvar félagsins eru við Laugaveg 172-174 í Reykjavík en jafnframt er félagið með sölu- og þjónustuumboðsmenn víðs vegar um landið. Saga Heklu nær aftur til ársins 1933 og hefur hún haft umboð fyrir rótgróna bílaframleiðendur ásamt ýmsum véla- og raftækjaframleiðendum. Hekla er nú að fullu í eigu Arion banka.

*Söluferlið*

Boðið er til sölu allt hlutafé Heklu og er gert ráð fyrir að það verði selt í einu lagi. Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem geta talist fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, svo og einstaklingum og lögaðilum sem að mati seljanda geta sýnt fram á að hafa viðeigandi þekkingu og viðhlítandi fjárhagslegan styrk. Seljandi áskilur sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu, meðal annars ef fyrir hendi eru lagalegar hindranir á því að fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu, svo sem vegna samkeppnisreglna.

Fjárfestar sem óska eftir að taka þátt í söluferlinu skulu leggja fram trúnaðaryfirlýsingu sem skal skilað til Fyrirtækjaráðgjafar Arion banka á þar til gerðu formi. Sölugögn verða afhent þátttakendum á tímabilinu 21.–28. september næstkomandi.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka mun taka við óskuldbindandi tilboðum til kl. 16.00 miðvikudaginn 29. september næstkomandi. Tilboðum skal skila á þar til gerðu formi og skulu tilskildar upplýsingar um fjárfesta fylgja tilboðum.

Í kjölfarið verða tilboðin metin og völdum fjárfestum boðin áframhaldandi þátttaka í söluferlinu. Munu þeir fjárfestar fá aðgang að frekari upplýsingum um rekstur og fjárhag Heklu áður en óskað verður eftir lokatilboðum og gengið til endanlegra samninga um sölu.

*Frekari upplýsingar*

Upplýsingar um söluferlið má nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka í síma 444-6000 eða með því að senda tölvupóst á fyrirtaekjaradgjof.hekla2010@arionbanki.is.

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf.



**ÁSGEIR DANÍELSSON** Stýrivextir hefðu þurft að vera mun hærri til að draga úr eftirspurn á árunum fyrir efnahagshrunið. Það hefði hins vegar valdið skaða annars staðar í hagkerfinu, að mati forstöðumanns rannsóknar- og spádeildar Seðlabankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Misstu tök á uppsveiflunni

**Stjórnvöld fóru of geyst í einkavæðingu bankanna og uppbyggingu í stóriðju. Við það fór efnahagslífið úr böndunum, að mati sérfræðings Seðlabankans.**

Hefðu bankarnir verið einkavæddir á lengri tíma, hægar farið í fjárfestingar í stóriðju á Kárahnjúkum og Grundartanga og vöxtur bankanna haminn, svo sem með bindisskyldu, hefði peningastefna Seðlabankans átt meiri möguleika á að ráða við þensluna á árunum fyrir efnahagshrunið. Snörp uppsveifla hagkerfisins frá og með einkavæðingu bankanna olli því hins vegar að vaxtatæki Seðlabankans nýttist ekki jafn vel og ætla mátti. Af þeim sökum varð samdráttur efnahagslífsins meiri en ástæða var til og kreppan dýpri.

Þetta er mat Ásgeirs Daníelssonar, forstöðumanns rannsóknar- og spádeildar á hagfræðisviði Seðlabankans. Hann hélt erindi á málstofu um peningastefnu Seðlabankans í aðdraganda hrunsins síðdegis á þriðjudag.

Ásgeir bendir á að hefðu stjórnvöld farið sér hægar í aðdraganda uppsveiflunnar hefði Seðlabankinn haft betri stjórn á þróun mála.

Uppsveiflan, sem að hluta skýrðist af mjög snarpri útlánaþenslu og eignamyndun í kjölfar einkavæðingar og mikillar hækkunar á hlutabréfamarkaði samhliða gengisstyrkingu, hafi skilað sér í mjög snörpum eftirspurnarskelli.

> Það hefði þurft að hífa vextina svo hátt upp til að draga úr eftirspurn manna sem allt í einu stóðu uppi með meiri pening en þeir raunverulega áttu von á. En það hefði valdið skaða annars staðar í hagkerfinu.
>
> **ÁSGEIR DANÍELSSON**
> FORSTÖÐUMAÐUR Í SEÐLABANKANUM

Seðlabankinn hafi ekki getað komið böndum á eftirspurnina með stýrivaxtahækkunum. Vextirnir hefðu þurft að vera mun hærri til að virka líkt og til var ætlast.

Ásgeir vill ekki segja til um hversu háir vextirnir hefðu þurft að vera til að draga úr eftirspurn. „Það hefði þurft að hífa vextina mjög hátt upp til að draga úr eftirspurn manna sem allt í einu stóðu uppi með meiri pening en þeir raunverulega áttu von á. En það hefði valdið skaða annars staðar í hagkerfinu,“ segir hann og útilokar ekki að hefði bankinn hægar verið farið í sakirnar megi ætla að einhver af gömlu viðskiptabönkunum hefði lifað bankahrunið af. **jonab@**

ÓÐINN
húfa
Verð: 1.600 kr.
Margir litir

Hlý og þægileg húfa fyrir kalda daga.
Tvöfalt flíslag yfir eyrun.
66 NORÐUR

ÓÐINN
skotthúfa og vettlingar
Verð húfa: 1.900 kr.
Verð vettlingar: 1.900 kr.
Margir litir

Skotthúfa og vettlingar úr Polartec®
Thermal Pro® sem er hlýtt og þornar fljótt.
66 NORÐUR

ÓÐINN
lambhúshetta
Verð: 2.500 kr.
Margir litir

Hlý lambhúshetta sem skýlir vel hálsi
og enni. Endurskin á hnakka.
66 NORÐUR

# Hreinlætistæki og gólfefni

**MÚRBÚÐARVERÐ**






WC kassi kr. **16.900**
Sturtuhnappur kr. **1.995**

Salerni kr. **10.900**
Seta kr. **4.195**

Allt settið
**33.990**



Salerni með stút í gólf og setu
**19.900**



NAPOLI hitastýrt blöndunartæki, brúsa, barki og festing
**11.995**



Sturtuklefi 80x80x195cm með botni, vatnslás og botnventli
**48.900**

VitrA QUALITY

VitrA QUALITY



VITRA Matrix handlaug 45 cm
**22.900**



VITRA S50 handlaug 60 cm
**6.900**



VITRA Nuovella handlaug 40 cm
**20.900**



Skolvaskur plast 52,5x37,6 cm
**9.900**



Skolvaskur stál 46x45x33 cm
**19.900**



Gólfflís, metalic 30x60cm
**3.990** kr. pr. m²



Ítalskar hágæðaflísar 30x60cm, gólf, 3 litir
**2.490** kr. pr. m²



Veggflís, hvít 20x25cm
**1.685** kr. pr. m²



Veggflís, hvít, glans 25x40cm
**2.290** kr. pr. m²



Gólfflísar 30x30cm á þvottahús, geymslur og bílskúra
**1.190** kr. pr. m²



Champion, grá Slate Stone 30x60cm, gegnheil, inni og úti
**3.490** kr. pr. m²



Gólfflís stone antracit 50x50cm
**2.490** kr. pr. m²

VitrA QUALITY



Veggflísar, hvítar matt og glansandi 10x30cm
**2.990** kr. pr. m²




Plastparket, beiki 1220x195x8.3mm
**1.245** kr. pr. m²




Plastparket eik, 1220x195x8.3mm
**1.575** kr. pr. m²



Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14mm
**3.890** kr. pr. m²



Steirer, Austurísk gæði, 3 stafa Eik 2200x182x14x4mm
**4.690** kr. pr. m²

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Reykjanesbær** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50.*
***FLÚÐUM***

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kynjafræðileg greining dregur upp sterka mynd.

## Andleg samkynhneigð karla

Skýrslu þingmannanefndar um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fylgir áhugaverður viðauki, greining á skýrslu rannsóknarnefndar út frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Markmiðið með greiningunni er að gera íslenskt samfélag betur í stakk búið til að skilja þann þátt sem kyn átti í atburðarás sem fram fór í aðdraganda bankahrunsins. Greiningin er afar fróðleg og mikilvægt er að sú vinna sem höfundar hennar, Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, hafa innt af hendi verði nýtt sem best og dreginn af henni lærdómur. Þingmannanefndin telur enda greinargerðina mikilvægt framlag til jafnréttisumræðu á Íslandi.

SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Í greiningu Þorgerðar og Gyðu Margrétar á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur vel fram hvernig bæði samkeppni og samtrygging gegndu veigamiklu hlutverki þegar bankakerfið var að vaxa sjálfu sér yfir höfuð og stjórnvöld fengu ekki rönd við reist. Einnig er dregið fram veigamikið hlutverk óformlegra tengslaneta og samtala karla sem svo leiða af sér stórar ákvarðanir. Sömuleiðis hvernig orðræðan um hina ótrúlega kláru íslensku bankamenn þróaðist hér á landi þrátt fyrir að erlendis væru menn gáttaðir yfir kunnáttu- og reynsluleysi íslenskra bankamanna. Í þessum heimi voru öll aðalhlutverkin í höndum karla og aðeins sárafáar konur gegndu hlutverkum sem máli skiptu.

Í lok greiningarinnar benda Þorgerður og Gyða Margrét á að ef atburðirnir sem leiddu til hrunsins eigi ekki að endurtaka sig þá þurfi kynja- og jafnréttissjónarmið að vera hluti af uppgjörinu. Í þeim anda leggja þær fram tillögur um aðgerðir.

Þar er meðal annars hvatt til að stjórnvöld fylgist með því að fyrirtæki fari að lögum um kynjahlutföll í stjórnum hlutafélaga og hugi að beitingu viðurlaga við brotum á þeim lögum. Fyrir þessu telja þær bæði vera réttlætisrök og nytjarök þar sem fyrirtæki með kynjablönduðum stjórnum skili betri arðsemi en fyrirtæki með einsleitum stjórnum.

Einnig er lagt til að samþætting kynja- og jafnrétttissjónarmiða verði innleidd í stjórnsýslunni til þess að kynin eigi jafnan aðgang að upplýsingum og ákvarðanatöku. Þetta á að vinna gegn samtryggingu karla og óformlegu og ógegnsæju tengslaneti sem er við lýði í stjórnmálum og stjórnsýslu og veikir áhrif kvenna jafnvel þótt formleg þátttaka þeirra hafi aukist.

Sú tilhneiging karla að hleypa ekki konum að raunverulegri ákvarðanatöku, þrátt fyrir að þeim konum fari fjölgandi sem formlega ættu að eiga aðild að ákvörðunum, hefur stundum verið nefnd andleg samkynhneigð. Svo virðist sem konur séu mun síður haldnar slíkri samkynhneigð heldur séu þær þvert á móti býsna gagnkynhneigðar. Sé þessu líkingamáli áfram beitt liggur fyrir að andleg tvíkynhneigð bæði karla og kvenna er það sem stefna ber að. Það er ekki aðeins réttlætismál heldur ekki síður mikilvægt vegna þess að allt bendir til að andleg tvíkynhneigð leiði til aukinnar hagsældar og betra samfélags bæði fyrir konur og karla.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Rýmingarsala!**

**Rýmum fyrir nýjum vörum og seljum síðustu eintökin af eldstæðum og blómapottum með 40% afslætti næstu daga.**

40% afsláttur!





Signature ••• húsgögn

**Opið:**
**Má. - Fö. 12 - 18 - Lau. 12 - 16 - Sun. 13 - 16**

**Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rótgróin yfirráð

Mikið er nú rætt um mikilvægi þess að Alþingi endurheimti sjálfstæði sitt og yfirráð gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það gæti reynst hægara sagt en gert því völd ríkisstjórnar gagnvart þingi eru rótgróin hér á landi. Í væntanlegri ævisögu Gunnars Thoroddsen segir frá orðaskiptum Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra Viðreisnarstjórnarinnar, og Eysteins Jónssonar, formanns Framsóknarflokksins, vorið 1968. Bjarni tilkynnti Eysteini þá að „ákveðið“ hefði verið að slíta þingi fyrr en Eysteinn hefði kosið. Þegar Eysteinn Jónsson maldaði í móinn mun Bjarni hafa svarað með þjósti: „Þið verðið hér ekki lengur en ríkisstjórnin vill. Hún ræður því hvenær Alþingi situr.“



### Ólík nálgun

Tveir íslenskir ráðamenn hafa verið í samskiptum við kínverska áhrifamenn síðustu daga, hvor með sínum hætti. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, átti fund með Wen Jiabao, forsætisráðherra á mánudag austur í Kína. Þeir töluðu um jarðhita en að öðru leyti snerist fundurinn meðal annars um aðstoð Kínverja við að endurreisa íslenskt efnahagslíf.

Jón Gnarr borgarstjóri tók á móti Liu Qi, fyrrverandi borgarstjóra í Peking, á þriðjudag. Þeir ræddu jarðhita en svo afhenti borgarstjóri Reykjavíkur gesti sínum bréf þar sem hann krafðist þess að kínversk stjórnvöld slepptu Liu Xiaobo úr haldi en kínversk stjórnvöld hafa svipt hann frelsi síðustu tvö ár vegna baráttu hans fyrir stjórnmálaumbótum og mannréttindum. Kínverski gesturinn yfirgaf fundinn við svo búið.



- bs, pg

## HALLDÓR




# Umhverfisvernd í stjórnarskrá

Stjórnlagaþing



Guðmundur Hörður Guðmundsson

situr í stjórn Félags umhverfisfræðinga

Stjórnlagaþing mun koma saman í febrúar næstkomandi. Í lögum segir að það skuli sérstaklega fjalla um átta þætti, þar á meðal umhverfismál og eignarhald náttúruauðlinda. Umræða um eignarhald náttúruauðlinda verður vafalaust fyrirferðarmikil en hitt er ekki síður mikilvægt að þingið fjalli vandlega um sérstakt umhverfisverndarákvæði.

Fjöldi fólks hefur hvatt til þess að umhverfisverndarákvæði verði bætt við stjórnarskrána. Stjórnmálamenn hafa mælst til þess, eins og Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra. Reynsla hennar innan stjórnsýslunnar varð til þess að hún áréttaði opinberlega mikilvægi þess að í stjórnarskrá væri umhverfiskafli svo að náttúra og umhverfi nytu þar verndar eins og atvinnufrelsi og eignarréttur. Umhverfisverndarsamtök hafa tekið í sama streng. Aðalfundur Landverndar 2004 beindi því til stjórnvalda að við endurskoðun stjórnarskrár yrði sett inn ákvæði um umhverfisvernd og þáverandi stjórnarskrárnefnd var send tillaga að slíku ákvæði árið 2005. Í greinargerð með tillögunni sagði að gjarnan væri vísað til atvinnufrelsis- og eignarréttarákvæða stjórnarskrár við meðferð opinberra mála. Ákvæðin gætu ein og sér leitt til niðurstöðu sem spillti náttúru og umhverfi. Því væri rík þörf fyrir umhverfisverndarákvæði.

Fræðimenn hafa fjallað um áhrif umhverfisverndarákvæðis í stjórnarskrám. Ber þar helst að nefna Aðalheiði Jóhannsdóttur, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Í grein í Úlfljóti árið 2005 segir hún að umhverfisverndarákvæði gæti tryggt meiri vandvirkni og vandaðri rökstuðning ákvarðana sem hafa áhrif á umhverfið. Aðalheiður taldi ekki óhugsandi að almenningur, félög eða stofnanir gætu byggt kröfur um aukna umhverfisvernd á slíku ákvæði. Að minnsta kosti yrðu sjónarmið umhverfisverndar jafnrétthá sjónarmiðum atvinnufrelsis og verndar eignarréttinda.

Ákvæði sem þetta myndi ekki binda enda á átök um umhverfisvernd en yrði engu að síður mikið framfaraskref. Það er því full þörf á að áhugafólk um umhverfisvernd taki höndum saman í aðdraganda þjóðfundar og stjórnlagaþings og stuðli að því að umhverfisverndarákvæði verði bætt við stjórnarskrána, t.d. með því að semja drög að slíku ákvæði og kynna fyrir fulltrúum á stjórnlagaþingi og þjóðfundi. Einnig er full ástæða til að hvetja umhverfisverndarsinna til að bjóða sig fram til stjórnlagaþingsins og vinna þar tillögu um umhverfisverndarákvæði í stjórnarskrá brautargengi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Færeyjar, Ísland og evran

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
prófessor



Það gildir um gjaldeyrismál líkt og um lífið sjálft, að yfirleitt eru fleiri en ein leið fær að settu marki. Stundum á vel við að halda úti eigin gjaldmiðli og leyfa gengi hans að fljóta. Stundum er betra að festa gengið við gjaldmiðla annarra þjóða. Og stundum á vel við að blýfesta gengið, þannig að helzt verði ekki aftur snúið, og er það jafnan gert með því að leggja þjóðmyntina til hliðar og taka upp annan gjaldmiðil.

**Kostir og gallar**

Það er engin tilviljun, að þjóðir heimsins hafa kosið að búa ýmist við fast eða fljótandi gengi og ýmist við eigin þjóðmynt eða sameiginlega mynt. Landslag gjaldeyrismálanna endurspeglar ólíkar aðstæður og ólíkt mat á kostum og göllum hvers fyrirkomulags á hverjum stað.

Gengisflot getur komið sér vel, því að fljótandi gengi er sveigjanlegt. Það hneigist til að hækka, þegar vel gengur í efnahagslífinu, og lækka, þegar á móti blæs. Gengishækkun dregur úr uppsveiflu með því að örva innflutning á kostnað innlendrar framleiðslu og hamla útflutningi. Gengislækkun mildar niðursveiflu með því að hamla innflutningi og örva þannig framleiðslu innan lands og útflutning. Þessi regla er þó ekki einhlít, því að flotgengi sveiflast til meðal annars vegna spákaupmennsku. Höfuðkostur flotgengis er sveigjanleiki, höfuðgallinn er óstöðugleiki.

> Fast gengi auðveldar verðsamanburð milli landa. Okrarar geta þá ekki skýlt sér bak við gengisbreytingar. En fast gengi er ósveigjanlegt. Þegar vel árar í efnahagslífinu, hækkar verðlag (verðbólga eykst), úr því að gengið er fast. Og þegar á móti blæs, skreppur atvinna saman (atvinnuleysi eykst), þar eð genginu er haldið föstu.

Gengisfesta stuðlar jafnan að stöðugleika í efnahagslífinu og dregur úr óvissu og öldugangi. Festa getur komið sér vel, einkum ef verðbólga hefur náð að skjóta rótum í skjóli fljótandi gengis og valdið gengissigi. Fast gengi auðveldar verðsamanburð milli landa. Okrarar geta þá ekki skýlt sér bak við gengisbreytingar. En fast gengi er ósveigjanlegt. Þegar vel árar í efnahagslífinu, hækkar verðlag (verðbólga eykst), úr því að gengið er fast. Og þegar á móti blæs, skreppur atvinna saman (atvinnuleysi eykst), þar eð genginu er haldið föstu. Fast gengi gagnast ekki við að draga úr hagsveiflum. Höfuðkostur fastgengis er stöðugleiki, höfuðgallinn er ósveigjanleiki.

Þjóðir, sem þurfa mest á sveigjanleika að halda, til dæmis af því að þær hafa setið fastar í hjólförum óhagkvæms búskaparlags, og setja gengissveiflurnar ekki fyrir sig, kjósa yfirleitt fljótandi gengi. Þjóðir, sem þurfa mest á stöðugleika að halda, til dæmis af því að þær eru brenndar af langvinnri verðbólgu, og setja ósveigjanleikann ekki fyrir sig, kjósa yfirleitt fast gengi. Íslendingar hafa  gert hvort tveggja á víxl. Við hurfum frá föstu gengi á sínum tíma til að liðka fyrir frívæðingu efnahagslífsins auk þess sem verðbólga hafði grafið undan krónunni. Við festum gengið aftur til að hamla verðbólgu og settum gengið síðan enn á flot, þegar verðbólgan virtist hafa hjaðnað.

**Hvert stefna aðrar þjóðir?**

Greina má tvo meginstrauma í gjaldeyrismálum heimsins undangengin ár. Í þróunarlöndum hefur fljótandi myntum fjölgað um sinn, en í hátekjulöndum hefur fast gengi færzt í vöxt. Skýringarinnar á þessari þróun er ekki langt að leita. Þróunarlöndin reyna mörg að rífa sig upp úr hjólförum fyrri tíðar og sækjast því eftir sveigjanleika með fljótandi gengi. Hátekjulöndin hafa fyrir löngu komið skipulagi atvinnuvega sinna á réttan kjöl og sækjast því eftir stöðugleika með föstu gengi. Eigi að síður stefna mörg þróunarlönd að föstu gengi. Afríkusambandið stefnir að einni mynt um alla álfuna 2028, en ólíklegt virðist, að tímataflan standist. Viljann vantar þó ekki í orði, því að Afríkumenn skilja kosti evrunnar. Einstök svæði Afríku hafa sameiginlegar myntir á prjónunum sem millileik, og hið sama á við um Austurlönd nær. Asía og Suður-Ameríka eru enn að hugsa sig um. Gjaldmiðlum heimsins hefur fækkað undangengin ár, eftir því sem fleiri og fleiri þjóðir telja sig hafa sigrazt bæði á óhagkvæmni og verðbólgu og hafa því ákveðið að deila gjaldmiðlum sínum með öðrum.

**Danmörk og Færeyjar**

Í þessu ljósi er skiljanlegt, að ýmsir hér heima hafi efasemdir um ágæti þess að taka upp evruna skömmu eftir inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Íslendingar eiga eftir að vinna fullnaðarsigur á landlægri óhagkvæmni og verðbólgu, rétt er það. Aðrir líta svo á, að greiðasta leiðin til að vinna bug á óhagkvæmninni og verðbólgunni sé einmitt að ganga í ESB með evrunni og öllu saman, svo að ljóst sé, að gamla agaleysið, gamla vitleysan verður að víkja. Gengi krónunnar hefur fallið um 99,95 prósent gagnvart dönsku krónunni frá 1938. Þetta segir allt, sem segja þarf um stjórn peningamála á Íslandi í sjötíu ár. Er ekki komið nóg? Danir hafa í reyndinni notað evruna frá upphafi, þar eð gengi dönsku krónunnar hefur verið haldið föstu við evru frá 1999, þegar evrunni var hleypt af stokkunum sem bókhaldseiningu. Færeyingar hafa einnig notað evruna frá upphafi, þar eð færeyska krónan er jafngild dönsku krónunni. Ekki kvarta Danir og Færeyingar undan evrunni, ekki heldur færeyskir útvegsmenn.

**Tenerife**
28. október í 16 nætur



*Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Tenerife þann 28. október á ótrúlegu sértilboði.*

Á haustin skartar þessi yndislega eyja sínu fegursta. Veðurfarið er einstaklega milt og notalegt sem og allt umhverfi, hvort sem dvalið er við amerísku ströndina, á Costa Adeje eða í Los Cristianos. Nú fer hver að verða síðastur að panta sér ferð í október til Tenerife, því það eru einungis örfá sæti laus.

- Ekki missa af þessari ferð!

Frá kr. **139.540**
- Dream Villa Tagoro*** með allt innifalið!
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð m/1 svefnherbergi. Innifalið er flug, gisting, skattar og „allt innifalið" þjónusta.

Verð kr. **187.980**
- Dream Villa Tagoro***
á mann m.v. tvo í íbúð m/1 svefnherbergi.
Innifalið er flug, gisting, skattar og „allt innifalið" þjónusta. Sértilboð í 16 nætur þann 28. október.

Frá kr. **164.180**
- Parque Santiago***
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í stúdíóíbúð í 16. nætur. Innifalið er flug, gisting og skattar. Sértilboð 28. október. Aukagjald fyrir einbýli kr. 87.100.

*Ekki missa af síðustu sætunum í sólina nú í haust - bókaðu strax!*

*Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði – verð getur hækkað án fyrirvara!*

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**Skemmtileg, örugg og allskonar Reykjavík**
*Er hún það?*

**Málþing föstudaginn 17. september 2010**
**í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 14:00**

14:00 **Setning málþings**
*Magga Stína, tónlistarkona og varaformaður mannréttindaráðs*

14:05 **Hvað segja tölur um öryggi næturlífsins**
*Margrét K. Sverrisdóttir, formaður mannréttindaráðs*

14:20 **Hvað getur lögreglan gert til að auka öryggi í miðborg?**
*Ómar Smári Ármannsson aðstoðaryfirlögregluþjónn*

14:40 **Miðborgin, tilraunaverkefni - þar sem allir eru frjálsir og enginn ber ábyrgð**
*Gunnar Smári Egilsson blaðamaður*

15:15 **Kaffihlé**

15:35 **Hvers konar þorp á miðborgin að vera?**
*Páll Hjaltason, arkitekt og formaður skipulagsráðs*

16:00 **Umræður og pælingar**

16:30 **Málþingi slitið**

FOR DIVERSITY AGAINST DISCRIMINATION

*Magga Stína stjórnar málþinginu og tengir saman erindin með örsögum úr lífi sínu í miðborginni og öðru sem við á og hljómar skemmtilega.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**86 LAUREN BACALL** er 86 ára í dag.

*„Ég held að allt sem þú hefur upplifað í lífinu sjáist á andliti þínu og mér finnst að það eigi að fylla þig stolti.“*



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jóhann Þorsteinsson**
**(Jói í Skálholti),**
Silfurtúni 23, Garði,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 6. september. Útförin fer fram frá Útskálakirkju laugardaginn 18. september kl. 14.00.

**Helga Sigurbjörg Bjarnadóttir**
**Þorsteinn Jóhannsson** — **Ingveldur Ásdís Sigurðardóttir**
**Björn Þórhallur Jóhannsson** — **Perla Svandís Hilmarsdóttir**
**Hlynur Jóhannsson** — **Þórhildur Jónsdóttir**
**Njörður Jóhannsson** — **Berglind Elva Lúðvíksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorgerður Jónsdóttir**
frá Neðri Svertingsstöðum, Miðfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ, að morgni þriðjudagsins 14. september. Jarðarförin auglýst síðar.

**Friðrik Jónsson** — **Oddrún Sverrisdóttir**
**Sævar Jónsson** — **María Gunnarsdóttir**
**Sólrún Jónsdóttir** — **Ólafur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir*

**Magnús Sigurðsson**
Skólabraut 7, Innri Njarðvík

lést mánudaginn 13. september á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Útför verður frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 21. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast Magnúsar er bent á Styrktarfélag Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

**Guðrún Ósk Ragnarsdóttir**
**Gunnur Magnúsdóttir** — **Friðrik Ingi Ólafsson**
**Sigurður Magnússon** — **Björg Jónsdóttir**
**Magnea Magnúsdóttir**
**Ragnar Sævarsson** — **Mille Sørensen**
**barnabörn og systkini.**



†

*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lára Lárusdóttir**
Mýrarvegi 111, Akureyri,

sem lést á Dvalarheimilinu Hlíð 11. september, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 20. september kl. 13.30.

**Adam Ingólfsson**
**Sólveig Adamsdóttir** — **Sævar Örn Sigurðsson**
**Lára Halldóra Eiríksdóttir** — **Jón Torfi Halldórsson**
**Halldór Yngvi, Elvar Örn, Þorgerður Katrín og Sólveig**
**Alexandra Jónsbörn**
**Margrét Eiríksdóttir**
**Heimir Már og Davíð Már Ólasynir**
**Ásgeir Adamsson** — **Maríanna Traustadóttir**
**Hildur og Katla Ásgeirsdætur.**

**ÞETTA GERÐIST:** 16. SEPTEMBER 1975

## Papúa Nýja-Gínea hlýtur sjálfstæði

Á þessum degi árið 1975 hlaut Papúa Nýja-Gínea sjálfstæði frá Ástralíu.

Papúa Nýja-Gínea er eyríki sem tekur yfir eystri helming eyjunnar Nýju-Gíneu og nokkrar aðrar eyjar. Það tilheyrir Eyjaálfu og er í Kyrrahafi fyrir norðan Ástralíu. Ríkið varð til við sameiningu nokkurra svæða undir stjórn Ástralíu og höfuðborgin er Port Moresby.

Í Papúu Nýju-Gíneu eru töluð fleiri en 850 tungumál og má finna að minnsta kosti jafn marga ættbálka þar þótt íbúafjöldinn nái ekki sjö milljónum. Oft hafa verið miklar ættbálkaerjur í ríkinu en víða á hálendinu eru afar frumstæðir ættbálkar sem enn lifa á steinöld. Á fáum stöðum í heiminum býr jafn stór hluti íbúanna utan borga og bæja en aðeins 18 prósent þjóðarinnar býr í þéttbýli.

Landið er eitt það minnst kannaða í heiminum og talið er að þar sé að finna fjölda óþekktra plöntu- og dýrategunda.





†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pétur Guðjónsson**
frá Hrauni í Sléttuhlíð,

sem lést föstudaginn 10. september verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 17. september kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Herbert Jónasson Hólm**

lést á heimili sínu þann 14. september. Jarðarförin auglýst síðar.

**Björk Rögnvaldsdóttir**



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Gísladóttir**
dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði,

lést fimmtudaginn 9. september. Útförin fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 18. september kl. 14.00.

**Svanlaug Vilhjálmsdóttir** — **Þorsteinn H. Jóhannesson**
**Sveinn Sæmundsson**
**Lóa Helgadóttir**
**ömmu- og langömmubörn**



†

*Ástkær dóttir mín og systir okkar,*

**Ásrún Guðríður Héðinsdóttir**

sem lést laugardaginn 11. september verður jarðsungin í Breiðholtskirkju föstudaginn 17. september kl. 15.

**Héðinn Hjartarson**
**Margrét Héðinsdóttir**
**Halldóra Jónsdóttir**
**Símon Jónsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



**Á ÆFINGU** Margrét er hér umkringd ungum ÍR-ingum sem æfa frjálsar íþróttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**BRONSLEIKAR ÍR:** TÍU ÁR SÍÐAN VALA FLOSADÓTTIR FÉKK BRONSIÐ

# HALDA UPP Á AFREK ÍR-INGA

Tíu ár eru liðin í dag síðan Vala Flosadóttir stangarstökkvari stóð á verðlaunapalli í Sydney í Ástralíu og tók við bronsverðlaunum. Í tilefni af því stendur ÍR fyrir íþróttamóti fyrir börn tíu ára og yngri.

„Við ætlum að halda þetta mót sem við köllum Bronsleika á laugardaginn frá 9 til 12. Við ákváðum að hafa þetta mót fyrir krakka sem eru fæddir árið sem Vala fékk bronsið og síðar, það er tíu ára og yngri. Þetta er stílað upp á alla krakka en ekkert endilega krakka sem eru að æfa frjálsar eða íþróttir. Þeir fara í gegnum ákveðna þrautabraut þar sem eru bara stuttar svona 10 mínútna þrautir. Við erum búin að prófa þetta á tveimur öðrum mótum og krökkunum finnst þetta rosalega skemmtilegt. Það er betra ef fólk skráir sig fyrirfram með tölvupósti en það er líka allt í lagi að mæta bara. Inni á ir.is eru nánari upplýsingar,“ segir Margrét Héðinsdóttir formaður frjálíþróttadeildar ÍR.

Margrét segir að þau hjá ÍR hafi svolítið gaman af því að halda svona upp á afrek ÍR-inga á Ólympíuleikum. „Við höldum til dæmis Silfurleika í nóvember til að minnast þess að Vilhjálmur Einarsson fékk silfurverðlaun á Ólympíuleikunum ´56. Svo bíðum við bara eftir að ÍR-ingur fái gull á Ólympíuleikunum og þá getum við haldið Gullmót,“ segir Margrét og hlær.

Fyrsti Íslendingurinn sem keppti á Ólympíuleikum var ÍR-ingurinn Jón Halldórsson sem keppti í hundrað metra hlaupi í Stokkhólmi 1912. „Þannig að við eigum voðalega mikla sögu. Það eru hundrað ár síðan á næstu Ólympíuleikum og við ætlum að eiga keppanda þar líka,“ segir Margrét.

Vala Flosadóttir kemur til landsins í dag í boði ÍR til að vera viðstödd Bronsleikana. „Hún ætlar að vera með okkur en það er líka svolítið skemmtilegt að við eigum núna Norðurlandameistara 19 ára í stangarstökki sem er Hulda Þorsteinsdóttir og hún ætlar að vera með okkur líka og stýra stangarlangstökki hjá 9 og 10 ára,“ segir Margrét.

emilia@frettabladid.is



†

*Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns,*

**Einars Einarssonar**
vélstjóra,
Stuðlaseli 31, 109 Reykjavík.

**Margrét Sigurðardóttir**



**Þýski tískuhönnuðurinn** Karl Lagerfeld hefur opnað ljósmyndasýningu undir yfirskriftinni Karl Lagerfeld, parcours de travail, í Maison de la photographie í Paris. Ljósmyndasýningin verður opin til 31. október.




Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447



Skór & töskur í miklu úrvali

www.gabor.is

Sérverslun með Gabor xena

FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060

Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



Eirberg

Bjargar mannslífum

PRIMEDIC hjartastuðtækið

- Ávallt tilbúið til notkunar
- Einfalt og öruggt
- Einn aðgerðarhnappur
- Lithium rafhlaða
- Íslenskt tal

PRIMEDIC Saves Life. Everywhere.

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is



Gamaldags myndaalbúm gesta- og dagbækur

Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30 -18:00,
Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 www.nora.is og á Facebook.

Nóra


**Hildur Maral Hamíðsdóttir, viðburðastjóri Riff, klæðist helst kjólum og pilsum.**



# *Í japanskri hönnun*

Nýjasta flík Hildar Maral Hamíðsdóttur er fallegur kjóll eftir japanska hönnuðinn Tsumore Chisato. „Kjólinn keypti ég í KronKron um daginn og er hann í mestu uppáhaldi hjá mér í dag,“ segir Hildur. Innt eftir sínum fatastíl segir hún hann vera fremur handahófskenndan. „Ég kaupi lítið af fötum hér heima en þá helst í „vintage“ búðum. Ég er ekki þekkt fyrir að ganga í buxum og er frekar í kjólum og pilsum.“ Þykkar peysur eru líka í uppáhaldi enda segist Hildur fremur kulvís.

Hildur sér um sérstaka viðburði á kvikmyndahátíðinni Riff sem hefst 23. september. „Ég sé til dæmis um bílabíó, sundbíó og rokkabillíkeppni,“ segir hún og minnir á heimasíðu keppninnar, www.riff.is.

*solveig@frettabladid.is*

Hildur Maral Hamíðsdóttir er ekki þekkt fyrir að ganga í buxum. Heldur kýs hún kjóla og pils auk hlýs fatnaðar enda segist hún kulvís með eindæmum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


6 mánaða vaxtalausar greiðslur

zZzZzzZ zZzZzzZ zZzZzzZ

Svefn & heilsa ★★★★★

Gerið gæða- og verðsamanburð

www.svefn.is

NÝTT
Svefnsófi
með tungu hægri/vinstri og geymslu
Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð 199.000

SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur
SAGA Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA
PROFLEX
2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins 349.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**Sýningarstúlka** sýnir fatnað úr smiðju tískuhönnuðarins Tracy Reese á Mercedes Benz-tískuvikunni sem fer nú fram í New York. Margir af fremstu hönnuðum í tískuiðnaðinum taka þátt í viðburðinum.



# Hvítt er hið nýja svart

**Næsta sumar verður hvítt og pastellitað ef marka má helstu tískuhönnuði heims.**

Hvíti liturinn verður allsráðandi næsta vor og sumar ef marka má þær línur sem stóru tískuhönnuðirnir eru í þann mund að leggja. Einfaldleikinn er allsráðandi og svarti liturin virðist á hröðu undanhaldi.



Alexander Wang gengur einna lengst í þessum efnum og í vor- og sumarlínu hans er varla litað plagg að finna. Ef grannt er skoðað má þó sjá einstaka ljósum pastellitum bregða fyrir en annars er allt hvítt, hvort sem það eru buxur, peysur eða skór.

*- ve*

# Fersk sýn á verkin

**Óhætt er að segja að tískuhönnuðurinn Mundi hafi í nógu að snúast, en hann hefur nú opnað tískuvöruverslun við Laugaveg og mun sýna sumarlínu og listaverk í París.**

„Hér verður fatnaður, bæði fyrir dömur og herra á öllum aldri, sem endurspeglar vel hugkvæmni og einstakt handbragð hönnuðarins,“ segir Sigyn Eiríksdóttir, framkvæmdastjóri hönnunarfyrirtækisins Mundi, og vísar þar til nýrrar verslunar sem var opnuð í nafni hönnuðarins Munda á Laugavegi 37 í gær að viðstöddu fjölmenni.

Verslunin, Mundi's Boutique, selur fatnað eftir hönnuðinn sjálfan sem Sigyn telur hafa ýmsa kosti í för með sér. „Allir hönnuðir hafa gott af því að reka verslun í eigin nafni, þarna mun Mundi fá góða yfirsýn yfir verk sín ásamt því að öðlast aðra sýn á þau í gegnum viðskiptavini sína.“

Mundi sjálfur var þó fjarri góðu gamni þegar verslunin var opnuð þar sem hann og aðstoðarfólk hans er nú að störfum í París, við undirbúning á þátttöku í tískuviku sem fer þar fram í upphafi október. „Mundi ætlar að sýna sumarlínu fyrir næsta sumar í húsakynnum Rendez-Vouz, falleg og litrík föt og stuttmynd að auki, The Rabbit Hole, súrrealíska mynd með ævintýralegu ívafi þar sem alls kyns furðulegar persónur og fötin sjálf koma við sögu,“ segir Sigyn.



Mundi er með mörg járn í eldinum.

Að sögn Sigyn er þetta sjötta fatalínan sem Mundi sýnir í París en þátttaka á tískuvikunni geti opnað honum ýmsa möguleika. „Þarna munu ýmsir þekktir hönnuðir sýna og Rendez-Vouz er klárlega rétti staðurinn til að vekja athygli bæði gagnrýnenda og almennings.“

Af tískupöllunum liggur leiðin á Le Fiac, stóra og virta listakaupstefnu í París þar sem Mundi og félagar hans í MoMS munu sýna listaverk og því næst í Hoxton Square galleríið í London. „Mundi er meðlimur í hópi myndlistar- og gjörningahóps, sem kallast Mom´s, sem ætlar að sýna verk í París og London. Það er mikill heiður að komast þarna inn með verk eftir sig, en öll stóru nöfnin í listaheiminum í dag eru yfirleitt á Le Fiac,“ segir Sigyn og getur þess að sökum anna verði Mundi ekki viðloðandi verslunarreksturinn hér heima fyrst um sinn. „Ef vel gengur gæti svo verið gaman að opna fleiri verslanir, en hvort af því verður og hvenær skal ósagt látið.“

*roald@frettabladid.is*



Starfsmenn Mundi's Boutique voru önnum kafnir við að undirbúa opnun verslunarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Haustið er komið í coast

Komdu við og skoðaðu nýja haustlínu og leyfðu stílistum okkar að aðstoða þig

Nýjar vörur á tilboði !



libby corset dress
Kr. 34.990
Stærð: 8-18



Libby lace clutch
Kr. 12.990



romaine cover up
Kr. 14.990
S-m-l
Er líka til fjólublár



piper shift dress
Kr. 26.990
Stærð: 8-18



shelby feather dress
Kr. 44.990
Stærð: 8-18



jeannie print dress
Kr. 34.990
Stærð: 8-18



alyssa frill dress
Kr. 29.990
Stærð: 8-18


Svart er alltaf sígilt.


„Það veitir mér mikla gleði að dúlla við armböndin,“ segir Kristín Bridde. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Perluarmböndin höfða til breiðs hóps.


Strútsroð er mikilfenglegt hráefni.

# Strútsleður, perlur og roð



**Armbönd eru sérgrein Kristínar Bridde sem er nýbyrjuð að hanna slíkt skart úr strútsleðri, fiskroði og perlum. Afraksturinn hefur vakið hrifningu bæði hjá erlendum ferðamönnum og íslenskum dömum.**

„Mér fannst vanta einhverja pæjuhluti og langaði að prófa að setja roð á svona armhringi, hafði ekki séð það áður en það virkar vel. Perluarmbönd, skreytt með roði komu svo í kjölfarið. Það er gott að hafa þau með enda er breiðari hópur sem velur þau,“ segir Kristín sem er lærð hárgreiðslukona. Hún byrjaði á þessari iðju fyrir tveimur mánuðum en kveðst alltaf hafa haft áhuga á hönnun og handverki enda sé hún af handverksfólki komin. „Ég hef verið að mála, búa til fylgihluti og sauma fyrir sjálfa mig en þegar fólk sá armböndin tók það þeim svo vel að ég ákvað að halda áfram. Það veitir mér mikla gleði að dúlla við þau,“ segir hún.

Armböndin selur Kristín gegnum heimasíðuna http://kbdesign.123.is/. Einnig eru þau í Gallerí Dungu við Geirsgötu og perluarmböndin eru í Gallerí 21 á Skólavörðustíg. „Útlendingarnir eru voða áhugasamir um þessa hluti mína,“ segir Kristín og tekur undir að roðarmböndin eigi vel heima í Dungu á hafnarbakkanum.

*gun@frettabladid.is*


Pæjulegt armband úr smiðju Kristínar.


Roðarmböndin fást í mörgum litum.


leanne dress
Kr. 29.990
Stærð: 8-18


tanyel necklace
Kr. 8.990


rowena lace skirt
Kr. 24.990
Stærð: 8-18

Allir sem versla í dag lenda í lukkupotti og geta unnið kjól að eigin vali.*


carmella cowl
Kr. 12.990
Stærð: 8-18


TRUDY PLEAT DRESS
Kr. 34.990
Stærð: 8-18


thea dress
Kr. 29.990
Stærð: 8-18


diana frill bandeau dress,
einnig til í fjólubláu
Kr. 32.990


felicity feather bolero
Kr. 13.990
Stærðir: s/m og m/l

coast
Smáralind sími 544 5111

*gildir ekki um vörur á lækkuðu verði.

# starfsmennt

FIMMTUDAGUR 16. SEPTEMBER 2010

## Vel sótt fræðsla

**Um þriðjungur vinnuaflsins á Íslandi hefur ekki lokið framhaldsskóla.** SÍÐU 2





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KYNNING

**● UPPRIFJUN ER NAUÐSYNLEG** Upprifjun er mikilvægt hjálpartæki til að leggja hluti á minnið. Best er að rifja upp ný atriði strax daginn eftir að þau eru lærð en síðan þarf að rifja þau upp með reglulegu millibili. Hér eru nokkrar aðferðir af vefnum www.nams.is sem hjápa fólki að festa atriði í minni.

- Tengja það sem þú lærir við eitthvað sem þú þekkir eða hefur lært.
- Gefa þér tíma til að íhuga nýjan lærdóm.
- Ræða við aðra um það sem þú hefur lært.
- Fá einhvern til að hlýða þér yfir.
- Undirstrika mikilvæg atriði í námsbók.
- Skrifa niður glósur úr námsefninu eða kennslustundum.
- Nota verkefnablöð.
- Nota spurningar og svör.
- Skrifa útdrætti úr bókaköflum.
- Teikna skýringarmyndir.



**● LESTUR** Þegar bók er lesin í fyrsta sinn er gott að skima hana til að kynna sér aðalefni hennar. Þá er gott að kíkja á formála eða kynningu, efnisyfirlit, kaflaheiti og atriðisorðaskrá. Þannig er fengin góð hugmynd um efni bókarinnar og uppbyggingu og hægt að vinna út frá því. Næsta skref er að endursegja bókina og taka saman með sínum eigin orðum mikilvægustu atriði hvers kafla. Gott er að skrifa niður glósur úr lesefninu til dæmis mikilvægustu atriði hvers kafla. Að lokum er rifjað upp, hver kafli er endurskoðaður eftir ákveðinn tíma og reglulega eftir það. Gott er að skoða aftur fyrirsagnir kaflanna og athuga hvort maður man efni kaflans í megindráttum.



**● TÍMASTJÓRNUN** Þeir sem hyggja á nám, sérstaklega ef því á að sinna með vinnu, verða að skipuleggja tíma sinn vel þannig að þeir nái yfir öll verkefni sem þarf að sinna. Besta ráðið er líklega að búa til sína eigin stundaskrá sem maður skuldbindur sig til að fara eftir. Mikilvægt er að stundarskráin sé sem raunhæfust, allar athafnir dagsins séu inni í töflunni, svo líklegra sé að eftir henni verði farið. Þannig eru minni líkur á að hún riðlist eða verði algjörlega óraunhæf og ónothæf. Alltaf skal skilja eftir tíma á stundatöflunni fyrir óvæntar uppákomur.










„Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er samstarfsvettvangur aðila atvinnulífsins um menntun á vinnumarkaði og menntun fullorðins fólks," segir Ingibjörg E. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Framhaldsfræðslan fimmta stoðin í menntakerfinu

**Um þriðjungur vinnuaflsins á Íslandi hefur ekki lokið framhaldsskóla. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins aðstoðar þá sem vilja þrátt fyrir það leita sér framhaldsmenntunar.**

„Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er samstarfsvettvangur aðila atvinnulífsins um menntun á vinnumarkaði og menntun fullorðins fólks. Hún var stofnuð 2003 af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins en nú í maí 2010 gengu til liðs við okkur BSRB, Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytið. Nú tekur starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar yfir allan vinnumarkaðinn, bæði almenna markaðinn og opinbera geirann," segir Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, og telur hina nýju viðbót mikið gæfuspor.

Markhópur starfseminnar hefur verið fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið framhaldsskóla og segir Ingibjörg það nokkuð stórt hlutfall vinnuaflsins eða um þriðjungur. „Það hefur samt komið á óvart hve aðsóknin hefur verið mikil í það nám sem orðið hefur til hér og kennt er í símenntunarstöðvunum," segir Ingibjörg en bætir við að margir viti ekki af þeim möguleikum sem standi þeim til boða. „Í því skyni hefur verið efld náms- og starfsráðgjöf með því að samstarfsaðilar okkar hafa ráðið til sín náms- og starfsráðgjafa sem meðal annars fara út á vinnumarkaðinn og halda kynningarfundi."

Ingibjörg segir að talsvert úrval af námsleiðum sé viðurkennt og metið til eininga á framhaldsskólastigi. „Markmiðið er að fólk geti stytt sér leiðina að útskrift ef það síðar fer í framhaldsskóla," útskýrir hún.

En hvað er í boði? „Það er til dæmis boðið upp á almennt nám eins og Grunnmenntaskólann en þar eru kenndar almennar bóklegar greinar eins og íslenska, enska og stærðfræði. Landnemaskólinn er fyrir innflytjendur sem eru komnir eitthvað á veg með íslenskuna en vilja ná betri tökum á henni, kynna sér ýmislegt um samfélagið, menninguna og vinnumarkaðinn," segir Ingibjörg en einnig er boðið upp á nokkuð af starfstengdu námi sem tengist atvinnulífinu beint. „Til dæmis eru til námskrár í ferðaþjónustu, jarðlagnatækni, skólaliðanám og umönnun svo fátt eitt sé nefnt." Þá nefnir Ingibjörg einnig námsleiðir fyrir þá sem glíma við lestrarerfiðleika.

Margir taka nám með vinnu og þá á kvöldin. Hins vegar segir Ingibjörg það hafa breyst í kjölfar aukins atvinnuleysis en í auknum mæli hefur verið boðið upp á nám á dagtíma svo fólk geti verið í fullu námi í heila önn.

Kostnaður við námið er vissulega mörgum hugleikinn en Ingibjörg segir að ríkið greiði niður um áttatíu prósent af kostnaði. „Síðan eru margir í fræðslusjóðum og geta fengið styrki til að greiða niður þátttökugjald," upplýsir Ingibjörg.

Nokkuð markverð tímamót urðu fyrir fullorðinsfræðslu nú í vor að sögn Ingibjargar. „Það er gaman að geta þess að búið er að setja lög um framhaldsfræðslu sem sett voru síðastliðið vor á Alþingi. Nú er unnið að innleiðingu þeirra í ráðuneytinu en lögin eiga að ganga í gildi 1. október," segir hún og bætir við: „Þar með er komin fimmta stoðin undir menntakerfið."

# Raunfærnimat metur alla færni

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur á síðustu árum þróað svokallað raunfærnimat. Mat á raunfærni byggist á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur við alls konar aðstæður og í alls konar samhengi. Allt nám er álitið verðmætt og því mikilvægt að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað.



Nám fer ekki bara fram innan skóla heldur líka í vinnu og við leik.

Með mati á raunfærni fær fullorðið fólk á vinnumarkaði aukna möguleika á að sækja sér menntun og þjálfun til að auka færni sína. Helsti ávinningur þess er að fá ný tækifæri til að styrkja sig í námi og starfi. Með því að fá viðurkenningu á færni sinni geta það haldið áfram námi þar sem það er statt í þekkingu og færni en ekki þar sem formlegu námi lauk.

Mat á raunfærni getur verið hvati fyrir fullorðið fólk á vinnumarkaði, í hinum ýmsu starfsgreinum, til að ljúka formlegu námi. Þar með styrkist staða þess, fagstéttanna, fyrirtækjanna og þjóðarinnar almennt hvað varðar þekkingarstig og framþróun.

Frekari upplýsinga er að leita á www.frae.is.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmenn auglýsinga:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471



Salóme segir nemendur fá tækifæri til að mynda öflug tengslanet við samnemendur og kennara, sem getur reynst dýrmætt á vinnumarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nám sem dýpkar skilning og eykur faglega þekkingu

**Þrjár hagnýtar námsbrautir á háskólastigi hefja göngu sína hjá Opna háskólanum í lok mánaðarins. Um er að ræða nám sem er hægt að sækja samhliða starfi.**

Opni háskólinn í HR fer af stað með þrjár nýjar námsbrautir í lok mánaðarins. Í öllum tilfellum er um að ræða árslangt nám og eru brautirnar ígildi 30-36 ECTS-eininga. Brautirnar sem um ræðir eru verkefnastjórnun, markaðssamskipti og almannatengsl og mannauðsstjórnun.

„Verkefnastjórnun er kennd í fjarnámi og lýkur með alþjóðlegri IPMA vottun,“ segir Salóme Guðmundsdóttir, verkefnastjóri námsbrauta hjá Opna háskólanum. „Markaðssamskipta- og almannatengslnámið sameinar hin ýmsu svið innan auglýsinga-, markaðs-, og sölugeirans. Náminu lýkur með því að nemendur vinna markaðssamskiptaherferð fyrir íslenskt fyrirtæki. Mannauðsstjórnunarbrautin hentar síðan öllum þeim sem eru að sinna mannauðsmálum innan fyrirtækja en einnig þeim sem vilja kynna sér helstu lykilþætti fagsins,“ útskýrir Salóme.

Námsbrautirnar er allar kenndar á kvöldin og um helgar og því hægt að stunda námið samhliða vinnu. Salóme segir ríka áherslu lagða á að námið sé hagnýtt jafnt sem fræðilegt og geti þannig nýst nemendum beint í starfi. „Við erum í nánum tengslum við atvinnulífið og vinnum raunhæf verkefni með það að markmiði að dýpka skilning og auka faglega þekkingu á viðfangsefninu. Við leggjum mikla áherslu á að námið sé lifandi og fjölbreytt.“ Salóme segir leiðbeinendur námsbrautanna flesta koma beint úr atvinnulífinu og að nemendur fái tækifæri til að mynda öflugt tengslanet við bæði samnemendur og kennara sem geti reynst dýrmætt þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Nemendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi til að fá inngöngu í námið en þó eru gerðar undantekningar hafi þeir tiltekna starfsreynslu. „Við fáum svo líka til okkar fólk sem er búið að ljúka grunn- og jafnvel meistaranámi í háskóla en vill sækja sér dýpri þekkingu á viðkomandi sviði,“ segir Salóme. Frestur til að sækja um námsbrautirnar rennur út mánudaginn 20. september en nánari upplýsingar veitir Salóme í gegnum netfangið salomeg@ru.is

# Auðgar íslenskt samfélag

Ár hvert sækja fleiri en átta þúsund nemendur þau fimm hundruð námskeið og viðburði sem eru í boði hjá Opna háskólanum í HR. Tilgangur hans er að auðga íslenskt samfélag og auka samkeppnishæfni með námsleiðum sem þjóna þekkingarþörfum einstaklinga á sama tíma og þær ýta undir hagvöxt.

„Opni háskólinn er væntanlega ein stærsta endurmenntunarmiðstöð landsins með framboð sem höfðar til allt frá ungum börnum og upp í forstjóra með margra ára starfsreynslu. Starsemin er drifin áfram af miklu hæfileikafólki sem býr bæði yfir góðum akademískum bakgrunni og víðtækri starfsreynslu,“ segir Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri Opna háskólans.

Til að gefa innsýn inn í þann fjölbreytileika sem einkennir starfsemina hefur hún tekið saman eftirfarandi svipmynd af vinnuvikunni:




**Opni háskólinn er ein stærsta endurmenntunarmiðstöð landsins og heldur mörg námskeið sem höfða til ungra sem aldinna.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

- Á laugardaginn voru þrjátíu starfsmenn DHL á Íslandi hér á námskeiðinu „Traust – þjónusta og sala“.
- Á mánudag var tekið á móti fimmtíu erlendum þátttakendum á þrjú alþjóðleg námskeið. Um er að ræða nemendur frá Búlgaríu, Póllandi, Slóveníu og Tékklandi sem sækja námskeiðin „University English“ og „The Methodology of Writing Scientific Papers“.
- Sama dag hófu þrjátíu nemendur nám í Tryggingarskólanum.
- Í dag hefst ný námslína um fjármál sem ber yfirskriftina Færni, greining og fjárfestingar.
- Í dag fer einnig af stað nýtt þekkingarsetur fyrir starfsfólk Íslandsbanka með námskeiði um þjóðhagfræði.
- Öll kvöld vikunnar eru tileinkuð námskeiðum í tveimur námsbrautum. Annað er námskeið í alþjóðaviðskiptum (International business) og hitt námskeið í flutningafræði (Logistics).




# ÞÚ!

## ÞETTA SNÝST UM ÞIG OG FRAMTÍÐINA

Opni háskólinn í HR leggur metnað í að auðga íslenskt samfélag með miðlun og virkjun þekkingar utan hefðbundinna námslína á háskólastigi.

**KYNNTU ÞÉR NÁMSBRAUTIR Í BOÐI:**

Markaðssamskipti og almannatengsl
Mannauðsstjórnun
Verkefnastjórnun

**LENGRI NÁMSKEIÐ**

**Rekstrar- og fjármálanám**
hefst 21. september
**Skipulag og stjórnun**
hefst 27. september
**Vefstjórnun**
hefst 11. október
**Ábyrgð og árangur stjórnarmanna**
hefst 20. október
**Stjórnun og forysta í ferðaþjónustu**
hefst í október

**STYTTRI NÁMSKEIÐ**

**Sannleikurinn bítur best**
hefst 24. september
**Framkoma og tjáning**
hefst 27. september
**7 venjur til árangurs**
hefst 28. september
**Breytingastjórnun**
30. september
**Innri endurskoðun á tímamótum**
7. október

Nánari upplýsingar og skráning á
www.opnihaskolinn.is
eða hafðu samband við okkur í síma 599 6200

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

# Landsmennt skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana



- Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni
- Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum

Landsmennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401
www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is



# Sveitamennt

styrkur þinn til náms



*Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður strarfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands*

- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan sveitarfélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar

Sveitamennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401
www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is



# Menntun er málið

- kynntu þér réttindi þín!



- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



*Ríkismennt SGS er þróunar-og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands (SGS)*

Ríkismennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • sími 599 1450
fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is


# Stuðningur fræðslusjóða

**Landsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt eru fræðslusjóðir verkafólks á landsbyggðinni. Aðildarfélög að sjóðunum eru nú 16 og er þar um að ræða stéttarfélög innan Starfsgreinasambands Íslands, SGS, utan þriggja aðildarfélaga þess á höfuðborgarsvæðinu sem standa að Flóabandalaginu.**



**„Framboð á námi hefur aukist verulega og stöðugt fleiri námskeið gefa einingar til frekara náms og það eru félagsmenn að nýta sér," segir Kristín Njálsdóttir, forstöðumaður Landsmenntar, Sveitamenntar og Ríkismenntar, sem eru fræðslusjóðir verkafólks á landsbyggðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Helstu verkefni sjóðanna eru að sinna stuðningsverkefnum og þróunar- og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun. Sjóðunum er ætlað að styrkja rekstur námskeiða og stuðla að nýjungum í námsefnisgerð ásamt því að veita einstaklingum, verkalýðsfélögum og atvinnurekendum beina styrki vegna símenntunar og endurmenntunar," segir Kristín Njálsdóttir, forstöðumaður sjóðanna þriggja.

Landsmennt er stærstur sjóðanna og tengist kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélaga SGS á landsbyggðinni, um 24.000 manns. Ríkismennt er þróunar- og símenntunarsjóður um 2.500 starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan sömu félaga og Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður um 3.500 starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga SGS.

„Allir þrír sjóðirnir starfa eftir svipuðum markmiðum og eiga að auka möguleika fyrirtækja (Landsmennt), sveitarfélaga (Sveitamennt) og stofnana þeirra og ríkisstofnana (Ríkismennt) á að þróa starfssvið sitt þannig að það samræmist kröfum sem gerðar eru á hverjum tíma og efla starfsmenntun starfsmanna svo þeir verði færari til að takast á við stöðugt fjölbreyttari verkefni," segir Kristín. Hlutverk sjóðanna er mikilsvert í endur- og símenntun í landinu, ekki síst þegar þrengt hefur að í atvinnulífinu. Ólíkt mörgum sjóðum er lögð áhersla á að vinna með fyrirtækjum og stofnunum að framgangi verkefna og hefur framkvæmdastjóri sjóðanna í mörgum tilfellum frumkvæði að verkefnum.

Rúmlega 3.000 manns sækja árlega um einstaklingsstyrki vegna námskeiða eða formlegs náms. Hæsta nýtingarhlutfallið er hjá félagsmönnum innan Sveitamenntar, eða um 20% árlega, en hjá Landsmennt og Ríkismennt sækja milli 12 og 14% félaga árlega um styrki. „Hámarksstyrkveiting á ári er almennt 75% af heildarkostnaði, 90% hjá Sveitamennt og Ríkismennt vegna náms sem tengist starfi einstaklings, en getur þó aldrei orðið hærri en 60.000 krónur á ári. Þá eiga félagsmenn rétt á styrk vegna meiraprófs að upphæð 100.000 krónur hjá öllum sjóðunum en hver einstaklingur getur aðeins fengið slíkan styrk einu sinni. Einnig eru styrkt kaup á hjálpartækjum fyrir lestrar- og ritstuðning og veittir styrkir vegna tómstundanámskeiða."

Einstaklingar sækja um styrki á eyðublöðum til viðkomandi stéttarfélags sem sér um afgreiðslu þeirra í umboði sjóðanna. Fyrirtæki innan SA, sveitarfélög landsbyggðarinnar, ríkisstofnanir, stéttarfélög og/eða fræðsluaðilar sækja um styrki til stjórna sjóðanna með því að senda umsókn þess efnis þar sem fram koma helstu upplýsingar vegna viðkomandi fræðsluverkefnis. Kristín segir hægt að sækja um með rafrænum hætti beint frá heimasíðum sjóðanna. Umsóknir þeirra séu síðan afgreiddar af stjórnum sjóðanna sem hittast einu sinni í mánuði.

„Sjóðirnir eru tvískiptir eins og komið hefur fram, annars vegar styrkir til fyrirtækja, stofnana, stéttarfélaga og fræðsluaðila og hins vegar styrkir til einstaklinga. Atvinnurekendur hafa margir hverjir um land allt orðið meðvitaðir um kosti þess að mennta sitt starfsfólk, ekki síður en stéttarfélögin. Símenntun starfsmanna er oft lykill að betra starfsumhverfi og aukinni framleiðni."

Kristín nefnir að einstaklingarnir sjálfir hafi verið meðvitaðir um mikilvægi þess að mennta sig, en flestir sem sótt hafa um styrk hafa sótt námskeið utan síns vinnutíma. „Framboð á námi hefur aukist verulega og stöðugt fleiri námskeið gefa einingar til frekara náms. Einstaklingarnir sem eiga aðild að sjóðunum er það fólk sem vinnur hvað lengstan starfsdaginn á landsbyggðinni enda nýtir margt þeirra sér kosti fjarnámsins og margir sækja sér menntun sem tengist þeirra vinnu."

Kristín segir að samstarf sjóðanna við símenntunarmiðstöðvar landsbyggðarinnar hafi verið mjög mikilvægt í sambandi við fullorðinsfræðslu almennt og hafa í raun skipt mestu máli í að koma á endur- og símenntun fyrir fullorðið fólk á landsbyggðinni.

„Tilkoma fræðslusjóðanna hefur reynst fólki raunveruleg hvatning til að mennta sig og hefur verið ánægjulegt að upplifa aukningu á notkun sjóðanna nánast á hverju ári frá því þeir tóku til starfa."

# Fræðslustjóri að láni

Til þess að koma enn frekar til móts við atvinnurekendur þá bjóða sjóðirnir þrír upp á verkefnið „Fræðslustjóri að láni" en það verkefni var þróað í samstarfi við Starfsafl, fræðslusjóð SA og Flóabandalagsfélaga, sem er systursjóður Landsmenntar. Undanfarin tvö ár hefur það verkefni verið unnið aðallega í samstarfi þriggja sjóða, Starfsafls, Landsmenntar og Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Fyrirtækjum er boðið upp á fræðslustjóra að láni í tiltekinn tíma sem getur til dæmis aðstoðað við að greina þörfina fyrir fræðslu, gera áætlun um námskeið, vinna starfslýsingar, skipuleggja móttöku nýrra starfsmanna, koma á samningum við fræðsluaðila og svo framvegis. Síðan styrkja sjóðirnir þau námskeið sem haldin eru í kjölfarið. Sveitamennt og Ríkismennt bjóða upp á sams konar þjónustu hjá sveitarfélögum og ríkisstofnunum á landsbyggðinni.



# Finna styrk sinn og gleði í náminu

**Í fullorðinsfræðslu er ekki bara kennari að kenna nemendum, heldur líka öfugt, auk þess sem nemendur kenna hver öðrum. Þetta segir Hulda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Mímis – símenntunar.**

„Við erum einkum að sinna fólki sem er 20 ára og eldra, með stutta formlega skólagöngu og höfum aukið mjög tækifæri til náms,“ segir Hulda sem hefur verið framkvæmdastjóri Mímis – símenntunar í sjö ár og segir það gefandi og skemmtilegt starf. „Markhópur okkar er þannig að það er átak fyrir hann að hefja nám og því þarf hann oft mikinn stuðning til að finna leiðir og ákveða sig. Svo er aðdáunarvert að sjá hvað fólk er duglegt og áhugasamt þegar það er komið af stað og tilbúið að leggja mikið á sig í náminu. Hér eru ekki agavandamál því hingað kemur fólk til að læra og kenna öðrum. Í fullorðinsfræðslu er það ekki bara kennari sem kennir nemendum heldur líka nemendur sem kenna hverjir öðrum og kennaranum. Þetta eru reynsluboltar sem koma hingað, með mikla þekkingu sem þeir leggja í púkkið og byggja ofan á.“

Eftir að efnahagsástandið breyttist til hins verra í þjóðfélaginu segir Hulda atvinnuleitendur stóran hluta þess hóps sem sæki til Mímis, bæði í starfsmenntun og annað grunnnám. „Fólk kemur til okkar til að auka sína möguleika á að leita að störfum og styrkja sig sem væntanlega starfsmenn á nýjum stað,“ lýsir hún.



„Svo er aðdáunarvert að sjá hvað fólk er duglegt og áhugasamt þegar það er komið af stað og tilbúið að leggja mikið á sig,“ segir Hulda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Náms- og starfsráðgjöf var tekin upp hjá Mími – símenntun fyrir fjórum árum. Hún er sá hluti starfseminnar sem hefur vaxið mest undanfarið eða frá því að vera eins manns starf í fimm, að sögn Huldu. „Náms-og starfsráðgjöfin hjálpar einstaklingum að finna út úr sínum löngunum og þrám, hvað þeir vilji læra, hvort sem það er hjá Mími eða formlega í skólakerfinu, til dæmis í Iðnskólunum eða menntaskólunum. Á síðasta ári voru tæplega 1.800 slík viðtöl, það var 80 prósenta aukning frá árinu áður og verða töluvert fleiri núna.“

Hulda segir að leitast sé við að finna úrlausnir fyrir alla og segir áhugasviðsgreininguna ganga út á að finna styrkleika hvers og eins. „Þeir sem koma í ráðgjöf kjósa helst að fara í eitthvað sem gefur þeim einingar á framhaldsskólastigi eða einhver réttindi. Við erum til dæmis með félagsliðanám fyrir fólk sem vinnur í umönnun og leikskólaliðanám og við sjáum að það skilar fólki töluverðu. Það fær frekar ný tækifæri innan vinnustaðarins, það fær ábyrgðarmeiri og fjölbreyttari störf og það er meðvitaðra um styrkleika sína og lærir að nýta þá.“

Í starfstengda náminu segir Hulda stöðugt unnið með nýjar og nýjar hugmyndir. „Við höfum undanfarið lagt áherslu á ferðaþjónustu og verslun, til dæmis tungumál, þjónustu og styrkingu í að koma fram og ekki síst mikilvægi þess að þekkja nærumhverfið þannig að fólk geti frætt viðskiptavini eftir þörfum. Við erum að opna augu fólks fyrir því að ferðaþjónusta snýst ekki bara um hótel- og leiðsögumannsstörf heldur líka afgreiðslu á bensínstöðvum og á búðarkössum. Dæmi um önnur starfstengd námskeið er jarðlagnatækni og flutningaskólinn sem við erum að keyra með Samskipum, þar á vinnustaðnum.“

Mímir – símenntun býður upp á fjölbreytt úrval af frístundanámi og Hulda segir töluvert um að fólk byrji þar, fari í tungumálanám eða á önnur spennandi námskeið, kynnist svo þjónustu starfs- og námsráðgjafa og haldi áfram. „Frístundanámskeiðin eru mikilvægur liður í okkar starfi og opnar mörgum dyr,“ segir hún. „Þar er fólk að sækja nákvæmlega það sem það langar að gera og einbeitir sér að því, finnur styrk sinn og gleðina í að læra, kemur og vill meira.“

# Grunnmenntaskólinn

Frá árinu 2001 hefur Mímir – símenntun boðið upp á námsleiðina Grunnmenntaskólann sem er nám fyrir fólki eldra en 20 ára með stutta formlega skólagöngu að baki. Námið er 300 kennslustundir að lengd og hafa um 400 manns lokið því hjá Mími.

Nú í september munu tveir hópar hefja nám. Annar hópurinn er daghópur og kennt verður fimm virka daga vikunnar frá kl. 8.30-12.15. Náminu lýkur 14. desember nk. Hinn hópurinn er kvöldhópur, kennt verður á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 16.30-20.30 og annan hvern laugardag. Náminu lýkur 30. mars nk.

Tilgangur námsins er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni. Meginviðfangsefni er að kenna nemendum að tileinka sér nýja þekkingu – að læra að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í náminu, bæði í upplýsingaöflun og meðferð og miðlun upplýsinga. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð auk þjálfunar í að vinna að lausn með öðrum – vera partur af liðsheild.

Helstu námsþættir Grunnmenntaskólans eru:




**Grunnmenntaskólinn er nám fyrir fólk eldra en 20 ára með stutta formlega skólagöngu að baki.**

- Sjálfsefling og samskipti
- Námstækni
- Íslenska
- Framsögn og ræðumennska
- Enska
- Stærðfræði
- Tölvu- og upplýsingatækni
- Verkefnavinna
- Náms- og starfsráðgjöf
- Færnimappa

Nánari upplýsingar um námið eru veittar í síma 580 1800 og á heimasíðu Mímis – símenntunar, www.mimir.is

**UMSÖGN NEMANDA:**

„Ég er stolt af því að hafa tekið ákvörðun um að fara í þetta nám og námstíminn hefur verið frábær.

Markmiðin sem hópurinn setti sér í upphafi um að auka sjálfstraustið, efla færni í samskiptum og grunngreinum náðust. Næsta skref hjá mér er að fara til námsráðgjafa og kynna mér frekara nám.“

*Guðný Ólöf Reimarsdóttir.*





## Hvað er í boði?

Sérsniðin námskeið fyrir sjúkraliða

Sérsniðin námskeið fyrir félagsliða

Sérsniðin námskeið fyrir tanntækna

Lengri námsleiðir: Námskrár Starfsmenntar og FA

Fræðsla á ferð - á vinnustaðinn

Námskeið fyrir atvinnuleitendur

Framvegis sérhæfir sig í að bjóða starfstengda símenntun í námsumhverfi sem hentar fullorðnu fólki.

FRAMVEGIS

Skeifan 11b 108 Reykjavík Sími 581 4914
framvegis@framvegis.is www.framvegis.is



# Vandað og þægilegt nám

**Símenntunarmiðstöðin Framvegis leggur metnað í að bjóða upp á vandað nám fyrir ýmsar starfsstéttir. Námskeið fyrir atvinnuleitendur eru vaxandi þáttur í starfseminni.**



„Tilgangurinn er að skapa þægilegar aðstæður þar sem áhersla er lögð á virkni og þátttöku nemenda í náminu," segir Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri Framvegis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framvegis, miðstöð um símenntun er sjálfstætt fræðslufyrirtæki í eigu BSRB og Tölvuskólans Isoftþekking, sem leggur höfuðáherslu á símenntun stétta í heilbrigðis- og félagsþjónustu, ásamt því að þjónusta aðrar starfsstéttir. Að sögn Sólveigar Lilju Snæbjörnsdóttur, framkvæmdastjóra Framvegis, er markmiðið að bjóða metnaðarfullt, þægilegt og sveigjanlegt nám fyrir fullorðið fólk sem hefur ýmsum öðrum skyldum að gegna í lífinu.

„Tilgangurinn er að skapa þægilegar aðstæður þar sem áhersla er lögð á virkni og þátttöku nemenda í náminu, til dæmis með hvers kyns hópavinnu, samtölum við kennara og fleira," segir hún og getur þess að nýverið hafi verið ákveðið að prófa fjarkennslu í einu námskeiðanna til að koma til móts við þarfir þeirra sem af einhverjum ástæðum eiga erfitt með að mæta í tíma.

„Með þessu móti geta nemendur setið heima, fylgst með kennslunni í gegnum tölvu og tekið virkan þátt í námskeiðinu án þess að vera á staðnum," útskýrir Sólveig og segir þátttakendur fá senda krækju í tölvupósti sem veiti þeim fulla þátttöku að námskeiðinu þar sem þeir geti fylgst með kennslunni. „Menn þurfa líka hljóðkort til að heyra það sem fram fer og geta látið í sér heyra og þeir sem vilja geta verið með myndavél tengda við heimatölvuna til að vera sýnilegir, þótt það sé alls ekki skilyrði."

Sólveig segir fjarkennsluna dæmi um hvernig reynt er að auðvelda nemendum að stunda nám í Framvegis, enda hafi hún mælst vel fyrir meðal þátttakenda. „Við erum að prófa þetta nýja fyrirkomulag hjá sjúkraliðum sem eru mjög áhugasamir um símenntun og taka vel á móti nýjungum sem þessum." Ýmis spennandi námskeið verða í boði hjá Framvegis í haust og vetur að sögn Sólveigar. „Þar má nefna námskeið fyrir félagsmenn BSRB, sjúkraliða, félagsliða, tanntækna og svo námskeið fyrir atvinnuleitendur, sem er vaxandi þáttur í okkar starfsemi." Í því samhengi nefnir hún til sögunnar námskeið í tölvufærni, sjálfsstyrkingu og starfsnám stuðningsfulltrúa.

„Svo er Toppurinn skemmtilegt námskeið þar sem lagt er upp úr líkamlegri og andlegri eflingu með boot-camp, jóga, fjallgöngum og þjálfun í persónulegri færni," segir hún og tekur fram að námskeiðin séu skipulögð í samráði við fagráð Framvegis og leiðbeinendur séu helstu sérfræðingar á sínu sviði í atvinnulífinu. „Við leggjum metnað okkar í að bjóða upp á vandað nám."

Sólveig heldur áfram. „Nú þegar fylkingar stéttarfélaganna sameinast um að bjóða starfsmenntun sérstaklega fyrir þá sem hafa stutta formlega menntun bindum við hjá Framvegis vonir við að geta boðið atvinnuleitendum og öðrum tækifæri til náms og starfsþjálfunar sem raunverulega nýtist þeim þegar snúið er aftur inn á vinnumarkaðinn."

Hún nefnir loks að hjá Framvegis hafi verið að opna ný og aðgengilega heimasíða þar allar upplýsingar um námsframboð er að finna.

# Hefur nýst mér vel í starfi

„Þetta eru allt saman ótrúlega fjölbreytt og góð og skemmtileg námskeið, ég er sífellt að sjá eitthvað nýtt og spennandi sem mér finnst ég þurfa að bæta við," segir Þórunn Ólafsdóttir sjúkraliði sem hefur lokið nokkrum námskeiðum hjá Framvegis og er hæstánægð með námið.

Námskeiðin sem Þórunn hefur tekið tengjast velflest starfi hennar sem sjúkraliða og hafa komið henni að góðu gagni. „Ég hef meðal annars tekið námskeið í sárum og sárameðferð, smitsjúkdómum og sýkingavörnum og svo einnig í sjúkraflutningum sem er reyndar mjög gott dæmi um hversu ófeimið starfsfólk Framvegis er við að sækja sér fróðleik til fagmanna í öðrum starfsstéttum," bendir hún á. „Víða er komið við í náminu sem gerir það mjög skemmtilegt."

Þórunn segir sjúkraliða almennt vera duglega við að sækja sér framhaldsmenntun. „Sú krafa er gerð í kjarasamningum til sjúkraliða að sækja sér reglulega sí- eða endurmenntun til viðhalda menntun sinni," útskýrir hún og getur þess að við það hækki þeir jafnframt um nokkur launaþrep. „Til að svo verði þurfa þeir að ljúka einhverjum 200 stundum en þar sem sjúkraliðar eru almennt fróðleiksfús starfsstétt ná margir sér í mun fleiri einingar þótt það skili þeim engu aukalega í vasann."



Þórunn Ólafsdóttir sjúkraliði lætur vel af starfi Framvegis og þeim námskeiðum sem þar eru í boði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjálf er Þórunn komin langt yfir einingafjöldann og hefur í hyggju að viða að sér enn frekari fróðleik á næstunni. „Á döfinni er að klára tíu eininga trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsskóla alþýðunnar," segir hún og tekur fram að Félag sjúkraliða með Birnu Ólafsdóttur í fararbroddi sé duglegt við að hvetja trúnaðarmenn og félagsmenn almennt til að bæta við sig námi. „Nú svo tek ég örugglega eitthvað hjá Framvegis þar sem alltaf er eitthvert spennandi nám í boði, en þeir sjúkraliðar sem ég veit að þar hafa lokið námi eru á einu máli um hversu vandað það er í alla staði," segir hún, full tilhlökkunar.


AMERICAN STYLE OG COCA-COLA KYNNA MEÐ STOLTI
Buddy HOLLY
SÖNGLEIKURINN
Miðasalan hefst í dag kl. 10! Ótrúlegt opnunartilboð á baksíðu.
FRUMSÝNING 7. OKTÓBER Í AUSTURBÆ
BRAVÓ! Í SAMSTARFI VIÐ 3SAGAS ENTERTAINMENT OG Í SAMRÁÐI VIÐ BUDDY WORLDWIDE LTD. "BUDDY HOLLY SÖNGLEIKURINN" INGÓLFUR ÞÓRARINSSON
TÓNLIST CHARLES HARDIN HOLLEY O.FL. ÞÝÐING SÖNGTEXTA DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON ÞÝÐING LEIKTEXTA JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON BÚNINGAR ELLEN LOFTSDÓTTIR HÁR & FÖRÐUN KRISTÍN THORS
LEIKMYND EGILL INGIBERGSSON & MÓEIÐUR HELGADÓTTIR HLJÓÐHÖNNUN AGNAR HERMANSSON LÝSING BJÖRGVIN SIGVALDSSON & ÍVAR RAGNARSSON DANSHREYFINGAR BIRNA BJÖRNSDÓTTIR VERKEFNASTJÓRI BRAVÓ JÓN ÞÓR ÞORLEIFSSON
AÐSTOÐARLEIKSTJÓRI ESTHER TALÍA CASEY FRAMLEIÐENDUR ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON HELGI HERMANNSSON ÁRNI ÞÓR VIGFÚSSON TÓNLISTARSTJÓRI JÓN ÓLAFSSON LEIKSTJÓRN GUNNAR HELGASON
Coca-Cola
AMERICAN STYLE
AUSTURBÆR
bravó!

www.buddyholly.is



Buddy Holly söngleikurinn var frumsýndur árið 1991 og hefur síðan verið sýndur víðsvegar um heiminn, t.d. í Suður-Afríku, Þýskalandi, Svíþjóð, Danmörku, Hollandi, Finnlandi, Írlandi, Japan og Singapore.



**Staðfestar tölur herma að út um allan heim hafi alls 9 pör kynnst og síðar gengið í hjónaband á meðan þau léku í Buddy Holly söngleiknum. Afkvæmin eru orðin 16 talsins.**

## Buddy Holly

**Nafn:** Ingólfur Þórarinsson
**Gælunafn:** Ingó eða dansgólfur
**Irc nafn:** vedurgud@hotmail.com - hvað annað?
**Fæðingarár og stjörnumerki:** 1986, tvíburi.
**Helstu kostir:** Gott hjarta og góð tækni við nánast hvað sem er.
**Helstu gallar:** Á bara einn galla, það er Nike galli, dökkblár.
**Skemmtilegast:** Borða humar, kyssa sæta stelpu, syngja góð lög og gefa góðar sendingar.
**Leiðinlegast:** Taka bensín og vaska upp.
**Hver mætir alltaf stundvíslega á æfingar:** Ég kem alltaf korteri of seint svo ég sé það aldrei.
**Hver mætir alltaf seint á æfingar:** Undirritaður.
**Hver er leikstjórasleikjan:** Held það sé Hannes trommari, því hann langar svo að fá fleiri línur í leikritinu.
**Gæludýr:** Það eru silfurskottur þar sem ég bý núna en ég er að flytja.
**Húðflúr:** Nei, en það er samt mjög sexy.
**Óþol eða ofnæmi:** Ofnæmi fyrir hnetum, baunum, grænmeti og grasi. Kominn með óþol fyrir núðlum eftir þetta æfingaferli.
**Eftirlætis tilvitnun:** „Úr að ofan".
**Annað:** Ég er mikill vinur litla mannsins.

Frá frumsýningu 1991 hefur heildarfjöldi sýninga farið yfir 20.000 og fjöldi gesta yfir 21 milljón manns.

## Maria Elena Santiago

**Nafn:** Ólöf Jara Skagfjörð
**Gælunafn:** Jara
**Irc nafn:** olofhotbabe08
**Fæðingarár og stjörnumerki:** 1989, steingeit.
**Helstu kostir:** Er nánast alltaf í góðu skapi. Svo er ég líka mjög ákveðin, bjartsýn og metnaðargjarn fullkomnunarsinni. :)
**Helstu gallar:** Ég er stundum dálítið utan við mig, alveg í mínum eigin heimi og dett þ.a.l. stundum út eða gleymi einhverju. Svo er ég líka mjög léleg í að vakna á morgnana.
**Skemmtilegast:** Að hafa brjálað að gera og auðvitað að leika í Buddy Holly söngleiknum.
**Leiðinlegast:** Vera veik og gera ekki neitt :(
**Hver mætir alltaf stundvíslega á æfingar:** Gunni og Esther.
**Hver mætir alltaf seint á æfingar:** Ingó.
**Hver er leikstjórasleikjan:** Ingó, því hann kemur alltaf of seint.
**Gæludýr:** Baldur bass… hann bara veit það ekki ennþá…
**Húðflúr:** Ekkert… ennþá.
**Óþol eða ofnæmi:** Einhvern tímann fékk ég bráðaofnæmi fyrir norsku hrefnukjöti. Á eftir að athuga það betur.
**Eftirlætis tilvitnun:** „Sko, þegar ég og Björk…" – Gunni Helga.
**Annað:** Áfram Breiðablik!



## The Big Bopper

Felix Bergsson

**Nafn:** J.P. Richardson
**Sviðsnafn:** The Big Bopper
**Fæddur:** 24. október 1930
**Lést:** 3. febrúar 1959 í flugslysinu sem banaði einnig Buddy Holly og Ritchie Valens. Bopper starfaði sem plötusnúður þegar hann sló óvænt í gegn með lagi sínu Chantilly Lace, sem hefur hlotið nafnið Blúnduspjör í íslenskri þýðingu Davíðs Þórs.



## Violet Petty

Heiða Ólafsdóttir

**Nafn:** Violet Petty
Violet var eiginkona upptökustjórans Norman Petty sem hljóðritaði flesta slagara Buddy Holly. Vicky var liðtækur píanóleikari og lék á klukkuspil við hljóðritun lagsins Everyday.



## Norman Petty

Björgvin Franz

**Nafn:** Norman Petty
**Fæddur:** 25. maí 1927
**Lést:** 15. ágúst 1984
Petty var upptökustjórinn sem hljóðritaði flesta smelli Buddy Holly áður en slitnaði upp úr samstarfi þeirra. Hann er skráður meðhöfundur sumra lagasmíða Buddy, t.d á lögunum Everyday og Peggy Sue.



## Hi-Pockets Duncan

Jóhann G. Jóhannsson

**Nafn:** Hi-Pockets Duncan
Hi-Pockets var skífuþeytir á kántrýútvarpsstöð og umboðsmaður Buddy Holly. Hann hafði milligöngu um samstarf Buddy Holly og Norman Petty.

**BUDDY BLOGG Á PRESSUNNI**
Dagbók Buddy Holly hópsins er á frétta- og afþreyingarsíðunni **Pressan.is** Fylgstu með Buddy Holly söngleiknum verða til, frá sjónarhóli fólksins í sýningunni, sjáðu baksviðs, ljósmyndir og myndbönd og þú gætir komist á forsýningar í byrjun október.

AMERICAN STYLE

Sýningin hefur frá árinu 1991 unnið fjölda verðlauna, m.a. Tony verðlaunin, Laurence Olivier verðlaunin, Outer Circle verðlaunin, Drama Desk verðlaunin o.s.frv.

**BUDDY HOLLY MENU Á AMERICAN STYLE**
**Buddy Holly borgarinn, Ritchie Valens borgarinn, Big Bopper borgarinn og fleira góðgæti innblásið af saklausari tímum þegar enginn hafði heyrt um of hátt kólesteról.**



## Ritchie Valens
Sjonni Brink

**Nafn:** Ricardo Esteban Valenzuela Reyes
**Sviðsnafn:** Ritchie Valens
**Fæddur:** 13. maí 1941
**Lést:** 3. febrúar 1959 ásamt Buddy Holly og Big Bopper í flugslysi. Lagið Donna sem Ritchie samdi um kærustu sína Donnu Ludwig var svokölluð A-hlið á smáskífu þar sem B-hliðin var hið víðfræga spænskættaða rokklag La Bamba.



## Jerry Ivan Allison
Hannes Friðbjarnarson

**Nafn:** Jerry Ivan Allison
Jerry var trommuleikari the Crickets en er einnig skráður meðhöfundur lagsins Peggy Sue. Hann giftist unnustu sinni, sem einmitt heitir Peggy Sue, árið 1958.



## Niki M. Sullivan
Guðmundur S. Þorvaldsson

Niki var gítarleikari The Crickets og þótti býsna áþekkur Buddy í útliti. Í fréttaumfjöllun og gagnrýni um hljómsveitina var hann iðulega kallaður „hinn gæinn með gleraugun". Niki og Buddy Holly voru þremenningar.



## Joe Benson Mauldin Jr.
Baldur Ragnarsson

**Nafn:** Joe Benson Mauldin Jr.
Joe var bassaleikari The Crickets. Hann starfaði sem tæknimaður í hljóðverinu Gold Star Studios á sjöunda áratugnum þar sem m.a Phil Spector hljóðritaði sína tónlist.



## Shirley
Hildur „Bíbí" Tryggvadóttir

Bíbí leikur Shirley, einkaritara Murrey Deutch, sem starfar hjá útgáfufyrirtækinu sem annaðist útgáfu tónlistar Buddy Holly.



## Latisha Brown
Tinna Björt Guðjónsdóttir

Latisha er eitilhörð gettóstelpa sem kallar ekki allt ömmu sína. Hún eyðir kvöldum sínum í Apollo leikhúsinu í New York þar sem hún er allt í öllu og ræður ríkjum baksviðs ásamt því að vera aðal kynnir hússins.



## Aretha Franklin
Díana Lind Monzon

Díana Lind leikur hina kornungu Arethu Franklin sem er að stíga sín fyrstu skref í tónlistarbransanum með framkomu sinni í Apollo leikhúsinu í Harlem.



## Samuel Cooke
Jónmundur Grétarsson

Var þekktur undir nafninu Sam Cooke og átti 29 lög sem fóru á Top 40 í Bandaríkjunum á árunum 1957-1964.
Eitt þekktasta lag Cooke var lagið Another Saturday Night, sem fær að hljóma í söngleiknum undir nafninu Laugardagskvöld.



## Peggy Sue
Unnur Birna Björnsdóttir

Unnur Birna leikur hina einu sönnu Peggy Sue, ásamt því að leika á píano og fiðlu í sýningunni.



## Waylon Jennings
Guðni Finnsson

Guðni bregður sér í gervi Waylon Jennings, sem plokkaði bassann í síðustu tónleikaferð Buddy Holly.



## Saxi
Haukur Gröndal

Haukur mun sjá um að blása í saxafón af öllum lífs og sálarkröftum í sýningunni.



## Trompet
Snorri Sigurðarson

Snorri mun bera ábyrgð á að trompetið hljómi sem aldrei fyrr í Buddy Holly söngleiknum.

Buddy Holly söngleikurinn verður sýndur í Austurbæ, hinu sögufræga húsi við Snorrabrautina. Verið er að gera húsið upp og mun það verða glæsilegra en nokkru sinni.

**BUDDY HOLLY HELGI Á STÖÐ 2 Í OKTÓBER**
Fyrstu helgina í október verður sérstök Buddy Holly slagsíða á dagskrá Stöðvar 2 í tilefni af frumsýningunni 7. október.

**GEYMDU BÆKLINGINN!**
Geymdu þennan bækling og hlustaðu á Bylgjuna, það gæti margborgað sig. Spurt verður út í þann fróðleik er hér birtist og þeir sem svara rétt vinna miða.

**BUDDY HOLLY SÍÐA Á TÓNLIST.IS**
**Tryggðu þér nýju Buddy Holly plötuna með Ingó áður en hún kemur í verslanir og upphaflegu tónlistina með Buddy Holly sjálfum á sérstöku tilboðsverði.**

Miðasalan hefst í dag kl. 10 á midi.is!

Buddy HOLLY

SÖNGLEIKURINN



# ÓTRÚLEGT OPNUNARTILBOÐ

Í BOÐI AMERICAN STYLE OG COCA-COLA

## FJÓRIR MIÐAR Á AÐEINS 10.900 kr.

Venjulegt miðaverð á Buddy Holly söngleikinn er 4.300 kr. en með þessu opnunartilboði er hægt að tryggja sér miðann á aðeins 2.725 kr.

**Svona tryggir þú þér miða á tilboðsverðinu:**
**1**. Finndu Buddy Holly söngleikinn á **midi.is**
**2**. Veldu þér sýningu og a.m.k. fjóra miða til kaups.
**3**. Í auða reitinn í **skrefi #3** sláðu þá inn tilboðskóðann. Smelltu á „Senda" og þá sérðu að afslátturinn kemur inn um leið.
4. Til hamingju, þú hefur tryggt þér fjóra miða á aðeins **10.900 kr**. ;)
Tilboðskóðinn er: **COKESTYLE**

**Athugið:**
- Kóðinn virkar aðeins fram til miðnættis á sunnudaginn eða þar til miðarnir klárast.
- Tilboðið gildir aðeins á **fyrstu 10 sýningarnar** á Buddy Holly söngleiknum.
- Takmarkað magn miða í boði á þessu ótrúlega opnunartilboði, fyrstir koma fyrstir fá.
- Tilboðið gildir ekki á frumsýningu.

Coca-Cola

American Style og Coca-Cola óska öllum góðrar skemmtunar á einum vinsælasta söngleik heims og landsmönnum til hamingju með opnun Austurbæjar.

AMERICAN STYLE

# Nýtt nám í rekstri með engum inntökuskilyrðum

**Endurmenntun Háskóla Íslands fer í haust af stað með nýtt nám sem kallast Rekstur, stjórnun og markaðssetning smáfyrirtækja – markviss leið.**

„Það sem vakir fyrir okkur með þessu námi er að ná til fleiri aðila sem við teljum að þurfi á svona aðstoð að halda,“ segir Magnús Pálsson, rekstrarráðgjafi og kennari í nýju lotubundnu námi í rekstri og stjórnun smáfyrirtækja sem hefst hjá Endurmenntun HÍ í nóvember. „Margar góðar hugmyndir eru í þjóðfélaginu sem bíða þess eins að verða virkjaðar,“ segir Magnús en eitt af því markverða við námið er sú staðreynd að engin inntökuskilyrði eru gerð. „Þú kemur með þína verðleika og þarft hvorki stúdents- eða háskólapróf. Þá ákváðum við líka að vera ekki með nein hefðbundin próf heldur aðeins praktísk verkefni.“

Ein meginháherslan í náminu verður á markaðssetningu í gegnum vefinn. „Við munum kenna fólki hvernig maður umgengst þessa nýju tækni og hvaða leiðir eru færar fyrir minni aðila að koma sér á framfæri án mikils tilkostnaðar,“ segir Magnús. Að öðru leyti verður reynt að kenna allt sem viðkemur því að reka fyrirtæki eða aðra starfsemi. „Við erum að sjá það æ betur að rekstur hefur víða skírskotun og nær yfir svo margt. Fyrir utan það að þurfa að kunna bókhald, hagfræði og kunna skil á skattskilum skiptir persónuleiki fólks ekki síður máli. Það að kunna að vinna með öðrum og búa til góða stemningu hefur mikið að segja,“ segir Magnús sem sjálfur kennir, ásamt öðrum, markaðshluta námsins og telur að þar þurfi þetta tvennt að fara saman, tæknihlutinn og persónuleikinn.

Námið er kennt í sex lotum frá fimmtudegi fram á laugardag, alls þrjátíu klukkustundir hverja helgi. „Með því að kenna í slíkum lotum opnum við möguleikann fyrir fólk utan af landi til að sækja námskeiðið,“ útskýrir Magnús. Hann tekur einnig fram að þó kennslan sé góð sé einnig ómetanlegt fyrir nemendur að læra af öðrum enda sæki námið fólk úr hinum ýmsu þjóðfélagshópum með mismunandi reynslu að baki. „Svo reynum við hér í Endurmenntun HÍ líka alltaf að hafa gaman, það skiptir svo miklu máli fyrir stemninguna,“ segir Magnús glaðlega.

Umsóknarfrestur er til 18. október en fyrsta lotan verður kennd 11. til 13. nóvember. Loturnar verða tvær í nóvember, tvær í janúar og tvær í febrúar.



Magnús Pálsson er einn nokkurra kennara sem koma að hinu nýja námi Endurmenntunar Háskóla Íslands sem snýst um rekstur, stjórnun og markaðssetningu smáfyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Námið er ætlað öllum sem hafa áhuga á atvinnurekstri eða eru þegar í rekstri smáfyrirtækja og hentar bæði einyrkjum og þeim sem eru með starfsmannahald.

**NÁMIÐ MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ NEMENDUR:**

- Geti tekið upplýsta ákvörðun um val á fyrirtækjaformi.
- Geti forðast algeng skattaleg mistök í fyrirtækjarekstri.
- Öðlist hagnýta þekkingu á reikningshaldi og reikningsskilum.
- Geti nýtt sér hugmyndir markaðsfræðinnar til að ná árangri í rekstri.
- Fái þjálfun í að setja upp eigin vefsíðu.
- Öðlist skilning á samspili samskiptamiðla og vefmiðla við markaðssetningu.
- Geti lagt grunn að fyrstu auglýsingaherferð fyrirtækis.
- Kunni skil á þeim þáttum er einkenna góðan stjórnanda.
- Öðlist hagnýta þekkingu á helstu þáttum verkefnastjórnunar.
- Þekki grunnatriði í þjónustu-, sölu- og samningatækni.
- Fái innsýn í réttindi og skyldur atvinnurekanda gagnvart starfsfólki.
- Hafi að námi loknu fengið hagnýta þekkingu og verkfæri sem nýtast til framkvæmda í eigin ranni.



**● NÁMSKEIÐ ENDURMENNTUNAR HEIM Í HÚS** Að undanförnu hefur verið aukin eftirspurn fyrirtækja og stofnana eftir sérsniðnum námskeiðum hjá Endurmenntun. Þar er um að ræða námskeið sem eru sérstaklega sniðin að þörfum og aðstæðum hverju sinni. Starfsemi Endurmenntunar nær yfir mörg svið og því eru fjölbreyttir möguleikar á því að laga námskeið að starfsemi stærri eða smærri fyrirtækja eða stofnana.

Hægt er að fá námskeiðin heim í hús eða halda þau í húsnæði Endurmenntunar. Námskeiðin eru haldin af færustu sérfræðingum á viðkomandi sviði, ýmist kennurum úr Háskóla Íslands eða sérfræðingum og stjórnendum víðs vegar að úr atvinnulífinu. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Endurmenntun í síma 525 4444.

**● ENDURMENNTUN FYRIR ALLA – ÓHÁÐ FYRRI MENNTUN** Á haustmisseri eru yfir 100 afar fjölbreytt og spennandi námskeið í hinum ýmsum flokkum í boði hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Fjölmörg námskeið eru starfstengd t.d. á sviði fjármála, lögfræði, verkfræði, uppeldis- og heilbrigðismála. Jafnframt eru fjölmörg almenn námskeið í boði til að styrkja sig í starfi sem og tungumálanámskeið. Stærsti flokkurinn eru menningar- og sjálfsstyrkingarnámskeiðin sem fjalla til að mynda um Njálu, djass og súkkulaði.

Hægt er að kynna sér framboðið á endurmenntun.is






Styrktu stöðu þína

Fjölbreytt námskeið á haustmisseri

Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf

Öflugt sjálfstraust

Mikilvægir dómar í fasteignaviðskiptum

Microsoft Project - stjórntæki í verkefnum

Bætt þjónusta, ánægðari viðskiptavinir - Að gera gott betra

Stjórnun breytinga - hlutverk stjórnenda og þáttur starfsmanna

Ég, stjórnandinn

Samtalstækni - viðkvæm starfsmannamál

Siðareglur, fagmennska og traust

Lestur ársreikninga

Fjármálaenska ( e. English for global finance& banking)

Excel - Veltitöflur (PivotTable)

Sjóðstreymi - einn vanmetnasti kafli ársreikningsins -

Vefhönnun fyrir hönnuði

WordPress - Vinsælasta vefumsjónarkerfi í heimi

Þrívíddarhönnun í SketchUp

Óvissustjórnun - verkfæri í verkefnastjórnun (e. Risk Management)

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð

Lausnamiðuð nálgun

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna

Enn fleiri námskeið á endurmenntun.is

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 og endurmenntun.is

# Lyftistöng fyrir IKEA

Elsa Heimisdóttir, starfsmannastjóri IKEA, tók þátt í verkefninu Fræðslustjóri að láni haustið 2009. „Okkur barst tölvupóstur frá Starfsafli þar sem verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ var kynnt. Við ákváðum að slá til og þiggja gott boð. Þegar samningar höfðu náðst um praktísk mál fengum við fræðslustjórann í hús sem var ráðgjafi frá Attentus, Ingunn Björk Vilhjálmsdóttir. Starfsafl greiddi kostnaðinn.

Að loknu verkefninu, sem unnið var fyrir starfsmenn sem greiða í Eflingu stéttarfélag, hófst síðan samstarf við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks til að vinna að þjálfunarmálum þeirra sem greiða í VR. Ingunn sá einnig um þá vinnu, enda vel inni í málum fyrirtækisins frá fyrra verkefni. Ingunn setti sig vel inn í þarfir fyrirtækisins og sýn stjórnenda á hvaða stefnu fyrirtækið vildi taka í þjálfunarmálum. Hún var með raunhæf markmið og aðgerðir sem miðuðu að því að bæta þjálfunarmál og auka þannig hæfni og getu starfsmanna, öllum í hag. Ingunn og það starf sem hún vann innan fyrirtækisins var mikil vítamínsprauta fyrir starfsmenn starfsmannasviðs og mannauðstengda umræðu innan þess. Frábært verkefni sem skilaði praktískum og raunhæfum niðurstöðum um þjálfunarmál og sýn á ýmsa ferla innanhúss. Bæði verkefnin voru mikil lyftistöng fyrir fyrirtækið í heild,“ segir Elsa.



**Elsa Heimisdóttir, starfsmannastjóri IKEA, segir fræðslustjóraverkefnið hafa verið mikla lyftistöng fyrir fyrirtækið.**








**Við erum mjög ánægð að fólk skuli leita til okkar í þessu árferði og nýta sinn kjarasamningsbundna rétt,“ segir Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls fræðslusjóðs.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Styrkjum starfsmenntun

**Starfsafl er í eigu Flóabandalagsins, Eflingar, Hlífar og VSFK, og Samtaka atvinnulífsins og styrkir félagsmenn og fyrirtæki í starfsmenntun. Sveinn Aðalsteinsson er framkvæmdastjóri Starfsafls fræðslusjóðs.**

„Í raun hefur orðið alger sprenging hjá okkur í umsóknum um fræðslustyrki eftir hrun. Við veittum um 50% fleiri styrki árið 2009 en 2008 og upphæðirnar voru samtals 80% hærri 2009. Við styrkjum félagsmenn Eflingar, Hlífar og Verkalýðsfélagsins í Keflavík og það er ljóst að þeir félagsmenn hafa ekki farið varhluta af lélegu atvinnuástandi eftir hrun. Við erum mjög ánægð að fólk skuli leita til okkar í þessu árferði og nýta sinn kjarasamningsbundna rétt,“ segir Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls fræðslusjóðs. Starfsafl er í eigu Flóabandalagsins, Eflingar, Hlífar og VSFK, og Samtaka atvinnulífsins. „Stéttarfélögin sjá um upplýsingar og aðstoð við félagsmenn sem óska eftir fræðslustyrk þannig að félagsmenn snúa sér fyrst og fremst til síns félags,“ bætir Sveinn við.

„Starfsafl fjármagnar þrenns konar verkefni. Í fyrsta lagi greiðum við einstaklingsstyrki, setjum reglur um upphæðir, fylgigögn og þess háttar. Í öðru lagi styrkjum við fyrirtæki sem vilja mennta sitt starfsfólk í Flóabandalaginu. Þetta hefur verið eitt af okkar meginverkefnum því almennt gera fyrirtækin sér ekki grein fyrir þeim möguleikum sem þau hafa í þessum efnum. Í þriðja lagi styrkjum við ýmis verkefni sem styrkja starfsmenntaumhverfið, námsefni og fleira.“

Geta félagsmenn fengið styrk í hvaða nám sem er? „Við skiptum styrkjum í tvo flokka, starsfmenntanám og tómstundanám. Við veitum hærri styrki eða allt að 75% kostnaðar í starfsmenntanám þó aldrei meira en 60 þúsund krónur á ári fyrir félagsmenn í fullu starfi. Það getur verið tölvunám, enskunám, nám í símenntunarmiðstöðvum sem er starfstengt, ökunám og fleira. Tómstundastyrkirnir eru svo 50%, þó aldrei meira en 18 þúsund krónur á ári. Það getur í raun verið hvað sem er en við reynum að hafa eftirlit með fræðsluaðilum og viljum í öllum tilvikum fá lögformlega reikninga. Ég bendi á skrifstofur stéttarfélaganna fyrir frekari upplýsingar og einnig á vefsíðuna starfsafl.is.“

Hvernig virka styrkir til fyrirtækja – getur hver sem er sótt um hvað sem er? „Svo framarlega sem fyrirtækið hefur félagsmenn Eflingar, Hlífar eða VSFK í vinnu þá getur fyrirtækið sótt um styrk hjá okkur til að kosta starfsmenntun félagsmanna. Yfirleitt veitum við 75% styrk af kostnaði við starfsmenntanám og það getur verið mjög fjölbreytt. Við höfum styrkt starfsmenntun og námskeið fyrirtækja í matvælavinnslu, ræstitækni, vistakstri, hópefli, íslenskunám og fleiru. Við skipuleggjum ekki námskeið en getum bent á fræðsluaðila ef fyrirtækin vilja,“ segir Sveinn og bendir fyrirtækjum á að hafa samband við Starfsafl til að fá frekari upplýsingar eða fara á vefsíðuna starfsafl.is.

# Vel heppnuð fræðsluráðgjöf

Starfsafl og fleiri fræðslusjóðir hafa nú í rúmt ár boðið fyrirtækjum upp á verkefnið „Fræðslustjóri að láni“. Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Starfsafls, útskýrir verkefnið nánar.

„Fræðslustjóri að láni hefur vakið mikla lukku meðal þeirra fyrirtækja sem hafa tekið þátt. Alls hafa tæplega 40 fyrirtæki fengið þessa fyrirgreiðslu, mörg hver stór en flest með 20-100 starfsmenn. Verkefnið gengur út á það að fræðslusjóðirnir lána út sjálfstæðan mannauðsráðgjafa, fyrirtækjum að kostnaðarlausu, sem fer yfir þjálfunarmál fyrirtækisins og býr til símenntunaráætlun í fullu samráði við stjórnendur og starfsmenn. Mannauðsráðgjafinn leitar upplýsinga hjá bæði stjórnendum og starfsmönnum, hvað er vel gert og hvað má betur fara í þjálfunarmálum fyrirtækisins. Þetta hefur gefið mjög góða raun, fyrirtækin fá sérsniðna fræðslu, skila betri vörum og þjónustu og þar með meiri arði, starfsmenn verða ánægðari í starfi og margir hverjir fá aukna ábyrgð í starfi. Við höfum ótal dæmi um þetta frá þeim fyrirtækjum sem hafa farið í gegnum þetta prógramm með okkur.“



Hvað eiga stjórnendur að gera til að taka þátt? „Einfaldast er að hringja í okkur eða senda okkur póst, starfsafl@starfsafl.is. Allar upplýsingar er líka að fá á vefsíðunni, starfsafl.is.“

# Starfstengd símenntun

**Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur starfsmanna og stjórnenda.**



Hulda Anna Arnljótsdóttir, framkvæmdastjóri fræðslusetursins, og Árni Stefán Jónsson stjórnarformaður taka stöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur ríkisins og flestra stéttarfélaga BSRB um starfsþróun og símenntun. Markmið setursins er að koma til móts við breytingar á starfsumhverfi og störfum starfsfólks með fræðslu og ráðgjöf. Setrið var stofnað árið 2001 og starfar á grunni bókana í kjarasamningum á milli fjármálaráðuneytisins og stéttarfélaga ríkisstarfsmanna, en nýlega bættust einnig við mörg félög bæjarstarfsmanna. Þjónusta Starfsmenntar er öllum opin og án endurgjalds fyrir félagsmenn aðildarfélaganna þar sem litið er á starfstengda símenntun sem sjálfsagðan hluta starfa.

### SÍMENNTUN ER SAMOFIN STÖRFUM

Starfsmennt býður stofnunum og starfshópum upp á sérsniðnar starfstengdar námsleiðir þar sem bæði er gætt að fagmennsku og sveigjanleika. Námsleiðir Starfsmenntar mynda heildarnámskerfi stofnana eða starfsgreina og geta varað í 20-240 stundir. Starfsmennt hefur þannig t.a.m. sett upp fræðslu fyrir starfsfólk sýslumannsembætta, dómstóla, tollstjóra, fangavarða, launafulltrúa og faggreina á félags- og heilbrigðisviði. Náminu er ýmist skipt upp í stök námskeið eða stærri námslotur sem starfsmenn velja úr í samræmi við eigin fræðsluþarfir og framtíðarsýn stofnana. Stýrihópar starfa innan hverrar námsleiðar og ráða hraða, framboði og fyrirkomulagi náms. Þar er einnig hægt að breyta áherslum og inntaki ef breytingar verða á starfsumhverfi og er þannig tryggt að nám úreldist ekki.

### SKÝR SÍMENNTUNARÁÆTLUN

Starfstengdar námsleiðir Starfsmenntar eru eins mismunandi og þær eru margar enda ráða óskir starfsmanna og stjórnenda för. Námið er í senn einstaklingsmiðað og sameiginlegt öllum starfsmönnum tiltekinna stofnana sem þeirra símenntunarkerfi. Það rímar við starfsmarkmið stofnana og er rauði þráðurinn í fræðslustarfi þeirra. Starfsfólk hefur því skýra yfirsýn en ferðast um kerfið á sinn einstaka hátt. Og þar sem Starfsmennt styðst við rafræna umsýslu náms er kennt um allt land í samstarfi við vinnustaði, fræðslusjóði, skóla og símenntunarmiðstöðvar.

### FAGLEGT SAMSTARFSNET

Starfsmennt byggir starfsemi sína á víðtæku tengslaneti hagsmunaaðila og fær eingöngu til liðs við sig fagfólk til að sjá um framkvæmd náms. Leiðbeinendur eru ýmist kennarar eða reyndir sérfræðingar með þekkingu á fullorðinsfræðslu eða vinnumarkaði. Þá gefur setrið reglulega út námsvísa og veffréttabréf til að kynna möguleika á markvissri starfstengdri fræðslu. Mikil áhersla er lögð á öflugt kynningarstarf til að hvetja til náms og vekja fólk til vitundar um mikilvægi símenntunar.

### RÁÐGJÖF OG STARFSÞRÓUN

Starfsmennt veitir stofnunum einnig margs konar þjónustu til að greiða leið lærdóms á vinnustað með ráðgjöf, fræðslu og greiningavinnu. Starfsmennt kostar vinnu ráðgjafans að því gefnu að afurðir vinnunnar nýtist markhópi setursins. Þá er hægt að panta fjölda farandfyrirlestra í hús eða óska eftir náms- og starfsráðgjöf. Setrið greiðir einnig leið starfsfólks á námskeið m.a. með ferða- og dvalarstyrkjum og tekur þátt í margs konar þróunarverkefnum á sviði símenntunar. Nú um stundir er sérstök áhersla lögð á úrræði og ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur og aðra þá sem eru að takast á við breytingar á vinnustað til að auðvelda þeim að landa nýju starfi.

### ÁVINNINGUR OG ÁRANGUR

Þjónusta setursins hefur verið vel nýtt undanfarin ár og 5200 manns sótt nám á vegum þess um land allt. Allar námsleiðir Starfsmenntar eru samstarfsverkefni þar sem starfsmenn geta vænst þess að efla liðsanda, starfsemi, þekkingu og færni í takt við síbreytilegt umhverfi. Starfsmennt hefur alltaf talið það farsælast að allir hagsmunaaðilar vinni saman að menntun starfsfólks og tryggi þannig jafnan aðgang að námi og nýjum tækifærum. Slíkt samstarf við sýslumannsembættin skilaði setrinu starfsmenntaverðlaunum 2008 í flokki skóla og fræðsluaðila. Starfsmennt byggir því á traustum grunni og er tilbúin til að mæta nýjum áskorunum til að efla gæði, samstarf og þátttöku í starfstengdri símenntun.


## Forvitnilegt og framsækið nám

NÝTT

**Starfsmennt býður upp á nýtt nám þar sem áhersla er lögð á að þróa, stýra, skapa og skipuleggja.**

### Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum *(52 kst)*

**Viltu sérhæfa þig í samstarfi við stjórnendur?**
**Viltu auka hæfni þína til að takast á við flóknari verkefni?**

### Nokkrir námsþættir:

- Skilvirkir fundir og viðburðastjórnun
- Uppsetning og röðun tækja
- Um leiðtogahæfni
- Líkamsbeiting og álagsstjórnun
- Þjónustu- og upplýsingastjórnun
- Viðhorf og virkni í breytingum
- Hugarkort og áætlanir
- Drifkraftur í teymisvinnu

*Námið hefst 11. okt.*
*í öllum landshlutum.*

### Talsmaður breytinga *(72 kst)*

**Viltu kynnast breytingastjórnun?**
**Viltu hafa áhrif á vinnustað?**

### Nokkrir námsþættir:

- Starfsmaðurinn og breytingar
- Viðtals- og samningatækni
- Að vinna með jafningjum og veita forystu
- Framsetning og miðlun upplýsinga
- Að hvetja til náms og efla áhuga
- Meistari og nýliði
- Þekkingarstjórnun
- Þátttökustjórnun

*Námið hefst 9. nóv.*
*í Reykjavík.*





Starfsmennt FRÆÐSLUSETUR

## Símenntun er samofin störfum

Fræðslusetrið Starfsmennt er samstarfsvettvangur ríkisins og stéttarfélaga innan BSRB um símenntun og starfsþróun. Setrið býður upp á fjölbreytt úrval starfstengdra námsleiða og þverfagleg námskeið sem nýtast öllum. Námskeiðin eru haldin um allt land í samstarfi við vinnustaði og fræðsluaðila.

Þjónusta Starfsmenntar er opin öllum en aðlöguð að þörfum stofnana eða starfshópa og án endurgjalds fyrir félagsmenn sem hluti af samningsbundnum réttindum þeirra til starfsþróunar.




## Starfsmennt býður upp á:

- **Starfstengdar námsleiðir sem sérsniðnar eru fyrir stofnanir og starfsgreinar**
- **Þverfagleg námskeið sem efla almenna starfshæfni og nýtast öllum**
- **Ráðgjafa að láni til stofnana**
- **Náms- og starfsráðgjöf**
- **Fjarkennt tölvunám**
- **Farandfyrirlestra**

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Starfsmenntar þar sem skráning fer fram og einnig hjá starfsfólki.





ATARNA

www.smennt.is

Fræðslusetrið Starfsmennt · Grettisgötu 89 · Sími 525 8395

Nám- og þjálfun í almennum bóklegum greinum

Landnemaskólinn.

Skrifstofuskólinn.

Sterkari starfsmaður

Norska I

Enska fyrir atvinnulífið

Ítalska I

Viltu búa í haginn fyrir veturinn, lærðu að taka slátur

Að tjá sig án kvíða

Víngerðarnámskeið
Haustlaukar

Hvolpa og unghundanámskeið

Tölum dönsku á mánudögum

Danska fyrir byrjendur

Enska II

Hvatning í starfi

Fagnámskeið I

Leiklestur

Förðun fyrir konur á besta aldri

Enska fyrir konur

Nám fyrir starfsfólk í stjórnunareiningum - fjarnám

Skref til sjálfshjálpar

Tölvupósturinn sigraður -

Þróun þéttbýlis og skipulag

Saumanámskeið

Tíma og verkefnastjórnun

Hvers virði er umhverfið - af hverju að borga fyrir hönnun ?

Hópsálfræði

Frágangur á lopapeysu

Að kenna börnum myndlist

Líkamsbeiting

Ljósmyndirnar í Picaza (ókeypis hugbúnaður)

Úrvinnsla gagna í Excel

Hættur internetsins fyrir foreldra

Flakkað um heiminn á netinu

Norska II

Þýska – byrjendanámskeið

Hugkortagerð með XMIND

Photoshop – Lærðu að vinna með ljósmyndir!

Heimilið og byggingalist

Excel I

Excel II

Gott tölvunámskeið

Tölvunámskeið fyrir eldri borgara

Tölvunámskeið fyrir eldri borgara - framhald

# Mikil aðsókn á námskeiðin

**Símey, símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er ört vaxandi stofnun þar sem mikið er um að vera.**



Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, segir mikið vera að gerast hjá Símey og mikla aðsókn á hin ýmsu námskeið.
MYND/HEIDA.IS

„Símey er símenntunarmiðstöð fyrir fullorðna og við erum að gera mjög margt. Þungamiðjan í starfseminni okkar er þó almennt námskeiðahald. Við bjóðum upp á námskeið í öllu mögulegu raunverulega. Það eru námskeið í tómstundum, tungumálanámskeið, persónuhæfninámskeið og starfstengd námskeið. Við erum líka að bjóða námskeið sem eru kennd samkvæmt námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og þau má meta til eininga á framhaldsskólastigi. Það hefur kannski verið hvað mestur vöxtur í þeim námskeiðum og eftirspurnin aukist mest milli ára,“ segir Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdasjóri Símeyjar.

„Svo hefur verið mjög ört vaxandi hjá okkur þáttur náms- og starfsráðgjafar og við erum með þrjá náms- og starfsráðgjafa starfandi hjá miðstöðinni. Þeir taka fólk í viðtöl og hafa verið að taka viðtöl líka fyrir Vinnumálastofnun. Svo vísa þeir fólki áfram bæði í nám og störf. Hér er líka hægt að taka áhugasviðskannanir og við bjóðum upp á raunfærnimat.“

Erla segir að Símey vinni líka mikið með fyrirtækjum. „Við bjóðum upp á þarfagreiningaraðferð sem heitir markviss. Þá förum við inn í fyrirtæki og tökum út, með starfsfólki á vinnustaðnum, hver er raunveruleg þörf fyrirtækisins fyrir sí- og endurmenntun. Við erum líka að koma að rekstri fjölmargra fyrirtækjaskóla. Þetta eru svona þau fyrirtæki sem eru hvað virkust þegar kemur að því að bjóða starfsfólki upp á símenntun og þá skipuleggjum við hana með þeim og höldum utan um hana.“

Erla segir að það sé nóg að gera og mikið fjör á miðstöðinni. „Við urðum 10 ára í vor og erum með starfstöð á Akureyri og líka úti á Dalvík í námsverinu þar. Við erum með níu starfsmenn á launaskrá og svo eru um hundrað verktakar sem koma að kennslu á námskeiðunum á hverju ári. Þátttakendur á námskeiðunum hafa verið svona um þúsund á ári, mest héðan frá Akureyri en við höfum verið með námskeið á Grenivík og Ólafsfirði og Dalvík og með tilkomu gagnanna þá munum við þjónusta Siglufjörð. Við erum að byggja við þannig að það er mikið að gerast hjá okkur og húsnæðið okkar mun stækka um helming svo við sjáum fram á að geta veitt mun betri þjónustu í framhaldi af því.

Hér er mjög skemmtilegt andrúmsloft, bæði vegna fólksins sem kemur hingað og fólksins sem vinnur hérna en við munum geta lagt miklu meiri áherslu á það þegar við fáum meira pláss, stóra kaffistofu og fleiri kennslustofur.“

Haustönnin er byrjuð hjá Símey en í vetur verður boðið upp á fjölda mislangra námskeiða. „Nú þegar eru hérna 150 manns sem eru komnir af stað og það er allt í vottuðu námsleiðunum sem má meta til eininga á framhaldsskólastigi. Af lengri námskeiðunum eru enskunámskeið alltaf vinsæl og á styttri námskeiðunum virðist ætla að verða mest aðsókn á photoshopnámskeið og námskeið í hundaþjálfun sem við erum að bjóða upp á í fyrsta skipti,“ segir Erla.

**● HELSTU NÁMSGREINAR FRAMHALDSSKÓLASTIGSINS** Nám og þjálfun í bóklegum greinum er 300 kennslustunda námsleið fyrir þá sem hafa áhuga á að taka grunnfögin á framhaldsskólastigi. Kennt er tvisvar sinnum í viku á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 16 til 19. Námsleiðin er ætluð þeim sem eru 20 ára og eldri.

Nám og þjálfun í bóklegum greinum er tilvalin námsleið fyrir þá sem hafa hug á að fara í iðnnám eða eru að fara í gegnum raunfærnimat. Helstu námsgreinar eru íslenska 102, danska 102, enska 102 og stærðfræði 102 og 122.

Einnig er boðið upp á Nám og þjálfun í bóklegum greinum fyrir útlendinga sem hafa ákveðinn grunn í íslensku. Helstu námsgreinar eru íslenska 102, 202 og 212, danska, enska 102 og stærðfræði 102. Námið er metið til eininga á framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar á simey.is





**● FERÐAST HEIMA Í STOFU** Flakkað um heiminn á netinu er stutt námskeið hjá Símey þar sem er farið í þau forrit sem eru í boði í dag til að flakka um heiminn úr stólnum heima hjá sér. Meðal þess sem er kennt á eru forrit eins og Google earth sem er með loftmyndir af öllum heiminum og Google maps þar sem hægt er að skoða kort af helstu borgum og stöðum í heiminum og upplifa í þrívídd.

Námskeiðið er 6 kennslustundir og leiðbeinandi er Vilberg Helgason.

FREDERICIA® FURNITURE



**AFMÆLISVIKA #2 16. - 22. SEPTEMBER**

# Afmælis gjafverð

25% afsláttur af pöntunum
frá Montana og Fredericia

epal

35 ÁRA 1975 2010

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

**Montana**



# FRÁBÆR TILBOÐ Á HÁGÆÐA SJÓNVARPSTÆKJUM

# PHILIPS




**Philips 46PFL5605H**
46" Full HD LED LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**299.995**
FULLT VERÐ 399.995




**Philips 19PFL3404H**
19" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, stafrænum HDTV móttakara, Digital Crystal Clear, Progressive Scan, 10 Bita RGB myndvinnslu, með 28,9 milljörðum lita, 4000:1 skerpu, Anti Reflection, Scart, HDMI, USB 2.0, Component, SVHS, CVBS, S/PDIF, PC, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**69.995**
FULLT VERÐ 99.995




**Philips 32PFL3605H**
32" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 50.000:1 skerpu, 20w RMS Incredible Surround viðómahljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**109.995**
FULLT VERÐ 159.995




**Philips 32PFL5405H**
32" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD , 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**139.995**
FULLT VERÐ 169.995




**Philips 37PFL5405H**
37" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**159.995**
FULLT VERÐ 189.995




**Philips 42PFL3605H**
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 50.000:1 skerpu, 20w RMS Incredible Surround viðómahljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**159.995**
FULLT VERÐ 224.995




**Philips 40PFL5605H**
40" Full HD LCD sjónvarp með LED, 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ**
**219.995**
FULLT VERÐ 299.995

EISA AWARD Best Product 2010-2011
BEST EUROPEAN LCD-TV
Philips PFL9705

Philips er einn virtasti framleiðandi heims á sjónvörpum og hefur hlotið fleiri EISA verðlaun fyrir sjónvörp en nokkur annar.

Philips fékk EISA verðlaun fyrir besta sjónvarp Evrópu 2010.

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**



# Enginn dans á rósum í kvenskóm

Á dögunum þegar ég skrifaði um muninn á því sem konur og karlar hanna fyrir konur sagði frænka mín við mig: „En hvenær er komið að því að tala um kvenskó og það pyntingartæki sem þeir eru?“

Nú er komið að skóm vetrarins og þar sem þeir eru hærri en nokkru sinni er ekki hægt annað en að taka þessari áskorun. Sjálfsagt er erfitt að finna svar við spurningunni hvers vegna okkar vestræna menning er svo gegnsýrð af þeirri hugmynd að kona sé fallegri á hælum. Kannast ekki allir við að hafa heyrt að á hælum sé líkamslínan fallegri, hærri, mjórri? Líklega staðalmynd sem okkur er sýnd frá blautu barnsbeini og endar með því að verða staðreynd í huga okkar. Löngum þótti í Japan fallegt að vera með smáa fætur og ekki hikað við að reyra þá í smáa skó til að hamla vexti. Þarna er nú hægt að tala um raunverulegt úthugsað pyntingartæki. En eftir að hælar síðustu alda höfðu hækkað fóru þeir jafnframt að mjókka á 5. áratug síðustu aldar og um leið að verða afskaplega þröngir sem kannski líkist því sem gert var fyrr á öldum í Japan. Þó konur hafi ekki gengið svo langt að skera af sér hæla og tær eins og vondu stjúpsystur Öskubusku tróðu þær þó fótum í támjóa og hælaháa skó og gera enn.



Í vetur slá þó hælar öll met í hæð og tærnar tapa plássi því skór eru támjórri en áður. Sumum fannst það afskaplega sniðugt þegur upp voru fundnir svokallaðir pallar eins og þeir eru kallaðir hér, á framhluta skónna sem gerðu kleift að hækka þá enn meira. Með þessum þykka framhluta finnst ekki eins munurinn á milli framhlutans og svo hælanna, ristin er ekki eins bogin. En hönnuðir hafa gripið tækifærið til að hækka hælana enn meira fyrir vikið.

Í vetur er mikið um dýramynstur, hvort sem um er að ræða sebra-, tígra- eða jafnvel gíraffamynstur. Einnig eru skór hárauðir enda rautt mikið notað hvort sem er í skó, töskur eða föt.

Síðustu ár hafa þó ballerínur verið áberndi í skótískunni og eru óneitanlega þægilegri en tólf sentimetra hælar. Og þó allar konur neyðist ekki til að nota sléttbotnaskó eins og Carla Bruni-Sarkozy (og Cécilia á undan henni) vegna þess hversu stuttur í annan endann eiginmaðurinn er, njóta ballerínur gríðarlegra vinsælda jafnt vetur sem sumar hjá fínum sem ófínum merkjum. Svo er auðvitað möguleiki að vera bara í íþróttaskóm sem geta verið afskaplega smekklega hannaðir og það vakti furðu mína í Suður-Frakklandi að sjá fólk spássera um í Birkenstock.

*bergb75@free.fr*



Gaga var með höfuðskraut og tösku í stíl við kjötkjól og -skó. NORDICPHOTOS/GETTY

# Alsett kjöti

**Lady Gaga náði nýjum hæðum á MTV-myndbandahátíðinni á sunnudag enda fáir sem hafa skartað kjöti frá hvirfli til ilja.**

„Mig óraði aldrei fyrir því að ég myndi einhvern tímann á ævinni eiga eftir að biðja Cher um að halda á kjöttöskunni minni,“ var það fyrsta sem söngkonan Lady Gaga sagði þegar hún tók við verðlaunum úr hendi söngkonunnar Cher á MTV-myndbandahátíðinni á sunnudag. Þar sópaði hún til sín átta verðlaunum. Gaga var klædd í kjöt frá toppi til táar en klæðnaðurinn er handverk tískuhönnuðarins Francs Fernandez. Hann lét ekki nægja að búa til kjól heldur mótaði tösku, skó og höfuðskraut í stíl.

Gaga er þekkt fyrir ögrandi fatasmekk og ör fataskipti en þetta sama kvöld skartaði hún líka fötum frá Alexander McQueen og Giorgio Armani. Ekki fylgir sögunni hvernig Gaga leið í kjólnum eða hvernig hún lyktaði en efnið þótti hins vegar leggjast vel að líkama hennar auk þess sem Cher gaf það upp að henni þætti taskan hreinasta snilldarverk.

*- ve*





Ný skósending!



hjá Hafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Nýtt og spennandi tækifæri. Námskeið í örlitameðferð!

Velkomin í heim örlitameðferðar; meðferðar sem einnig er nefnd Micro-pigmentation, Semi-Permanent make-up og/eða Cosmetic tattoo. Örlitameðferð er ferli þar sem sérstök ofnæmisprófuð litarefni eru sett undir yfirborð húðarinnar. Örlitameðferð er m.a. notuð til að:

- Forma og móta augabrúnir, gefa þeim meiri fyllingu eða til að setja eftirlíkingu af einstökum hárum sem gerir þær sem eðlilegastar í útliti
- Gera augnlínu sem skerpir og rammar inn augnumgjörðina
- Skerpa varalínu, skyggja eða lita varir til fulls

Við erum stoltar af að geta loksins boðið upp á námskeið í þessari tækni frá Nouveau Contour, einu stærsta og virtasta fyrirtæki sem er á þessum markaði.
Námskeiðin, sem eru sjö daga grunnnámskeið, er skipt í tvennt. Fyrri hlutinn eru fjórir dagar og sex vikum síðar eru þrír dagar. Námsefnið er frá Nouveau Contour og einnig er farið ítarlega í verklega þjálfun. Fámennir hópar á hverju námskeiði.
Einnig er í boði framhaldsnámskeið fyrir þá sem vilja auka þekkingu sína og sérhæfingu enn frekar.

Kennari er *Úndína Sigmundsdóttir.* Úndína er meistari í snyrtifræði og hefur auk þess sérhæft sig í örlitameðferð og unnið við það eingöngu undanfarin ár. Þá var hún fyrst hér á landi til að fullnuma sig í því sem kallað er ”Medical Tattoo”. Úndína er viðurkenndur kennari frá Nouveau Contour.

*Fyrsta námskeiðið hefst 30. september. Skráningu lýkur 23. september.*

Frekari upplýsingar og skráning: Svala Rán Aðalbjörnsdóttir. Sími 8636903

FR cosmetics
Fegurd er...

NOUVEAU CONTOUR®
THE POWER IN PERMANENT BEAUTY

## Atvinna

### Bakari óskast

Sauðárkróksbakarí óskar eftir bakara í fullt starf. Okkur vantar að fá góðan bakara eða nema. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa áhuga og metnað.

Upplýsingar veitir Róbert Óttarsson í síma 6960700 eða með tölvupósti saudarkroksbakari@gmail.com

### Kokkur

Gott veitingahús vantar góðan kokk. Þarf að hafa stjórnunar og skipulagshæfileika, og vera lipur í mannlegum samskiptum. Gæti orðið meðeigandi. Áhugasamir skili inn nafni, kennit. og símanúmeri á afgr. Fréttablaðsins fyrir 24.09. n.k. merkt **„Góður Kokkur".**

## Til leigu

### Skrifstofuherbergi til leigu

Nokkur skrifstofuherbergi í stærðum **15-25 m²** til leigu. **Hagstætt verð.**
Suðurlandsbraut og við Ármúlann.
Upplýsingar í síma **899 3760**.

## Nám

### Tónlistarskóli FÍH

**Getum bætt við okkur nokkrum nemendur á klassískan gítar og píanó í vetur.**

Uppl. Í síma 5888956
frá kl. 13:00-17:00 eða
netfang julia@fih.is

Lifandi tónlist – Lifandi fólk

## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík


Sverrir Kristinsson

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

### MELALIND 10 - OPIÐ HÚS
### FRÁ KL. 17:00 - 18:00.



Góð 102,6 fm 3ja herbergja íbúð við Melalind í Kópavogi. Íbúðin er merkt 201 og er á annarri hæð. Íbúðin skiptist í hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofu. Sér geymsla er í kjallara. Skipti á stærri eign í Lindahverfi koma til greina.

**Verð kr. 23,9 milljónir.**

**Nánari upplýsingar gefur Hilmar Þór Hafsteinsson löggiltur fasteignasali s: 824-9098**

## Tilkynningar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2010, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. september 2010 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2010, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2010

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

## Fasteignir

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is


Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.


Ásmundur Skeggjason lögg. fast.

### Góð eign gulli betri

### Daltún Kópavogi



Vorum að fá í sölu stórglæsilegt 300 fm einbýlishús á þessum eftirsótta stað. Eignin er í mjög góðu viðhaldi og öll hin snyrtilegasta. Möguleiki er á sér íbúð í kjallara. Verð 64 millj. Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason fasteignasali hjá Höfða S- 8953000.

### Hraunbær 103, eldri borgarar.



Sérlega hugguleg og rúmgóð 68,9 fm 2ja herb. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi fyrir aldraða að Hraunbæ 103. Mikil sameign og þjónusta fyrir eldri borgara er í húsinu.
**Verð 22,9 millj.**

### Stóragerði sérhæð m. Bílskúr.



Falleg og vel skipulögð 131 fm sérhæð á 1. hæð í 3-býlishúsi, ásamt 26,5 fm. bílskúr, alls 157,5 fm. Íbúðin er með sérinngangi. Húsið í góðu ástandi og lóðin er gróin og falleg. ZVel staðsett og áhugaverð eign.
**Verð kr. 35,9 millj.**

### Barðastaðir yfirtaka



Falleg 111 fm. 3ja herb. íbúð á jarðhæð. Íbúðin skiptist í 2 rúmgóð svefnh. flísalagt bað, rúmgóða stofu með skjólgóðri stórri ver-önd út af, gott eldhús og þvottaherb. í íbúð. Hús í góðu ásikomu-lagi og áhv. 24,6 m. í góðum lánum. **Verð 25,9 m.**

### Grundarhvarf einbýli.



Einbýlishús á einni hæð, 112,1 fm., ásamt sérstæðum 42 fm bílskúr, alls 154,1 fm. Húsið skiptist m.a. í 4 svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Stór og gróin lóð. Húsið þarfnast endurnýjunar að innan. Verð kr. 31,9 millj.

# BÓKA LAGERSALA




Allir sem kaupa fyrir **5.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær bækur að gjöf.

**NÝTT KORTATÍMABIL**

## 2 FYRIR 1-dagur á risalagersölu Forlagsins, Fiskislóð 39

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Opið alla virka daga frá kl. 11 til 19 og til **kl. 21 í kvöld!**

Grillaðar pylsur og kókómjólk milli kl. 17 og 19



90% afsláttur

HARÐSKAFI
+ VETRARBORGIN
(INNBUNDNAR)
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 9.480 kr.



33% afsláttur

BERLÍNARASPIRNAR
+ KUÐUNGAKRABBARNIR
+ Á GRÆNUM GRUNDUM
**Nú: 4.980 kr.**
Verð áður: 7.470 kr.



74% afsláttur

NÝTT TUNGL + LJÓSASKIPTI
(INNBUNDNAR)
**Nú: 2.240 kr.**
Verð áður: 8.480 kr.



79% afsláttur

ÖLDUNGURINN
+ ERAGON
**Nú: 1.790 kr.**
Verð áður: 8.380 kr.



75% afsláttur

BLÁIR SKÓR OG HAMINGJA
+ FULLUR SKÁPUR AF LÍFI
**Nú: 990 kr.**
Verð áður: 3.960 kr.



87% afsláttur

DAUÐI TRÚÐSINS
+ TÍMI NORNARINNAR
**Nú: 1.240 kr.**
Verð áður: 9.360 kr.



72% afsláttur

Í NÆTURGARÐI - ALLIR UM BORÐ Í NINKÝ NONK! + FÍNA BLÓMIÐ!
**Nú: 790 kr.**
Verð áður: 2.780 kr.



79% afsláttur

MAX FER Á LEIKVÖLLINN
+ MAX FER Í FELULEIK
**Nú: 590 kr.**
Verð áður: 2.790 kr.



90% afsláttur

ARTEMIS FOWL - SAMSÆRIÐ
+ ARTEMIS FOWL - BLEKKINGIN
**Nú: 590 kr.**
Verð áður: 5.780 kr.



75% afsláttur

EINAR KÁRASON ÚRVALSBÓK
+ HALLDÓR LAXNESS ÚRVALSBÓK
**Nú: 2.490 kr.**
Verð áður: 9.980 kr.



91% afsláttur

ANNAÐ TÆKIFÆRI
+ ÞRIÐJA GRÁÐA
**Nú: 740 kr.**
Verð áður: 8.070 kr.



50% afsláttur

Í MATINN ER ÞETTA HELST
+ SEINNI RÉTTIR
**Nú: 2.490 kr.**
Verð áður: 4.980 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.



**Elísa Anna**
hefur hafið störf
á snyrtistofunni
**Salon Ritz**
laugarvegi 66.

Gamlir sem nýjir
viðskiptavinir velkomnir.
Salon Ritz snyrtistofa
Laugarvegi 66.
Sími 552-2460

FYRIR 229 KRÓNUR FÆRÐ ÞÚ:



VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU

EÐA



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLARHRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bíó og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild.
Tryggðu þér áskrift í dag!




# Sérherbergi

**BAKÞANKAR**
**Charlotte Bøving**



Í frægri bók Virginiu Woolf, Sérherbergi, slær hún því föstu að nauðsyn sé hverri listakonu að eiga eigið herbergi. Sér rými, þar sem hún getur þróað sitt eigið sjálfstæða samband við lífið og sköpunargáfu sína. Þetta eru augljós sannindi, sem margar konur þurfa enn að berjast fyrir.

**MEÐ** stór og lítil börn á heimilinu og sameiginlega vinnuaðstöðu með eiginmanninum, á ég mér ekkert sérherbergi. Í raun á ég engan heilagan stað, þar sem aðrir fjölskyldumeðlimir geta ekki fiktað, rótað eða aðeins fengið eitthvað lánað. Ég fæ ekki einu sinni að hafa koddann minn óhreyfðan. Eða budduna, sem litlir tveggja ára fingur fara strax að kanna, ef taskan mín lendir á gólfinu. Tölvan er batteríslaus þegar ég opna hana, þótt ég viti að hún hafi verið fullhlaðin tveimur tímum áður. Hjónarúmið verður fyrir árás um nætur af hóstandi börnum, sem helst vilja liggja þversum eða biðja um vatn eða epli í morgunsárið.

**SÉRHERBERGI** er orðið óáþreifanlegur draumur. Og stundum þrái ég aftur litlu klúbb-herbergin, sem ég bjó í á námsárum mínum, þar sem ekki var pláss fyrir annað en rúm og skrifborð og það hugsanlega drasl sem ég skildi eftir á morgnana lá enn á „sínum stað“ þegar heim kom.

**ÞEGAR** maður verður par og eignast fjölskyldu skilur maður eftir hluta af sjálfinu og sameiginlegt líf tekur við. Sameiginlega rýmið, þar sem við deilum öllu – og þegar ég segi öllu, meina ég ÖLLU, líka tannburstum!

**EN** ef þú hefur skilið eftir hluta af sjálfinu þegar þú eignaðist fjölskyldu, hlýtur að vera möguleiki á að finna það aftur, þar sem það var skilið eftir?

**KANNSKI** er sérherbergið til þess; að finna það sem var skilið eftir, það sem varst þú áður en þú varðst hluti af þessu sameiginlega, áður en þú varðst meistari málamiðlunar?

**ÞAÐ** er alltaf hætta á því að þú komir að tómum kofanum fyrst um sinn og veltir því fyrir þér: „Er ekkert eftir sem er bara ég?“ En með tímanum held ég að sérherbergið eigi eftir að sefa óróleikann og mynda jarðveg fyrir þá þróun og sköpun sem Virginia skrifaði um.

**EFTIR** dvöl í sérherberginu stígur maður fram í sameiginlega rýmið heilli og afmarkaðri og reiðubúin í margar kærleiksríkar málamiðlanir.

**ÞAÐ** er draumur minn.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# MESTA ÚRVALIÐ

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl




**OPNUNARTÍMAR**

**Virka daga**
10:00 - 18:30

**Laugardaga**
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

**Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900**

acer · ASUS · hp · lenovo · msi · packard bell · SONY · TOSHIBA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
STONE OVEN PIZZA VERDURA x2
598 KR. 740g
ES PIZZA M. GRÆNMETI 2 x 370g
STONE OVEN PIZZA MARGHERITA x3
698 KR. 900g
ES PIZZA MARGARHERITA 3 x 300g
STONE OVEN PIZZA SALAMI x3
898 KR. 1050g
ES PIZZA M.SALAMI 3 x 350g
PIZZA VESUVIO x3
698 KR. 900g
ES PIZZA M.SKINKU 3 x 300g
Broccoli
Broccoliblanding
Broccoli vegetable mix
298 KR. 1000g
EUROSHOPPER FROSIÐ BROKKOLÍ OG GRÆNMETIS BROKKOLÍBLANDA 1 KG
SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR
SS
40% AFSLÁTTUR
LIFRARPYLSA 461 KR.KG. MERKT VERÐ 768 KR.KG.
BLÓÐMÖR 419 KR.KG. MERKT VERÐ 698 KR.KG.
NÚ ER KOMIÐ HAUST
ÞÁ FER AÐ KOMA KVEF
TAKTU LÝSI !
LÝSI
398 KR. 500ml
129 KR.stk
BÓNUS NÝBAKAÐ BAGUETTE
279 KR.380g
MYLLU SKÚFFUKAKA MEÐ SÚKKULAÐIKREMI 380G
67 KR.500g
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL 500G
BÓNUS
198 KR.1000g
BÓNUS KORNBRAUÐ HEILT KÍLÓ 26 SNEIÐAR
Kristall
79 KR. 1/2 ltr.
Póló
98 KR. 2 ltr.
127 KR.KG
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG
119 KR.385g
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385G
B·K·I Classic
178 KR.250g
BKI KAFFI 250G
Hindbær
259 KR.250g
FROSIN HINDBER 250g
Blåbær
259 KR.250g
FROSIN BLÁBER 250g
Bærblanding
259 KR.350g
FROSIN BERJABLANDA 350g
Jordbær
479 KR.350g
FROSIN JARÐARBER 1200g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTA
KJARNAFÆÐI
1598
KR.KG
KF FRYSTAR LAMBALÆRISSNEIÐAR
Í RASPI - TILBÚIÐ TIL STEIKINGAR
ÍSLANDSLAMB FROSINN HÁLFUR
LAMBASKROKKUR SLÁTRUN 2010
798 KR./KG.
SS
1798
KR.KG
SS GRÍSALUNDIR KONÍAKSLEGNAR
ÍSLANDS LAMB
1798
KR.KG
ÍSLANDSLAMB FERSKAR
LAMBALÆRISNEIÐAR Í RASPI
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA
798
KR.kg
KS FROSINN LAMBABÓGUR NÝSLÁTRUN 2010
239
KR.620g
K.F NÝTT KJÖTFARS 620G
TILBOÐ
FERSKT
GRÍSAGÚLLAS
898
KR.KG
TILBOÐS FERSKT GRÍSAGÚLLAS
Ferskt lambakjöt
1298
KR.kg
KS FERSKT LAMBALÆRI NÝSLÁTRUN 2010
Blandað hakk
BÚRFELL
398
KR.KG
BÚRFELLS FROSIÐ BLANDAÐ HAKK
TILBOÐ
FERSKT
GRÍSASNITSEL
898
KR.KG
TILBOÐS FERSKT GRÍSASNITSEL
ÍSLANDS NAUT
30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAPIPARSTEIK
2098 KR.KG. MERKT VERÐ 2998 KR.KG.
Ali
Grísakjöt
GRÍSAKÓTILETTUR
898
KR.kg
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
898 KR PR KG.
BÓNUS
698
KR.800g
BÓNUS FROSNIR ÝSUBITAR Í RASPI 800g
ISK
698
KR.kg
KS. FROSNIR SALTFISKBITAR /STYRTLUSTYKKI
Grænmetisbuff
998
KR.1 kg
NF FROSIN GRÆNMETISBUFF 1 KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# Hljóðlátt innlegg í baráttuna

Myndlist ★★★★

**Með viljann að vopni – sýning á verkum 27 íslenskra myndlistarkvenna**

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir

**Sýningarstjóri:** Hrafnhildur Schram

Listfræðingurinn og sýningarstjórinn Hrafnhildur Schram hefur verið umsvifamikil á sýningarstjórasviðinu undanfarin ár. Sýning hennar Huldukonur í Þjóðminjasafninu árið 2005 og samnefnd bók vöktu verðskuldaða athygli. Þar dró Hrafnhildur upp mynd af upphafi íslenskra kvenna í myndlist, af menntun þeirra, aðstæðum og auðvitað list þeirra. Nú er það áratugurinn 1970-80 sem er viðfangsefnið, áratugur sem markar annað upphaf kvenna í íslenskri myndlist.

Á þessum tíma náði áratuga gömul kvennabarátta nýjum hæðum. Mikil vitundarvakning átti sér stað og konur einhentu sér í að endurskilgreina heiminn út frá eigin sjónarhóli. Viðfangsefni eins og líkaminn, heimilið, náttúran og samfélagið voru áleitin og það var brýnt að koma kvenlegum sjónarmiðum á framfæri. Þetta endurspeglast á sýningunni í fjölda mynda af konum og daglegu umhverfi þeirra, heimilinu, baráttunni, bæði stétta- og kvennabaráttu og viðhorfi til náttúrunnar.

Sýningin er lágstemmd fyrir augað, sjónrænir miðlar hafa tekið miklum stakkaskiptum síðan þetta var. Hér eru allmörg veggteppi, grafík, málverk, örfáar ljósmyndir og plaköt. Engar kvikmyndir, eru kannski ekki til? Skúlptúrinn er ekki með sem vekur upp spurningar. Hrafnhildur segir í viðtali að höggmyndir ættu skilið sérsýningu, sem er án efa rétt. Sýningin verður þó dálítið flatari fyrir vikið. Rúrí stendur upp úr hvað þetta varðar, tillaga hennar að nýjum þjóðbúningi er klassík að ég tali nú ekki um eyðileggingu gyllta Bensins með öxi. Ljósmyndir af Bens-gjörningnum eru eina verkið sem er utan við salinn og það er miður því það hefði hleypt meira fútti í stemninguna inni í salnum að hafa það inni. Endurgerð á þessum gjörningi er við hæfi á minnst þriggja ára fresti í íslensku samfélagi.

Talandi um fútt þá bjóst ég við meiru af slíku en það var kannski bara ekki til staðar. Íslenskar listakonur frömdu ekki gjörninga á borð við verk t.d. Marinu Abramovich sem sat nakin í listasal á Ítalíu árið 1974 með 72 hluti í kringum sig þar á meðal hnífa og byssu og bauð áhorfendum að gera það við líkama hennar sem þeir vildu.

Hér er nálgunin af allt öðrum toga. Það sem situr í manni eftir að skoða er staða listarinnar í samfélaginu á þessum tíma. Það var sjálfsagt að vefa skoðun sína í veggteppi og líta á það sem öflugt innlegg í baráttuna. En í dag? Já það er einmitt sú spurning sem vaknar. Um leið og sýningin birtir mikilvægi þess að skoða listasöguna okkar sem fæstir þekkja, vekur hún ekki síst spurningar um stöðu kvenna og listakvenna í samtímanum.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Sýning sem kveikir margar tímabærar spurningar um stöðu kvenna, kjörinn vettvangur til umræðu. Trú listakvennanna á kraft listarinnar sem öflugt tæki í samfélagsbaráttunni stendur upp úr.




## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

08.09.10 - 14.09.10




1 Borða, biðja, elska - kilja
Elizabeth Gilbert




2 Vitavörðurinn - kilja
Camilla Läckberg




3 Barnið í ferðatöskunni - kilja
Lene Kaaberbol/Agnete Frills




4 Eyjafjallajökull
Ari Trausti og Ragnar Th.




5 Ranghugmyndin um guð
Richard Dawkins




6 365 hugmyndir til að teikna og mála




7 Spói - Ólafur Jóhann Sigurðsson/Jón Baldur Hlíðberg




8 Ástandsbarnið - kilja
Camilla Läckberg



9 Þegar kóngur kom - kilja
Helgi Ingólfsson



10 Íslandsklukkan - kilja
Halldór Laxness

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



Frumsýning laugard. 9. október kl. 20 - UPPSELT
Fimmtud. 14. október kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
Föstud. 29. október kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
Sunnud. 31. október kl. 20
Laugard. 6. nóvember kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
Sunnud. 7. nóvember kl. 20



GIUSEPPE VERDI

RIGOLETTO

ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
ÞÓRA EINARSDÓTTIR · JÓHANN FRIÐGEIR VALDIMARSSON
JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON · SESSELJA KRISTJÁNSDÓTTIR
BERGÞÓR PÁLSSON · KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR
LÝSING: PÁLL RAGNARSSON · BÚNINGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR
LEIKMYND: ÞÓRUNN SIGRÍÐUR ÞORGRÍMSDÓTTIR
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON · LEIKSTJÓRI: STEFÁN BALDURSSON

WWW.OPERA.IS

SÍMI MIÐASÖLU 511 4200

ÍSLENSKA ÓPERAN

# Álfrún syngur fyrir Dísu

Upptökur hafa staðið yfir að undanförnu á plötu með lögum úr söngleiknum Dísa ljósálfur sem verður frumsýndur í Austurbæ í byrjun október.

Álfrún Örnólfsdóttir, sem fer með hlutverk Dísu, syngur þrjú lög einsömul á plötunni og heita þau Allt er læst, Ljósið og Þriðja lag Dísu. Öll lögin í söngleiknum eru eftir Gunnar Þórðarson en textarnir eru eftir Pál Baldvin Baldvinsson, leikstjóra verksins.

Æfingar á söngleiknum hafa staðið yfir undanfarnar sex vikur. Auk Álfrúnar leika í Dísu ljósálfi þau Esther Talia Casey, Kári Viðarsson, María Þórðardóttir, Sólveig Arnarsdóttir, Steinn Ármann Magnússon og Þórir Sæmundsson. - fb



**VIÐ UPPTÖKUR** Álfrún Örnólfsdóttir og Gunnar Þórðarson við upptökur á plötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslensk verk tilnefnd

Tvær uppfærslur Útvarpsleikhússins eru tilnefndar til PRIX-EUROPA verðlaunanna í ár.

Einfarar eftir Hrafnhildi Hagalín í leikstjórn hennar sjálfrar og hljóðvinnslu Einars Sigurðssonar, er tilnefnt til verðlauna í flokki leikritaraða/framhaldsleikrita. Blessuð sé minning næturinnareftir Ragnar Ísleif Bragason, með tónlist eftir Önnu Þorvaldsdóttur og í leikstjórn Símons Birgissonar og hljóðvinnslu Georgs Magnússonar, er tilnefnt í flokki stakra leikrita en það var frumflutt um síðustu páska.

PRIX-EUROPA er stærsta verðlaunahátíð útvarps- og sjónvarpsefnis í Evrópu. Í ár bárust keppninni 108 útvarpsverk. Aðeins 40 af þeim, frá 35 löndum, hlutu náð fyrir augum dómnefndar, þar af tvö verk frá Rás 1.

Hátíðin verður haldin vikuna 16. til 23. október næstkomandi og verðlaunahafar verða kynntir á lokadegi hennar.



**HRAFNHILDUR HAGALÍN GUÐMUNDSDÓTTIR**



**AMUSEMENT PARKS** Hljómsveitin spilar á Sódómu Reykjavík í kvöld.

# Bresk sveit með tónleika

**Breska indí-rokksveitin Amusement Parks on Fire spilar á Sódómu Reykjavík í kvöld. Hljómsveitin, sem hefur verið starfandi síðan 2004, hefur gefið út fimm EP-plötur og tvær stórar plötur. Sú þriðja, Road Eyes, er væntanleg hjá útgáfunni Filter US í Bandaríkjunum. Fyrsta plata sveitarinnar kom út hjá fyrirtækinu Invada Records sem er í eigu Geoffs Barrow úr Portishead.**

**Sveitin kemur við hér á landi á leið til Bandaríkjanna þar sem hún ætlar í stóra tónleikaferð. Tónleikarnir á Sódómu hefjast klukkan 21 og er miðaverð 1.200 krónur.**



**MÁLVERK** Eitt verkanna á sýningunni.

# Sjálfsmynd í Mosfellsbæ

**Sýning Huldu Vilhjálmsdóttur, Sjálfsmynd/identity/hidden identity, verður opnuð í Listasal Mosfellsbæjar á laugardag klukkan 14. Hulda sýnir þar málverk, teikningar og skúlptúra. Hulda, sem lauk námi frá Listaháskóla Íslands árið 2000, hefur haldið fjölda sýninga hér á landi og erlendis. Hún var til dæmis með grasrótarsýninguna Grasrótin er villt í Nýló og komst í undanúrslit fyrir Carnegie-verðlaunin í fyrra.**

**Sýningin verður opin á afgreiðslutíma Bókasafns Mosfellsbæjar. Aðgangur er ókeypis.**








LANCÔME GJAFADAGAR

Í LYFJU LÁGMÚLA, LAUGAVEGI OG SETBERGI

FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur:**

~ Lancôme snyrtibudda
~ Rénergie Morpholift krem 15 ml
~ Rénergie Morpholift augnkrem 5 ml
~ Rénergie Serum 10 ml
~ Lancôme maskari
~ Color Fever varalitur

**Verðmæti kaupaukans kr. 16.500.-**

Einnig aðrar gerðir kaupauka

LYFJA - Lifið heil

Lágmúla 5 – sími 533-2309
Laugavegi 16 – sími 552-4045
Setbergi – sími 555 2306



* Gildir meðan birgðir endast og á kynningu stendur. Gildir ekki með Bocage og blýöntum.







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| REMEMBER ME | kl. 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE GHOST WRITER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2 M/ ísl. Tali | kl.6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10:20 | L |
| INCEPTION | kl. 10:20 | 12 |
| SHREK SÆLL ALLA DAGA M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 | L |
| STEP UP-3D | kl. 10:20 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 6 | 7 |
| REMEMBER ME | kl. 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI-3D | kl. 6 - 8 - 10:20 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 10 | 12 |
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 8 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 10:10 | 16 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| SCOTT PILGRIM VS THE WORLD | kl. 10:10 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ
SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D LÚX | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.30 | L |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 5.30 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 10.15 | 16 |
| SALT | kl. 10.15 | 14 |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ
SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 5.50 - 8.30 - 10.30 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE FUTURE OF HOPE | kl. 6 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6.15 | L |
| THE HUMAN CENTIPEDE | kl. 10 | 18 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |

BORGARBÍÓ
SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: AFTERLIFE 3D | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE OTHER GUYS | kl. 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 6 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus










LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL 4 | 8 og 10(POWER) | 16 |
| AULINN ÉG 3D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| AULINN ÉG 2D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 4, 8 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 5.50, 8 og 10.15 | 12 |


# Styrktartónleikar Ljóssins

Páll Óskar og Diddú, Raggi Bjarna, Lay Low, Magni og Hera Björk eru á meðal þeirra sem koma fram á styrktartónleikum fyrir Ljósið 22. september í Háskólabíói. Tilefnið er fimm ára afmæli félagsins, sem var stofnað af hópi fólks sem vildi efla endurhæfingu fyrir þá sem greinast með krabbamein.

„Við köllum þetta hátíðarafmælistónleika. Það hefur verið margt að gerast á þessu ári, nú síðast átakið Á allra vörum. Okkur langaði að halda eina hátíð í lokin," segir Erna Magnúsdóttir, forstöðumaður Ljóssins. „Þarna verða ofboðslega flottir listamenn sem gefa vinnuna sína og það verður rosalega mikið lagt í þessa tónleika."



**ERNA MAGNÚSDÓTTIR** Forstöðumaður Ljóssins hvetur fólk til að mæta á tónleikana.

Aðrir listamenn sem koma fram eru Stefán Hilmarsson, Hvanndalsbræður, Karlakórinn Fóstbræður, Soffía og Guðrún Árný Karlsdætur og Guðbjörg Magnúsdóttir. Kynnir verður útvarpsmaðurinn Freyr Eyjólfsson.

Ljósið er til húsa að Langholtsvegi 43 en þar hefur tekist að skapa einstakt andrúmsloft með áherslu á heimilislega stemningu. Framtíðarhúsnæði fyrir starfsemina er forsenda þess að Ljósið geti haldið áfram að blómstra og veita fjölbreytta þjónustu. Allur ágóði af tónleikunum rennur í húsakaupasjóð félagsins. Erna hvetur fólk til að mæta á tónleikana og styrkja gott málefni. Miðar fást á Langholtsvegi 43 eða í gegnum Ljosid.is. **- fb**



**SYSTKINI** Páll Óskar Hjálmtýsson og Diddú stíga á svið á styrktartónleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# 140 myndir frá 29 löndum

**Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, hefst eftir eina viku. 140 kvikmyndir verða sýndar frá 29 löndum. Tvö hundruð erlendir gestir eru væntanlegir.**



**HÁTÍÐIN KYNNT** Hrönn Marinósdóttir lofar glæsilegustu kvikmyndahátíðinni til þessa. Veislan hefst 23. september og stendur yfir í ellefu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, verður haldin í sjöunda sinn dagana 23. september til 3. október. Dagskráin liggur nú ljós fyrir og er hún sú glæsilegasta til þessa með 140 myndum frá 29 löndum.

„Það hafa aldrei verið fleiri myndir en í ár og það er búinn að vera gríðarlega mikill undirbúningur hjá fjölda manns," segir Hrönn Marinósdóttir hjá RIFF. „Þarna verða frábærar myndir, til dæmis myndir sem voru að vinna til verðlauna á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum," segir hún og á þar við myndirnar Attenberg og Silent Souls.

Um tvö hundruð erlendir gestir eru væntanlegir á hátíðina, þar á meðal blaðamenn frá New York Magazine, kvikmyndasíðunum Indiewire.com og Screendaily.com og Jyllands-Posten í Danmörku. Aðilar frá kvikmyndafyrirtækjum á borð við Fortissimo og Magnolia eru einnig á leiðinni til landsins í fyrsta sinn. „Þetta eru miklu fleiri gestir en hafa komið. Ég veit ekki hvort það er hagstætt gengi krónunnar eða eitthvað annað en við höfum fundið fyrir miklum áhuga hjá fólki í kvikmyndabransanum," segir Hrönn.

Þessi sjöunda RIFF-hátíð leggst vel í hana enda hefur hátíðinni vaxið fiskur um hrygg undanfarin ár. Á fyrstu hátíðina mættu um þrjú þúsund manns en í fyrra voru gestirnir um 22 þúsund talsins. „Það er oft sagt að sjöunda árið sé mikilvægt ár á kvikmyndahátíðum. Þetta er kannski svipað og með hjónabandið. Þarna kemur í ljós hvort það gengur eða gengur ekki," segir hún og hlær.

Alls verða um 350 kvikmyndasýningar á þessum ellefu dögum sem hátíðin fer fram. Þá verða fimm málþing haldin, sjö masterklassar og umræður, fernir tónleikar og átján sérviðburðir. Myndunum er skipt niður í fjórtán mismunandi flokka en þar ber hæst Vitranir þar sem tólf myndir keppa um aðalverðlaunin, Gyllta lundann. Einn flokkur á hátíðinni er nýr af nálinni og nefnist hann Betri heimur. Þar verða sýndar myndir sem fjalla um mannréttindamál. 28 íslenskar myndir verða einnig sýndar í flokknum Ísland í brennidepli.

Opnunarmynd RIFF í ár er bandaríska gamanmyndin Cyrus með John C. Reilly, Johan Hill og Marisu Tomei í aðalhlutverkum. Heiðursgestur verður bandaríski leikstjórinn Jim Jarmusch.

Miðasala á hátíðina er hafin og fer hún fram í upplýsingamiðstöð RIFF í verslun Eymundssonar í Austurstræti. Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á Riff.is.

freyr@frettabladid.is


FAAS

Í tengslum við alþjóðlega Alzheimersdaginn
býður FAAS til ráðstefnu
á Grand Hóteli laugardaginn 25. september 2010

**Ráðstefnustjóri:** Guðjón Brjánsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands



Jón Snædal



Erla Grétarsdóttir



Halldóra Arnardóttir

| | |
|---|---|
| 9.30-10.00 | Ljúfir tónar og kaffi. |
| 10.00 | Ráðstefnan sett. |
| 10.10-11.30 | FAAS í 25 ár. Stjórnandi: Friðfinnur Hermannsson ráðgjafi hjá Capacent. Umræður um markmið og tilgang félagsins í ljósi reynslu síðasta aldarfjórðungs, núverandi aðstæðna og sjáanlegrar framtíðar. Hver á stefna FAAS að vera á næsta áratug, hvaða áherslur vilja félagsmenn sjá hjá félaginu? |
| 11.30 | Skemmtiatriði. |
| 12.00-13.00 | Léttur hádegisverður í boði FAAS. |
| 13.00 | Vilborg Ingólfsdóttir sviðsstjóri velferðasviðs félagsmálaráðuneytisins ávarpar ráðstefnugesti. |
| 13.15 | Heilabilun - Staða þekkingar. Jón Snædal yfirlæknir á Landakoti. |
| 13.45 | Lífið eftir Alzheimersgreiningu. - Frásagnir 10 sjúklinga. Erla Grétarsdóttir sálfræðingur. |
| 14.15 | Kaffihlé. |
| 14.35 | Lista- og menningarsmiðjur sem hluti af meðferð við Alzheimersjúkdómnum. Halldóra Arnardóttir listfræðingur. |
| 15.10 | Skemmtiatriði og ráðstefnulok. |

*– Munum þá sem gleyma –*

Ráðstefnan er opin öllum velunnurum FAAS (félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga). Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 533 1088 eða á netfangið halldora@alzheimer.is

VESTURPORT KYNNIR:

# HAMSKIPTIN

EFTIR FRANZ KAFKA
LEIKSTJÓRN: GÍSLI ÖRN GARÐARSSON OG DAVID FARR

**TÓNLIST: NICK CAVE OG WARREN ELLIS**

## Einstakt tækifæri, síðustu sýningar!

**Fim. 16/9** **Örfá sæti laus**
**Fös. 17/9** **Örfá sæti laus**



**“Nýstárleg og skemmtileg leiksýning”**Elísabet Brekkan, Fbl

**„Veisla fyrir augað“** Bryndís Schram, pressan.is

**„Svo hrifnir voru áhorfendur að Nick Cave náði ekki að ljúka lokalaginu. Út brutust þvílík fagnaðarlæti að þakið ætlaði af húsinu“** Sigríður Albertsdóttir, DV

**Sýning ársins og leikmynd ársins,** Gríman 2008

★★★★★ The Guardian UK

**“Best International Production of the year”** Sidney Times

**“An 85 minute masterpiece”** The Daily Mail

## MIÐASALAN Í FULLUM GANGI

Hamskiptin í uppsetningu Vesturports hefur farið sigurför um heiminn, nú síðast í Kólumbíu og verður sýnd í Þjóðleikhúsinu í takmarkaðan tíma.

LEIKARAR: ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR, GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, INGVAR E. SIGURÐSSON, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR EGILL EGILSSON

VesturPort

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Miðasala | 551 1200 | leikhusid.is | midi.is**

# sport

sport@frettabladid.is



**100** **ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ** í knattspyrnu er í frjálsu falli undir stjórn Ólafs Jóhannessonar. Ísland féll um heil 21 sæti á nýjum styrkleikalista FIFA og er nú í sæti númer 100. Lægst hefur Ísland lent í 117. sæti er Eyjólfur Sverrisson stýrði liðinu. Lið Ólafs nálgast það sæti óðfluga en Ólafur hefur aðeins stýrt liðinu til sigurs í einum alvöruleik á þrem árum.



**SNILLDARTAKTAR** Cesc Fabregas, Carlos Vela og Emmanuel Eboue fagna einu marka Arsenal í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stórliðin unnu öll í Meistaradeild Evrópu í gær:

## Glæst tilþrif Arsenal

**FÓTBOLTI** Arsenal minnti rækilega á sig í Meistaradeild Evrópu í gær með 6-0 stórsigri á Braga frá Portúgal. Þá vann Chelsea einnig góðan sigur á MSK Zilina í Slóvakíu, 4-1. Bæði lið réttu þar með hlut þeirra ensku í keppninni en Manchester United og Tottenham gerðu bæði jafntefli í sínum leikjum í fyrrakvöld.

Hin stórliðin sem öttu kappi í gær – Real Madrid, AC Milan og Bayern München – unnu 2-0 sigra í sínum leikjum og var því fátt um óvænt tíðindi í leikjum gærkvöldsins. Helst var að Spartak Moskva vann óvænt 1-0 sigur á Marseille í Frakklandi.

Cesc Fabregas sýndi í gær að hann er með hugann við efnið. Hann var sagður á leið til Barcelona í allt sumar og mun hafa farið fram á það við Arsene Wenger knattspyrnustjóra að hann yrði seldur. En allt kom fyrir ekki og það virtist engu máli skipta í gær. Hann átti stórleik – skoraði tvö og lagði upp tvö til viðbótar.

„Mér hefur alltaf liðið frábærlega hér [hjá Arsenal]. Ég er mjög ánægður hér," sagði hann eftir leikinn. Helst varð hann fyrir vonbrigðum að hafa ekki skorað þrennu en hann fékk þó gott tækifæri til þess. „Það er eitthvað sem mér hefur ekki tekist á mínum atvinnumannaferli."

Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, lofaði Nicolas Anelka sem skoraði tvívegis í gær. „Hann spilaði frábærlega, var duglegur að finna svæði og skapa tækifæri. Hann var lykillinn að sigri okkar." - esá

### ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu*

**E-RIÐILL**

**Bayern München - AS Roma 2-0**
1-0 Thomas Müller (79.), 2-0 Miroslav Klose (83.)
**Cluj - Basel 2-1**

**F-RIÐILL**

**Zilina - Chelsea 1-4**
0-1 Michael Essien (13.), 0-2 Nicolas Anelka (24.), 0-3 Anelka (28.), 0-4 Daniel Sturridge (48.), 1-4 Tomas Oravec (55.).
**Marseille - Spartak Moskva 0-1**

**G-RIÐILL**

**AC Milan - Auxerre 2-0**
1-0 Zlatan Ibrahimovic (66.), 2-0 Zlatan (70.).
**Real Madrid - Ajax 2-0**
1-0 Anita, sjálfsmark (31.), 2-0 Gonzalo Higuain (73.).

**H-RIÐILL**

**Arsenal - Braga 6-0**
1-0 Cesc Fabregas, víti (9.), 2-0 Andrei Arshavin (30.), 3-0 Marouane Chamakh (34.), 4-0 Fabregas (53.), 5-0 Carlos Vela (68.), 6-0 Vela (84.).
**Shakhtar Donetsk - Partizan Belgrad 1-0**

# Blikarnir menn eða mýs?

**20. umferð Pepsi-deildar karla fer fram í kvöld. Stórleikur kvöldsins er viðureign KR og Breiðabliks. Fréttablaðið fékk Guðjón Þórðarson til að spá í spilin.**



**BARÁTTA** Það verður ekkert gefið eftir hjá KR og Breiðablik í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FÓTBOLTI** Þegar þrjár umferðir eru eftir af Pepsi-deild karla er sú áhugaverða staða uppi að fjögur lið geta hampað Íslandsmeistaratitlinum. Elstu menn muna vart aðra eins spennu á Íslandsmótinu.

Tvö þessara liða – KR og Breiðablik – mætast í stórleik kvöldsins á KR-vellinum. Blikar eru á toppnum og verða meistarar klári þeir sína leiki. KR verður aftur á móti að vinna til þess að halda lífi í meistaravonum sínum.

„Nú er komið að Blikastrákunum að sýna að þeir séu menn en ekki mýs. Þeir verða að sýna og sanna að þeir séu vaxnir upp í það að berjast um titilinn," segir Guðjón Þórðarson, fyrrum landsliðsþjálfari, en Blikar hafa staðist flest próf í sumar.

„Það var þúfa að þvælast fyrir þeim gegn Haukum. Það var líka sérstakur undirbúningur fyrir þann leik sem líklega truflaði eitthvað. Ég hef séð marga leiki með Blikum í sumar og þeir spila mjög flottan fótbolta. Þeir keyra líka á því sem þeir eru góðir í að gera. Það þurfa þeir að gera í kvöld. Einbeita sér að sjálfum sér. Mín tilfinning er sú að þessum leik muni lykti með jafntefli."

Það er síðan mikill Suðurlandsslagur á Selfossi þegar ÍBV sækir „nágranna" sína heim.

„Þetta er leikur upp á líf og dauða fyrir bæði lið. Selfyssingar hafa sýnt á köflum að þeir geta strítt hverjum sem er. Þá oftar en ekki þegar þeir hafa engu að tapa. Þá koma þeir til baka og sýna af sér djörfung og dug. Það dugar ekki til og Selfoss þarf að ná fullum leik til þess að eiga möguleika gegn ÍBV," segir Guðjón sem telur Selfoss fallið með tapi í kvöld.

„Ég held samt að ÍBV sé of stór biti fyrir Selfoss að þessu sinni. Þegar Eyjamenn sjá hvað er í húfi þá munu þeir setja nógu mikið í leikinn til þess að klára hann."

henry@frettabladid.is



### Jóhannes dæmir í kvöld

Dómari leiks KR og Breiðabliks í kvöld er Jóhannes Valgeirsson. Jóhannes átti ekki góðan dag er hann dæmdi leik FH og Selfoss í síðustu umferð og vekur því nokkra athygli að hann fái stærsta leik þessarar umferðar.

„Það er stundum talað um að Jóhannes dæmi ekki vel í sjónvarpsleikjum. Ég veit ekki hvort það sé rétt. Kannski höndlar hann ekki pressuna. Það er aldrei að vita hvernig hann stendur sig núna. Hann þarf að eiga betri leik núna en í síðasta leik. Það er klárt mál. Hann þarf að eiga jafnari leik og leikurinn má ekki ráðast á dómgæslunni," segir Guðjón Þórðarson en þetta verður annar KR-leikurinn í röð þar sem dómarinn er klárlega undir pressu.

„Jói gerði mistök í síðasta leik og ég vona að leikurinn í kvöld verði þannig að sem fæstir taki eftir því sem hann gerir."

### Leikir kvöldsins:

KR - Breiðablik
Selfoss - ÍBV
Keflavík - Valur
Fylkir - Grindavík
Haukar - Fram

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | **19** | **11** | **4** | **4** | **41-22** | **37** |
| ÍBV | 19 | 11 | 3 | 5 | 31-22 | 36 |
| **FH** | **19** | **10** | **5** | **4** | **36-26** | **35** |
| KR | 19 | 10 | 4 | 5 | 38-25 | 34 |
| **Fram** | **19** | **8** | **5** | **6** | **31-29** | **29** |
| Valur | 19 | 7 | 7 | 5 | 31-33 | 28 |
| **Stjarnan** | **19** | **6** | **6** | **7** | **37-36** | **24** |
| Keflavík | 19 | 6 | 6 | 7 | 20-25 | 24 |
| **Grindavík** | **19** | **5** | **5** | **9** | **23-29** | **20** |
| Fylkir | 19 | 5 | 3 | 11 | 31-39 | 18 |
| **Haukar** | **19** | **2** | **8** | **9** | **25-40** | **14** |
| Selfoss | 19 | 4 | 2 | 13 | 27-44 | 14 |


pepsi deildin

**Fimmtudagurinn 16.sept.**

**Keflavík – Valur** kl. 17:15
*Sparisjóðsv. Keflavík*
**Fylkir - Grindavík** kl. 17:15
*Fylkisvöllur*
**Selfoss – ÍBV** kl. 17:15
*Selfossvöllur*
**Stjarnan – FH** kl. 17:15
*Stjörnuvöllur*
**Haukar – Fram** kl. 17:15
*Vodafonevöllurinn*
**KR – Breiðablik** kl. 17:15
*KR-völlur*


### Góðir saman

**Leikir þar sem Guðjón og Kjartan hafa verið saman í byrjunarliðinu:**
Stjarnan (úti): 2-2 jafntefli
Selfoss (úti): 3-0 sigur
*Stjarnan (heima): 3-1 sigur
Fram (heima): 2-1 sigur
Fylkir (úti): 4-1 sigur
ÍBV (úti): 4-2 sigur
* Björgólfur byrjaði líka.
**Samantekt:**
5 sigrar í 6 leikjum
16 stig af 18 mögulegum
18 mörk eða 3,00 í leik.

### Munur eftir þjálfurum

**Undir stjórn Loga Ólafssonar:**
Leikir: 11
Mörk: 4
Guðjón: 5 leikir/2 mörk
Kjartan: 11 leikir/2 mörk

**Undir stjórn Rúnars Kristinssonar:**
Leikir: 8
Mörk: 12
Guðjón: 6 leikir/6 mörk
Kjartan: 8 leikir/6 mörk

Tveir leikmenn eru óstöðvandi í sóknarleik KR þessa dagana:

## Rúnar veðjaði á Guðjón og Kjartan og uppskar ríkulega



**FÓTBOLTI** KR-ingar hafa fyrir löngu sagt skilið við neðri hluta Pepsi-deildarinnar og eru komnir á fullt í baráttuna um Íslandsmeistaratitilinn. Liðið hefur tekið stakkaskiptum með komu Rúnars Kristinssonar í brúna og það eru einkum tveir leikmenn sem hafa sprungið út undir hans stjórn.

Ein stærsta og áhrifamesta breytingin sem Rúnar gerði á KR-liðinu var að setja markakóng síðustu leiktíðar og 30 marka mann síðustu tvö tímabil, Björgólf Takefusa, á varamannabekkinn.

Rúnar hefur veðjað á að nota frekar Guðjón Baldvinsson og Kjartan Henry Finnbogason með Óskari Erni Haukssyni í þriggja manna framlínu liðsins.

Þeir Kjartan Henry og Guðjón hafa svarað kallinu með því að raða inn mörkum í sigurgöngu KR-liðsins og Óskar Örn hefur komið að undirbúningi tíu marka KR-liðsins síðan Rúnar tók við.

Björgólfur Takefusa hefur fengið takmarkan spilatíma undir stjórn Rúnars (aðeins 2 sinnum í byrjunarliðinu í 8 deildarleikjum) og hefur aðeins skorað eitt deildarmark síðan Rúnar tók við. Hann hafði skorað 5 mörk í fyrstu 11 leikjunum undir stjórn Loga.

Það er hins vegar aðra sögu að segja af markaskorun Guðjóns og Kjartan Henrys. Kjartan Henry hefur skorað í síðustu sex deildarleikjum sínum og í Vestmannaeyjum skoraði Guðjón sína þriðju tvennu í sex leikjum sínum undir stjórn Rúnars.

Þeir félagar hafa skorað 12 mörk saman í átta leikjum undir stjórn Rúnars, sex mörk hvor, en gerðu aðeins saman 4 mörk í 11 leikjum undir stjórn Loga Ólafssonar.

Það verður þó að taka inn í myndina að Guðjón Baldvinsson var meiddur stóran hluta af tímabilinu þegar Logi Ólafsson stýrði KR-liðinu en munurinn á Kjartani Henry Finnbogasyni er hins vegar óumdeilanlegur.

KR-ingar hafa fengið 16 af 18 mögulegum stigum út úr þeim sex leikjum í sumar þar sem Kjartan Henry og Guðjón hafa byrjað hlið við hlið í sumar og KR-liðið hefur skorað alls 18 mörk í þessum sex leikjum. Í einum af þeim leikjum var Björgólfur reyndar einnig í byrjunarliðinu.

Logi Ólafsson notaði mikið Kjartan Henry og Björgólf saman einkum vegna meiðsla Guðjóns en sú samvinna skilaði aðeins 11 af mögulegum 24 stigum í hús og KR skoraði bara 15 mörk í 8 leikjum eða 1,9 að meðaltali í leik. - óój


Haltu barnaafmælið hjá okkur
www.keiluhollin.is
KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN
Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00
Pantanir í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 -15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is















**Micha Thyge** Lucy Top, Simone Leggings



**Gemma Marshall** Blackout denim Jacket, Monday Hoodie, Isobel Jeans



**Gabby Maiden** Imagine Hoodie, Olé Tee, Shorty Jeans



**Heiða** Dienstag Shirt

# NÝJA LÍNAN ER KOMIN Í HÚS!

## OPIÐ

Mán-Fim 10-18
Fös 10-20
Lau 10-16

**LAUGAVEGUR 56**
VWWW.NIKITACLOTHING.COM

NIKITA™
REYKJAVÍK

golfogveidi@frettabladid.is



**3.600 URRIÐAR** veiddust í Laxá í Laxárdal og Mývatnssveit á liðnu sumri. Veiðiaukning frá fyrra sumri nam 28 prósent í Mývatnssveit en 14 prósent í Laxárdal.

**110 SENTIMETRA** hængur veiddist í Norðurá fyrir skömmu. Er þetta stærsti lax sem þar hefur veiðst um langt árabil. Laxinn veiddist á staðnum Leggjabrjót og tók Green Butt-túbu.

FLUGAN




## Skylda í boxið

Green Highlander er ein af klassísku flugunum. Hún er dæmigerð stórlaxafluga. Hér er hún hnýtt sem túpa. Reynslan sýnir að flugan veiðir vel bæði á Íslandi og í Rússlandi og er þess vegna alltaf í boxi margra fluguveiðimanna sem hafa víðtæka reynslu af stangveiði hér og erlendis.



**VIÐ GLJÚFRAHYL** Þessi 19 punda hængur veiddist í gær. MYND/ÞRÖSTUR ELLIÐASON

Nýtt met í Breiðdalsá:

## Þúsund laxa múrinn rofinn

Þúsund laxa múrinn verður rofinn í fyrsta skipti í Breiðdalsá í sumar. Þetta hefur legið fyrir um skeið og þegar þetta er skrifað eru komnir á land 985 laxar. Múrinn verður því felldur í dag eða á morgun.

Leigutaki árinnar, Þröstur Elliðason hjá Strengjum, segir veitt út mánuðinn og líklegar lokatölur verði um 1.200 laxar. Stórlaxar veiðast inn á milli en Breiðdalsá hefur fest sig í sessi sem stórlaxaá. - shá

# Veiðihefð Íslendinga mótaðist í maganum

**Arnór Þórir Sigfússon, dýravistfræðingur hjá ráðgjafarfyrirtækinu Verkís, hefur safnað og greint vængi af rúmlega 25 þúsund gæsum síðan 1993. Frá upphafi verkefnisins hefur víðtækt samstarf þróast milli vísinda- og veiðimanna og mikil vitneskja orðið til um veiðistofna.**



**HELSINGJAR Á FLUGI** Veiði á helsingja hefur verið 1.600 fuglar að meðaltali síðan 2003. Meðalveiði á grágæs er 33 þúsund fuglar og þrettán þúsund heiðagæsir. MYND/AP

„Markmið þessara rannsókna er að vakta varpárangur veiðistofnanna en hlutfall unga í veiði gefur vísbendingu um það hvernig varp tegundanna hefur gengið," segir Arnór.

Góð samsvörun er á milli rannsókna á vængjum veiddra fugla og talninga breskra vísindamanna á vetrarstöðvum gæsarinnar í Bretlandi. Þessar rannsóknir gefa góða vísitölu fyrir ungaframleiðslu í stofnunum. Hlutfall unga í grágæsaveiðinni 2008 er það hæsta sem sést hefur og fjórða hæsta í fyrra.

Veiði á grágæs hefur sjaldan verið meiri hérlendis en undanfarin þrjú ár. Fimmtíu þúsund grágæsir og fimmtán þúsund heiðagæsir voru skotnar í fyrra. Arnór segir veiðitölur fyrir grágæsir háar en stofninn virðist standa undir mikilli veiði. Við talningu síðasta haust var stofninn 109 þúsund fuglar, sem er um ellefu prósenta aukning frá 2008. Stofninn er hins vegar talinn tvöfalt stærri. Heiðagæsastofninn var talinn 365 þúsund fuglar síðasta haust og hefur fjölgað gífurlega á undanförnum árum en blesgæs, sem hefur verið friðuð síðan 2006, er í vandræðum. Það er talið eiga rætur að rekja til varpsvæða á Grænlandi en eftir friðun hefur stofninn staðið í stað.



**ARNÓR ÞÓRIR SIGFÚSSON**

Arnór hefur náð góðu samstarfi við veiðimenn hérlendis en rúmlega þrjú þúsund manns ganga til gæsaveiða á hverju hausti. „Ég hef fengið góða innsýn í heim veiðimanna og hef veitt sjálfur í Skotlandi. Það er gaman að bera þetta saman."

Arnór segir að veiðihefð okkar einkennist af því að hér hafi menn löngum veitt til að hafa í sig. „Við erum gjörn á að meta veiði eftir magni. Á Bretlandseyjum er þetta upphaflega sport hefðarmanna sem litu fyrst og síðast til skemmtanagildis veiðanna. Hér er veiðimenningin þó að breytast hægt og bítandi."

svavar@frettabladid.is



**FRÁ SELÁ Í VOPNAFIRÐI** Fimmta árið í röð sem þar veiðist frábærlega. MYND/ORRI VIGFÚSSON

Laxveiði að ljúka víða:

## Stórlax áberandi

Laxveiðiárnar loka nú hver af annarri og niðurstöðutalna úr mörgum ám er að vænta í dag. Fyrir liggur að Elliðaárnar skila góðri veiði, 1164 löxum á móti 880 í fyrra.

Þorsteinn Þorsteinsson á Skálpastöðum, sem heldur saman tölfræði úr 25 völdum ám, segir að Vesturland komi vel út þrátt fyrir vatnsleysi. Norðurland einnig í því tilliti að tveggja ára lax er áberandi. Í Laxá í Aðaldal er fjórði hver lax stórlax. Heildartalan er eitthvað lægri en í fyrra og má rætur þess rekja til Rangánna sem ekki hafa skilað eins mikilli veiði og oft áður. - shá

Víða meira af silungi:

## Sjóbleikjan að sýna batamerki

Á veiðivefnum votnogveidi.is eru gerðir að því skórnir að sjóbleikjuveiði sé að koma til. Það er jú alkunna að menn hafa talið sjóbleikju vera í töluverðri niðursveiflu og kenna menn um ofveiði og hlýnun. Í sumar hefur þó borist talsvert af mjög líflegum sjóbleikjufréttum. - shá

AF BAKKANUM

## Nýr laxastigi opnaður í Selá

Nýr fiskvegur um svokallaðan Efri-foss í Selá í Vopnafirði var opnaður um miðjan ágúst. Með því opnast fyrir allt að 20 kílómetra ný svæði fyrir göngufisk í aðalánni og einnig langa kafla í hliðará Selár sem heitir Selsá. Fyrir fjórum áratugum var gerður laxastigi í Selárfoss, sem er um sjö kílómetra frá sjó og opnaðist við það um 21 kílómetri af nýjum búsvæðum fyrir lax. Sú aðgerð margfaldaði stofnstærð laxins í Selá.

## Myndbönd frá Elliðaánum

Mjög skemmtilegar upplýsingar um lífríki og veiði í Elliðaánum eru á fræðsluvef Orkuveitu Reykjavíkur sem annast umsjón ánna. Þar er meðal annars að finna stutt myndbönd af sextán völdum veiðistöðum í ánum með fróðlegum lýsingum á hverjum stað. Óhætt er að mæla með þessu fyrir þá sem stefna á Elliðaárnar næsta sumar og vilja koma vel undirbúnir til leiks. Skoðið á or.is undir flokknum Umhverfi og fræðsla.


www.svfr.is

**Forúthlutun veiðileyfa fyrir sumarið 2011**

Umsóknarfrestur til að sækja um veiðileyfi í forúthlutun fyrir veiðisumarið 2011 er til 29. september n.k. Í forúthlutun geta allir sótt um veiðileyfi, félagsmenn sem utanfélagsmenn og fyrirtæki.

Skriflegum umsóknum skal skila til skrifstofu SVFR, Háaleitisbraut 68 eða með tölvupósti til svfr@svfr.is eða halli@svfr.is.

**Eftirfarandi ársvæði og tímabil eru til forúthlutunar:**

| | |
|---|---|
| Norðurá I: | 21. júní – 8. ágúst |
| Norðurá II: | 6. júlí – 2. ágúst |
| Hítará I: | 8. júlí – 13. ágúst |
| Laxá í Aðaldal - Nessvæðið: | 1. júlí – 5. sept |
| Laxá í Dölum: | 12. júlí – 10. sept |
| Langá á Mýrum: | 24. júní – 27. ágúst |
| Leirvogsá: | 8. júlí – 2. ágúst |
| Straumar: | 28. júní – 3. ágúst |
| Laxárdalur og Mývatnssveit*: | 29. maí – 31. ágúst |

*Athugið að allt tímabilið er boðið í forúthlutun. Það sem ekki selst í forúthlutun fer í Söluskrá 2010.

Umsóknarfrestur er til 29. september 2010.

SVFR


## Veiðistaðurinn - Langidráttur í Hítará



**AF MÝRUNUM** Umhverfið er stórkostlegt við ána. MYND/BJARNI JÚLÍUSSON

Bjarni Júlíusson, fyrrverandi formaður SVFR, er nýkominn úr Hítará. Sex laxar komu á land, allir úr Langadrætti. Svona lýsir hann aðstæðum við fengsælasta stað árinnar.

„Þetta er langur samfelldur veiðistaður, eins og nafnið reyndar gefur til kynna. Venjulega er hann veiddur vestan frá en það má vel vaða yfir, fyrir ofan veiðistaðinn og alveg þess virði að reyna hann að austanverðu líka.

Sé veitt að vestan, er ágætt að hefja veiðina ofarlega. Þar eru þrír stórir steinar sem mynda eiginlega beina línu í ánni og rétt fyrir utan þá hefst strengurinn. Veiðimenn ættu að halda sig landmegin við þessa steina og kasta varlega á strenginn utan þeirra. Svo veiða menn sig einfaldlega niður allan hylinn.

Í strengnum eru stór grjót og steinar sem mynda strauma og tögl sem laxinn liggur gjarnan í.

Í litlu vatni virðist mest af laxinum liggja ofarlega. Í miklu vatni heldur hann sig gjarnan neðar í grjótunum beint út af bílaplaninu, og jafnvel enn neðar.

Þegar líður á sumarið þá fyllist hylurinn gjarnan af fiski og laxinn stekkur þar og byltir sér ótt og títt. Sennilega er þetta einn mesti „stökk- og sýningarstaður" fyrir laxa á landinu öllu. Stundum er sá silfraði þó sýnd veiði en ekki gefin og margur reynir lengi án árangurs. Svo breytist eitthvað, ský dregur fyrir sólu, vindurinn gárar hylinn og þá er hann á um leið. Þetta er Langidráttur.

# Hártækjadagar

byggtogbúið

## ÖLL HÁRSNYRTITÆKI Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI



**Öll hársnyrtitæki með góðum afslætti en aðeins í nokkra daga.**

Sléttujárn, bylgjujárn, vöfflujárn, hárklippur, krullujárn, nefhárasnyrtar, blásarar, hitaburstar, rakvélar og margt fleira.

**NÝTT KORTATÍMABIL**

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

facebook.com / byggt.og.buid

> **Rainn Wilson**

„Ég hef alltaf verið hrikalega lélegur í venjulegum sápuóperum þar sem ég þarf að segja fullt af bröndurum. Ég kann ekki að segja brandara.“

***Hinn bráðskemmtilegi Rainn Wilson fer með hlutverk í gamanþáttunum The Office, sem eru á dagskrá Skjás eins í kvöld kl. 20.10.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON **HVARF AFTUR TIL BERNSKUNNAR**

## *Jónas Jónasson er konungur útvarpsins*

Ég hef lítið verið gefinn fyrir útvarp nema við uppvask, tiltekt og einstaka kvöld þegar ég skrúfa frá því fyrir slysni. Ég lenti í því síðastnefnda einmitt á mánudag.

Þátturinn sem fangaði mig svo af öllu sem í boði er var Færibandið hans Bubba. Langt er síðan ég hlustaði á hann síðast, fékk óbeit á reiðinni í kringum bankahrunið og pólitísku skítkasti.

Það var helber tilviljun að ég kveikti á úvarpinu í bílnum á mánudagskvöldið. Sat svo hljóður í honum eftir að ég hafði drepið á bílnum og hlýddi á gestinn, útvarpsmanninn Jónas Jónasson.

Ég man ekki hvernig viðraði þetta kvöld. En hvort vindar blésu utan bílsins skipti mig engu máli, dimm og róleg rödd Jónasar hélt mér hugföngnum og hlýjum.

Þegar nóg var komið af dvöl minni í bílnum slökkti ég á útvarpinu og hljóp í einu vetfangi upp fjórar hæðir og kveikti á tölvunni til að ná því sem eftir lifði þáttar meðan ég þurrkaði af bókahillum.

Það er fátítt að nokkur þáttur haldi mér við efnið líkt og Færibandið þetta mánudagskvöld. Jónas sagði ekki einasta sérstaklega átakanlegar og opinskáar sögur úr lífi sínu, af svæsnu einelti kennara sinna og jafningja um áraraðir sem rispaði sálarlíf hans strax á unga aldri, miðilsfundum og draugagangi í gamla Útvarpshúsinu.



Það sem ekki síst hélt mér í greipum útvarpsins þetta kvöld var einstakur frásagnarmáti Jónasar; hvernig hann lék samferðamenn sína með þvílíkum tilþrifum að unun var að og sagði leikhljóð á borð við „hurð lokast“ á þann veg að leikmunir voru óþarfir. Þess á milli, á dramatískum hápunktum, þagði hann svo þungu hljóði að spennan varð óbærileg. Þegar þættinum lauk kom það mér á óvart, að ég hlakkaði til að þurrka af fleiri hillum eins fljótt og unnt var með skrúfað frá útvarpinu. Slíka tilfinningu hafði ég ekki fundið áður.

## FIMMTUDAGUR



▶ **17.00** KR - Breiðablik
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.30** Football Legends
STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.35** Parks & Recreation
SKJÁREINN



▶ **20.50** Bræður og systur
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** You Don't Mess With The Zohan
STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.25 Fólk og firnindi - Flökkusál** (4:4)
**16.30 Kiljan** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Herbergisfélagar** (7:13)
**17.50 Herramenn** (40:52)
**18.00 Skoppa og Skrítla** (3:8) (e)
**18.10 Ástarsaga**
**18.25 Bombubyrgið** (2:26) (Blast Lab)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Martin læknir** (2:8) (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.
▶**20.50 Bræður og systur** (71:85) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina og viðburðarikt líf þeirra.
**21.35 Nýgræðingar** (162:169) (Scrubs) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Sporlaust** (4:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Íslenski boltinn**
**23.50 Hvaleyjar** (10:12) (Hvaler) (e)
**00.45 Kastljós** (e)
**01.10 Fréttir** (e)
**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (3:18) Latibær, Scooby-Doo og félagar, Stuðboltastelpurnar
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Gilmore Girls**
**11.00 Sjálfstætt fólk**
**11.45 Logi í beinni**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 NCIS** (13:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (236:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (237:300)
**15.15 The O.C.** (26:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Scooby-Doo og félagar, Stuðboltastelpurnar
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (21:22) Þegar Otto stingur unnustu sína af við altarið býður Bart henni að vera hjá fjölskyldu sinni. Þar með neyðist Marge til að keppa við miklu yngri konu.
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (20:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (17:24)
**20.10 The Amazing Race** (10:11) Þrettánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla.
**20.55 NCIS: Los Angeles** (5:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjallar um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
**21.40 The Closer** (11:15) Fimmta þáttaröð þessarar rómantísku og gamansömu spennuþáttaraðar um Brendu Leigh Johnson.
**22.25 The Forgotten** (9:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.
**23.10 Ameríski draumurinn** (4:6)
**23.55 Þúsund andlit Bubba**
**00.25 Monk** (12:16)
**01.10 Lie to Me** (14:22)
**01.55 The Tudors** (8:8)
**02.50 Don't Come Knocking**
**04.55 NCIS. Los Angeles** (5:24)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**13.20 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.
**15.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**
**15.45 Spænsku mörkin 2010-2011**
**16.30 Veiðiperlur**
▶**17.00 KR - Breiðablik** Bein útsending frá leik KR og Breiðabliks í Pepsí-deild karla í knattspyrnu. Sport 3: Selfoss - ÍBV
**19.00 Liverpool - Steaua** Bein útsending frá leik Liverpool og Steaua í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**21.00 Pepsímörkin 2010**
**22.00 Veiðiperlur**
**22.30 Selfoss - ÍBV** Sýnt frá leik Selfoss og ÍBV í Pepsí-deild karla.
**00.20 KR - Breiðablik** Sýnt frá leik KR og Breiðabliks í Pepsí-deild karla.
**02.10 Pepsímörkin 2010**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Everton - Man. Utd. / HD** Sýnt frá leik Everton og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Arsenal - Bolton** Sýnt frá leik Arsenal og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
▶**20.30 Football Legends - Michael Owen** Í þessum þætti af Football Legends verður farið yfir feril Michael Owen og sá magnaði leikmaður skoðaður í bak og fyrir.
**20.55 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**21.50 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 WBA - Tottenham** Útsending frá leik WBA og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Bollywood Hero** (1:3) (e)
**16.40 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti.
**17.25 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál.
**18.05 Canada's Next Top Model** (6:8) (e)
**18.50 Still Standing** (20:20) (e)
**19.15 Game Tíví** (1:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
**19.45 King of Queens** (17:25) (e)
**20.10 The Office** (4:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið hjá pappírssölufyrirtækinu Dunder Mifflin. Starfsliðið heldur til Niagara Falls þar sem Jim og Pam hafa boðið til brúðkaups. Michael, Dwight og Andy eru að leita að ástarævintýrum með brúðkaupsgestum.
▶**20.35 Parks & Recreation** (20:24) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.
**21.00 House** (4:22) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.
**21.50 Law & Order** (21:22) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.25 In Plain Sight** (13:15) (e)
**00.10 Last Comic Standing** (1:14) (e)
**01.40 Leverage** (15:15) (e)
**02.25 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Fulltrúi Sjóvár um ágreining við réttingamenn og bílamálara.
**21.00 Eitt fjall á viku** Pétur Steingrímsson og föruneyti á fjöllum, fyrri hluti.
**21.30 Eitt fjall á viku** Pétur Steingrímsson og föruneyti á fjöllum, seinni hluti
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **95%** lesenda blaðanna

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




**Allt sem þú þarft...**

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí - júlí 2010.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.55

### NCIS: Los Angeles



Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington sem einnig hafa það sérsvið að rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Forgotten

**Stöð 2 kl. 22.25**

Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um óbreytta borgara sem taka lögin í sínar hendur og klára rannsókn á ákveðnum sakamálum sem lögreglan hefur gefist upp á.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Framtíð lýðræðis
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Bláar nótur í bland
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Þúsundþjalasmiðurinn frá Akureyri
**23.14** Fjölsmiðjan - Vinnusetur fyrir ungt fólk á krossgötum
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Grey's Anatomy** (14:17) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Pretty Little Liars** (3:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard og fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.

**22.35 Mercy** (21:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER. Við fylgjumst með lífi og starfi þriggja kvenna sem vinna saman sem hjúkrunarfræðingar á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**23.20 True Blood** (12:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana.

**00.05 Nip/Tuck** (21:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**00.50 Grey's Anatomy** (14:17)

**01.35 The Doctors**

**02.15 Fréttir Stöðvar 2**

**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Vicar of Dibley **12.30** Vicar of Dibley **13.05** The Green, Green Grass **13.35** The Green, Green Grass **14.05** Lab Rats **14.35** Lab Rats **15.05** Waterloo Road **15.55** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** After You've Gone **18.00** How Not to Live Your Life **18.30** Whose Line Is It Anyway? **19.00** Rob Brydon's Annually Retentive **19.30** Kiss Of Death **20.15** Jonathan Creek **21.10** Come Dine With Me **21.35** The Jonathan Ross Show **22.25** EastEnders **22.55** Torchwood **23.45** Kiss Of Death

## DR 1

**12.00** Hvad er det værd? **12.30** Det Søde Sommerliv **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Substitutterne **14.50** Alfred **15.00** Lotte fra Spektakelmagergade **15.30** Cirkeline i Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Sporløs **18.30** Fængslet **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - kassen **21.30** Huslægen **22.00** Så er der pakket **22.30** Boogie Mix **23.20** Godnat

## NRK 1

**12.30** Doktor Åsa **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Berulfsens fargerike **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Schrödingers katt **18.15** Koht på jobben **18.45** Glimt av Norge **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Debatten **20.20** Hjerte til hjerte **21.00** Kveldsnytt **21.15** Spekter **22.00** Rainmakers **22.50** De ukjente **23.50** Blues jukeboks

## SVT 1

**12.15** Fråga doktorn **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Anslagstavlan **15.00** Till Maria **15.15** Vem tror du att du är? **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Mitt i naturen **18.30** Niklas Mat **19.00** Life **20.00** Debatt **20.45** Anslagstavlan **20.50** Undercover Boss **21.40** The Seventies **22.10** Uppdrag Granskning **23.10** Nurse Jackie **23.40** Uppdrag Granskning




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Þessa vikuna hef ég verið að hlusta Senior, nýju plötuna frá Röyksopp. Er samt enn þá að meta hvort hún sé góð eða vond. En á föstudögum kemst aðeins töff og kúl á fóninn þar sem föstudagar eru töff og kúl dagar á J&L.“*

Gunni Thorvalds, grafískur hönnuður.

# Drukku sextán þúsund bjóra

Sextán þúsund bjórar voru drukknir á Októberfest Háskóla Íslands á síðasta ári og verða þeir vafalítið ekki færri í ár. Hátíðin núna verður haldin fyrr en venjulega, eða 23. til 25. september. Ástæðan er meðal annars hið slæma veður sem hefur verið á hátíðinni undanfarin ár.

„Í fyrra lentum við í stormi og áttum í miklum erfiðleikum með að halda tjaldinu niðri. Við þurftum að færa tjaldið við hliðina á aðalbyggingunni og umkringja það með rútum til að takmarka vindinn. Þetta voru mikil átök,“ segir Jens Fjalar Skaptason, formaður Stúdentaráðs. „Við ætlum að freista þess að ná betra veðri í ár.“

Dagskrá hátíðarinnar hefst á Ring Rokk-tónleikunum fimmtudaginn 23. september. Þar stíga á svið Hydrophobic Starfish, Of Monsters And Men, Moses Hightower, Ourlives, Benny Crespo´s Gang, Árstíðir, Lára Rúnars, Mammút og 200.000 naglbítar.

Á meðal fleiri viðburða á hátíðinni verður mottu- og búningakeppni, auk þess sem jóðlarar og lúðrasveit láta ljós sitt skína.

Í fyrra mættu 2.500 manns á fimmtudeginum og seldist bjórinn fjórum sinnum upp. Þá seldist upp í forsölu og því má búast við miklum atgangi í miðasölunni sem hefst í dag innan veggja Háskóla Íslands. Armbandið kostar 2.900 krónur. „Við höfum ákveðið að kíkja ekkert á veðurspána strax. Við kíkjum á þetta í næstu viku og vonum það besta,“ segir Jens. **- fb**



**JENS FJALAR SKAPTASON** Formaður Stúdentaráðs vonast eftir góðu veðri á Októberfest í ár. Sextán þúsund bjórar voru drukknir í fyrra.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** glansa, **6.** gjaldmiðill, **8.** sjór, **9.** farvegur, **11.** í röð, **12.** kappsemi, **14.** teygjudýr, **16.** pípa, **17.** stígandi, **18.** óðagot, **20.** tónlistarmaður, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skrifa, **3.** 950, **4.** asfalt, **5.** tímabils, **7.** röndóttur, **10.** er, **13.** fley, **15.** sót, **16.** iðka, **19.** 2000.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** kr, **8.** mar, **9.** rás, **11.** rs, **12.** ákefð, **14.** amaba, **16.** æð, **17.** ris, **18.** fum, **20.** kk, **21.** arma.

**LÓÐRÉTT: 1.** skrá, **3.** lm, **4.** jarðbik, **5.** árs, **7.** rákaður, **10.** sem, **13.** far, **15.** aska, **16.** æfa, **19.** mm.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





## HAUKUR HEIÐAR HAUKSSON: SJALDAN FENGIÐ JAFNGÓÐ VIÐBRÖGÐ

# DIKTA FÉKK KONUNGLEGAR MÓTTÖKUR Í BERLÍNARBORG

„Þetta gekk hreint ótrúlega vel. Maður vissi ekki alveg í hvorn fótinn maður átti að stíga þegar maður kom út,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu.

Hljómsveitin hitaði upp fyrir bresku sveitina The Kooks í Berlín á dögunum fyrir framan um fimm þúsund manns. „Þetta var haldið í stórum garði með graslögðum brekkum. Þetta var ótrúlega flott og fagmennskan í kringum þessa tónleika var eitthvað sem við höfum aldrei kynnst áður, hvorki hérlendis né erlendis,“ segir Haukur. „Það var farið með okkur eins og kónga. Það var farið með okkur hingað og þangað, þarna voru tíu manns í eldhúsinu og flottur matseðill og síðan voru sviðsmenn úti um allt að hlaupa fyrir mann.“

Hann bætir við að tónleikarnir sjálfir hafi verið magnaðir og viðbrögð áhorfendanna rosaleg. „Lítill hluti af fólkinu hafði heyrt í tónlistinni okkar áður en samt var þvílíkt klappað og sungið. Við höfum sjaldan fengið jafngóð viðbrögð.“ Eftir tónleikana brugðu Diktu-menn sér út í garðinn og hlustuðu á The Kooks spila. Þar kom hópur áhorfenda óvænt hlaupandi á eftir þeim og heimtaði eiginhandaráritanir. Einn þeirra félagar ekki hvaðan á sig stóð veðrið.

Þýskur aðdáandi Diktu lét sömuleiðis í ljós ánægju sína með sveitina á Facebook-síðu hennar: „Ég er ánægður með að þið spiluðuð í Berlín í kvöld og kynntuð mig fyrir tónlistinni ykkar. Frábær lög, nýr aðdáandi!“





**SÁTTIR** Strákarnir í Diktu í Berlín hjá veggspjaldi þar sem tónleikarnir voru auglýstir. Sveitin fékk frábærar móttökur á tónleikunum.

Að tónleikunum loknum hitti Dikta strákana í The Kooks og fór með þeim út á lífið. „Það var mjög skemmtilegt. Berlín er afskaplega skemmtileg borg,“ segir Haukur og vill ekkert gefa meira upp um næturævintýri þeirra.

Fram undan hjá Diktu eru tónleikar í Kaupmannahöfn á föstudaginn sem eru haldnir í kynningarskyni fyrir Airwaves-hátíðina sem hefst í október. „Ég hlakka mjög mikið til. Það eru margir Íslendingar í Danmörku og þeir eru lengi búnir að grátbiðja okkur um að spila. Svo bauðst okkur þetta og við stukkum á tækifærið.“

Meira er að gerast hjá þessari vinsælustu hljómsveit Íslands því nýtt teiknað myndband við lagið Goodbye er í vinnslu. Það er gert af fyrirtækinu Miðstræti og er að sögn Hauks með þeim flottari sem hann hefur séð hér á landi. Myndbandið verður frumsýnt í kringum Airwaves-hátíðina þar sem Dikta mun að sjálfsögðu troða upp.

Platan Get it Together verður síðan gefin út í Þýskalandi á snemma á næsta ári og þar geta hinir fjölmörgu nýju aðdáendur sveitarinnar hlustað á Thank You eins oft og þeir vilja, og auðvitað öll hin lögin líka. **freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Travis Barker**, trommari bandarísku rokksveitarinnar Blink 182, var staddur hér á landi á dögunum. Á Twitter-síðu hans má sjá myndir frá ferð hans í Bláa lónið þar sem hann hafði það náðugt með börnunum sínum. Á síðunni lætur hann mjög vel af lóninu og mælir eindregið með því að aðdáendur sínir prófi það einhvern daginn. Barker er á siglingu með skemmtiferðaskipi yfir Atlantshafið og að sjálfsögðu var komið við á Íslandi á leiðinni til Bandaríkjanna.



Í næstu viku verður leikverkið Enron, í þýðingu **Eiríks Örns Norðdahl,** frumsýnt í Borgarleikhúsinu. Höfundur verksins, Lucy Prebble, verður viðstödd frumsýninguna eins og komið hefur fram í fjölmiðlum. Prebble verður hins vegar ekki ein á ferð því með henni í för verður sambýlismaður hennar, Anthony Neilson, en hann er líka vel þekkt leikskáld og er meðal annars höfundur verka á borð við Lík í óskilum og Ófögru veröld.



Aðdáendur **Bubba Morthens** geta nú kosið um bestu lög kappans á Tónlist.is. Ætlunin er að þau sextíu lög sem efst verða í kosningunni verði á nýrri safnplötu sem kemur út fyrir jólin. Allra hörðustu Bubbamenn eru þó ekki á eitt sáttir við úrval laganna sem hægt er að velja úr; margir sakna til að mynda KR-lagsins, frægs lags úr Tópas-auglýsingu og auðvitað Hagkaupslagsins sem Valgeir Guðjónsson reyndar samdi.



**- fb, fgg, hdm**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Finnski hesturinn** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15/10 kl. 20:00 frums U | Lau 30/10 kl. 20:00 4.sýn Ö | Lau 6/11 kl. 20:00 7.sýn Ö |
| Lau 16/10 kl. 20:00 2.sýn Ö | Sun 31/10 kl. 20:00 5.sýn Ö | Fim 11/11 kl. 20:00 8.sýn |
| Lau 23/10 kl. 20:00 3.sýn Ö | Fös 5/11 kl. 20:00 6.sýn Ö | Fös 12/11 kl. 20:00 9.sýn Ö |

**Fíasól** (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 18/9 kl. 13:00 U | Lau 25/9 kl. 15:00 Ö | Sun 3/10 kl. 13:00 Ö |
| Lau 18/9 kl. 15:00 U | Sun 26/9 kl. 13:00 Ö | Sun 3/10 kl. 15:00 |
| Sun 19/9 kl. 13:00 U | Sun 26/9 kl. 15:00 Ö | Lau 9/10 kl. 13:00 |
| Sun 19/9 kl. 15:00 U | Lau 2/10 kl. 13:00 | Lau 9/10 kl. 15:00 |
| Lau 25/9 kl. 13:00 Ö | Lau 2/10 kl. 15:00 | |

**Hænuungarnir** (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 16/9 kl. 20:00 U | Fös 24/9 kl. 20:00 Ö | Lau 2/10 kl. 20:00 |
| Fös 17/9 kl. 20:00 U | Lau 25/9 kl. 20:00 U | Fös 8/10 kl. 20:00 |
| Lau 18/9 kl. 20:00 U | Sun 26/9 kl. 20:00 Ö | Lau 9/10 kl. 20:00 |
| Sun 19/9 kl. 20:00 Ö | Fim 30/9 kl. 20:00 Ö | |
| Fim 23/9 kl. 20:00 Ö | Fös 1/10 kl. 20:00 U | |

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 18/9 kl. 19:00 Ö | Fös 1/10 kl. 19:00 Ö | Sun 17/10 kl. 19:00 Ö |
| Sun 19/9 kl. 19:00 Ö | Lau 2/10 kl. 19:00 Ö | Sun 24/10 kl. 19:00 |
| Fös 24/9 kl. 19:00 U | Sun 3/10 kl. 15:00 Ö | Þri 26/10 kl. 19:00 U |
| Lau 25/9 kl. 19:00 Ö | Fös 8/10 kl. 19:00 Ö | Mið 27/10kl. 19:00 Ö |
| Fim 30/9 kl. 19:00 U | Lau 9/10 kl. 19:00 | |

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 21/10 kl. 20:00 Ö | Fim 4/11 kl. 20:00 Ö | Fös 26/11 kl. 20:00 |
| Fös 29/10 kl. 20:00 Ö | Lau 13/11 kl. 20:00 | |

**Hamskiptin** (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Fim 16/9 kl. 20:00 U | Fös 17/9 kl. 20:00 síð.sýn. Ö |

Leikhúskort
4 miðar á aðeins
9.900 kr.

# Frikki Þór sló í gegn í Toronto

Friðrik Þór Friðriksson er staddur í Toronto þar sem hin árlega kvikmyndahátíð stendur nú yfir. Íslenski leikstjórinn er þar að sýna Mömmu Gógó með Kristbjörgu Kjeld, Hilmi Snæ og Gunnar Eyjólfssyni í aðalhlutverkum. Friðrik sat fyrir svörum eftir frumsýningu myndarinnar á sunnudaginn og virtist hafa nokkuð gaman af ef marka má myndir frá sýningunni. Sá sem stjórnaði spurningaflóðinu var Steve Gravestock, mikill áhrifamaður á Toronto-hátíðinni, en með Friðriki í Toronto er Guðrún Edda Þórhannesdóttir, framleiðandi myndarinnar. Mamma Gógó er ekki eina mynd Friðriks á hátíðinni því Sólskinsdrengurinn er einnig sýndur í heimildarmyndaflokknum.

Mamma Gógó fékk síðan prýðilega dóma í kvikmyndarýnisbiblíunni Variety. Gagnrýnandinn John Anderson segir myndina ekki líta út fyrir að ná mikilli hylli vegna þess hversu stjörnulaus hún er og efnið viðkvæmt. En það sé nú eitthvað sem Friðrik Þór sé vanur að fást við með einstökum hætti. Anderson hrósar sérstaklega Kristbjörgu Kjeld sem hann segir að eigi stórleik í myndinni.

Þá segir Anderson að allt útlit myndarinnar þjóni tilgangi sínum og Ari Kristinsson fær rós í hnappagatið fyrir kvikmyndatökuna. Anderson finnst það einnig vel heppnað að skjóta myndbrotum úr 79 af Stöðinni inn í myndina. „Mamma Gógó mun hreyfa við öllum sem eiga foreldra og öllum sem búast við því að lifa það lengi að þeir verði gaga eins og Gógó.“ **- fgg**



**Í STUÐI Á TORONTO** Friðrik Þór er í miklu stuði á Toronto, hann er þar með tvær myndir: Mömmu Gógó og Sólskinsdrenginn. Hann sat fyrir svörum eftir sýninguna undir styrkri stjórn Steves Gravestock. Guðrún Edda Þórhannesdóttir framleiðandi er með Friðriki Þór í Toronto. NORDICPHOTOS/GETTY


BT
Playstation MOVE
Playstation 3 er komin á hreyfingu!
PlayStation Move stakur pinni
6.999
Sub Controller
5.499
Charger
5.499
PlayStation Move Starter Pack
11.999
Nýir leikir
Kung Fu Rider
6.999
Start the Party
5.999
Sports Champions
6.999
Eyepet
5.999
Tiger Woods 11
11.999
Sims 3
3.999
Spiderman
9.999
NHL 11
11.999
Sega Mega
2.999
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kjartan lærir um Enron

**Kjartan Gunnarsson**, fyrrverandi formaður bankaráðs Landsbankans og framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, er óðum að ná heilsu eftir erfið veikindi. Hann og eiginkona hans, Sigríður Snævarr, hafa verið tryggir viðskiptavinir endurmenntunar Háskóla Íslands, og sækja nú þar námskeið sem ber titilinn Enron. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Borgarleikhúsið, sem um þessar mundir setur upp leikrit með sama titli. Námskeiðið kenna Páll Ásgeir Davíðsson, sérfræðingur í samfélagsábyrgð hjá Eþikos, og Stefán Jónsson, leikstjóri og prófessor við Listaháskóla Íslands.



### Vill skoða hvali

Bandaríski leikstjórinn **Jim Jarmusch** ætlar í hvalaskoðunarferð með bátnum Eldingu þegar hann kemur hingað til lands í tengslum við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, þar sem hann verður heiðursgestur. Jarmusch ætlar að dvelja hér á landi í fjóra daga og var hvalaskoðunarferðin efst á óskalistanum yfir afþreyingu meðan á dvölinni stendur. Eiginkona hans, Sara Driver, verður með honum í för og mun hún svara spurningum í tengslum við sýningu á myndinni You Are Not I sem þau hjónin gerðu saman árið 1981. - fb



## Mest lesið vísir.is

1. Arkitektar móðgast á fundi þingnefndar
2. Sver af sér kynferðislega áreitni
3. Lögmaður sagði mansalsbrandara
4. Óhappabeygjan enn til vandræða á Miklubraut
5. Össur krafði forsetann skýringa á ESB ummælum





